

JÚNÍ 2009

FJÁRMÁLASTJÓRN 50 RÍKISSTOFNANA

SKÝRSLA TIL ALÞINGIS

EFNISYFIRLIT

NÍÐURSTÖÐUR.....	5
1 INNGANGUR	7
2 SAMANTEKT UM STÖÐU STOFNANANNA.....	9
3 YFIRFERÐ UM STOFNANIRNAR.....	13
VIÐAUKAR	25

NIÐURSTÖÐUR

Í ársbyrjun 2009 ákvað Ríkisendurskoðun að gera átak í eftirliti með fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana. Meðal annars var lagt mat á rekstraráætlanir 50 valinna stofnana og hvort líkur væru á að fjárlög ársins héldu. Einnig voru kannaðir vissir þættir innra eftirlits og hvort samdráttur fjárveitinga hefur haft áhrif á magn og gæði þjónustu. Þá var leitað eftir upplýsingum um með hvaða hætti stofnanir hafa undirbúið frekari lækkun fjárveitinga á árinu 2010.

Ríkisendurskoðun telur verulegar líkur á að fjárlög ársins 2009 haldi hjá 28 af þessum 50 stofnunum en ekki að óbreyttu hjá 12 þeirra. Nú í lok júní telur Ríkisendurskoðun ómögulegt að segja til um hvort fjárlög munu halda hjá 10 stofnunum. Fimm stofnanir voru ekki með samþykktar áætlanir í byrjun maí, þ.e. Menntaskólinn á Ísafirði, Listasafn Íslands, Landhelgisgæsla Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Þessi staða er ólíðandi.

Fjárhagsstaða átta stofnana til viðbótar er svo alvarleg að ástæða er til að bregðast tafarlaust við. Verst er hún þó hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Námsmatsstofnun. Uppsafnaður halli þessara stofnana er svo mikill að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með því að skerða þjónustu verulega, veita þeim viðbótarfé eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsroð verkefna. Verði ákveðið að veita stofnunum viðbótarfé er brynt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanna á rekstrarvanda þeirra.

Hjá rúmlega helmingi stofnananna 50 hefur þjónusta nú þegar verið skert en þó yfirleitt ekki grunnþjónusta. Ljóst er að hjá töluverðum hluta stofnananna hefur álag aukist verulega vegna efnahagsástandsins. Spurn eftir þjónustu hefur víða aukist á sama tíma og skera hefur þurft niður vinnu starfsmanna. Af 23 stofnunum sem gera ráð fyrir óbreyttri þjónustu eru 8 með rekstraráætlanir sem ekki eru í samræmi við fjárheimildir.

Almennt eru rekstraráætlanir stofnana sem athugun Ríkisendurskoðunar náði til ágætlega unnar og eftirlit með framgangi þeirra reglulegt. Nokkuð er þó um að tekjuáætlanir hafi ekki staðist á fyrstu þremur mánuðum ársins enda var í einhverjum tilfellum ekki tekið nægilegt tillit til efnahagsástandsins við gerð þeirra.

Hjá töluverðum fjölda stofnana gefa tölur eftir fyrstu þrjá mánuði ársins ekki nægilega rétta mynd af rekstrinum, annars vegar vegna þess að tekjur hafa ekki verið bókaðar nógu reglulega og hins vegar þar sem útgjalda- og

tekjudreifing hefur orðið önnur en áætlað var. Of margar stofnanir nota sjálfar aðra áætlun en þá sem skráð er í fjárhags- og bókhaldskerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þetta.

Að mati Ríkisendurskoðunar eru stofnanir ekki nógu langt komnar við að undirbúa fyrirsjáanlega lækkun fjárveitinga á næsta ári. Ástæðan er að hluta til sú að útgjaldarammar ráðuneytanna liggja ekki fyrir. Að mati Ríkisendurskoðunar ættu ráðuneyti og stofnanir þó að geta hafið vinnu við að meta hvaða áhrif yfirvofandi niðurskurður mun hafa á rekstur stofnana og ákveða til hvaða sparnaðaraðgerða verði gripið. Nokkur fjöldi stofnana hefur þó hafið vinnu við að forgangsraða verkefnum með niðurskurð í huga og er sú vinna alla jafna til fyrirmyndar að mati Ríkisendurskoðunar.

ÁBENDINGAR TIL RÁÐUNEYTANNA

1. Ráðuneyti geri rekstraráætlun ef stofnun skilar ekki

Ríkisendurskoðun telur ólíðandi að stofnanir skili rekstraráætlunum sem ekki rúmast innan fjárheimilda. Ef þörf krefur eiga ráðuneytin að gera raunhæfar áætlanir fyrir stofnanir og leggja fyrir forstöðumenn að fylgja þeim eftir.

2. Stofnanir greiði uppsafnaðan halla sem fyrst

Stofnanir með uppsafnaðan halla umfram 4% af fjárheimild ársins verða að hagræða þannig í rekstri að hallinn verði greiddur upp á árinu.

3. Ábyrgð forstöðumanna verði metin

Nemi uppsafnaður halli stofnunar meira en 10% af fjárheimild ársins ber viðkomandi ráðuneyti að meta ábyrgð forstöðumanns á þeirri stöðu áður en það ákveður hvort henni skuli veitt viðbótarfé.

4. Ráðuneytin gefi skýr fyrirmæli um niðurskurð þjónustu

Mikilvægt er að ráðuneytin gefi þeim stofnunum sem þurfa að minnka þjónustu skýr fyrirmæli um hvernig staðið skuli að slíkum niðurskurði.

5. Tekjuáætlanir verði endurskoðaðar

Ráðuneytin ættu að leggja fyrir stofnanir að endurskoða tekjuáætlanir sínar ef hætta er á að tekjur minnki vegna versnandi efnahagsástands.

6. Bókhald gefi rétta mynd af rekstri á hverjum tíma

Mjög mikilvægt er að bókhald stofnana sé fært reglulega svo eftirlit með framkvæmd fjárlaga sé markvisst. Einkum þarf að tryggja að tekjur séu bókaðar jafnóðum.

7. Ákvörðunum um útgjaldaramma 2010 verði flýtt

Afar brýnt er að hið fyrsta verði teknar ákvarðanir um útgjaldaramma ráðuneyta á árinu 2010.

1 INNGANGUR

Að undanfögnu hefur staða ríkisfjármála breyst til hins verra vegna þrenginga í efnahagslífi landsins. Ljóst er að víða þarf að skera niður í rekstri og beita margvíslegu aðhaldi. Í ljósi þessa ákvað Ríkisendurskoðun að gera sérstakt átak í eftirliti með ýmsum þáttum fjármálastjórnar hjá ráðuneytum og stofnunum.

Hinn 19. mars 2009 sendi Ríkisendurskoðun forstöðumönnum 50 stofnana bréf þar sem fram kom að í ljósi efnahagsástandsins hefði verið ákveðið að kanna sérstaklega fjármálastjórn þeirra. Fram kom að markmið verkefnisins væri að:

- Meta gæði rekstraráætlana og þar með hvort líkur væru á að fjárlög 2009 héldu
- Kanna hvort mótaðar hefðu verið áætlanir um hagræðingu í rekstri og hvort og þá hvaða áhrif hún myndi hafa á magn og gæði þjónustu
- Draga fram upplýsingar um bókhald
- Kanna hvort og þá til hvaða ráðstafana stofnanir hefðu gripið til að bregðast við væntanlegum niðurskurði árið 2010

Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir því hvers vegna Ríkisendurskoðun ákvað að beina sérstaklega sjónum að þessum 50 stofnunum. Val á þeim byggðist á því að eftirfarandi atriði, eftir atvikum eitt eða fleiri, eiga við um þær:

- Mikill uppsafnaður halli
- Hallarekstur um margra ára skeið
- Hátt hlutfall sértekna og/eða markaðra tekna
- Fjárveitingar samkvæmt reiknilíkönum
- Útgreiðslukerfi
- Vænta má mikils álags vegna efnahagsástandsins
- Mikill samdráttur fjárveitinga
- Viðskiptavinir og umbjóðendur þeirra þrýsta á um þjónustu

Spurningalisti var sendur öllum stofnunum í úrtakinu hinn 6. apríl 2009. Þær voru síðan heimsóttar á tímabilinu 14. til 30. apríl. Skrifaðar voru fundargerðir vegna heimsóknanna sem síðan voru sendar forstöðumönnum til yfirlstrar og athugasemda.

Hér á eftir fara samandregin svör stofnananna og stutt en kerfisbundið mat Ríkisendurskoðunar á stöðu hvernar þeirra. Í viðauka eru lengri greinargerðir um hverja og eina stofnun.

2 SAMANTEKT UM STOFNANIRNAR

2.1 ÁÆTLANIR OG FJÁRLÖG ÁRSINS

Fjárveitingar langflestra þeirra stofnana sem úttekt Ríkisendurskoðunar tók til voru svipaðar að krónutölu á árunum 2009 og 2008. Því má segja að um raunniðurskurð hafi verið að ræða í rekstri flestra þeirra því verðlag og laun hækkuðu milli ára. Þó eru nokkur dæmi um að fjárveitingar hafi hækkað að raungildi en þar er einkum um að ræða stofnanir sem voru reknar langt innan fjárveitinga árið 2008 eða fengu ný verkefni á árinu 2009.

Allar stofnanirnar 50 sem fjallað er um í skýrslunni skiluðu rekstraráætlunum fyrir 1. maí 2009. Áætlanir Menntaskólans á Ísafirði, Listasafns Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands höfðu hins vegar ekki verið samþykktar á þeim tímapunkti. Ýmist var þar um að ræða að áætlun væri ekki talin raunhæf eða að hún rúmaðist ekki innan fjárheimilda.

Af hinum stofnununum 45 fengu 17 samþykktar áætlanir sem ekki rúmast innan fjárheimilda. Hallinn er misjafnlega hátt hlutfall af fjárheimild en ljóst er að hjá sumum er staðan mjög alvarleg.

Menntamálaráðuneytið hefur skipað tilsjónarmenn með Hólaskóla og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti vegna fjárhagsvandræða stofnananna. Ástæða kann að vera til að bregðast við með sambærilegum hætti hjá öðrum stofnunum þar sem uppsafnaður halli er verulegur og ljóst að ekki verði unnið á honum innan eðlilegra tímamarka.

2.2 ÁHRIF HAGRÆÐINGAR Á ÞJÓNUSTU

Rúmlega helmingur stofnananna 50 hefur orðið að skerða þjónustu vegna lægri fjárveitinga. Í fæstum tilfellum er þó um grunnþjónustu að ræða en víðast hvar er ljóst að ekki er unnt að skera mikið meira niður án þess að hún skerðist.

Þá er ljóst að í töluverðum hluta stofnananna hefur álag aukist vegna efnahagsástandsins, bæði vegna aukinnar þjónustubarfar en ekki síður vegna færri vinnustunda en áður.

Sérstaka athygli vekur að af 23 stofnunum sem gera ráð fyrir óbreyttri þjónustu voru 8 ekki með rekstraráætlanir í samræmi við fjárheimildir.

2.3 FJÁRMÁLASTJÓRN, BÓKHALD OG INNRA EFTIRLIT

Almennt eru rekstraráætlanir stofnananna ágætlega unnar. Oft fylgja þær leiðbeiningum Fjársýslu ríkisins (FJS) við gerð þeirra, en um helmingur hefur að auki sett sér ákveðnar verklagsreglur um gerð rekstraráætlana. Helst er þó að áætlanir um tekjur mættu vera betri, en aðeins lítill hluti stofnananna metur áhættu tengda tekjuöflun, s.s. vegna breytts efnahagsástands. Við samanburð á rauntölum og tekjuáætlunum eftir fyrstu þrjá mánuði ársins er ljóst að tekjur eru víða undir því sem áætlað hafði verið.

Aðrir þættir rekstrar virðast almennt vera í nokkuð föstum skorðum hjá stofnununum. Mismunandi er hversu oft samanburður milli áætlana og rekstrar er gerður, á einstaka stað fer hann fram oftar en einu sinni í mánuði, hjá ríflega helmingi stofnana mánaðarlega en sjaldnar hjá öðrum. Ekkert samband virðist milli fjárhagsstöðu stofnana og þess hve oft reksturinn er borinn saman við áætlanir.

Í ársfjórðungsuppgjöri FJS fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 segir m.a.:

„Því miður hefur loðað við bókhald fjölmargra ríkisaðila að það hefur ekki verið nýtt sem skyldi til stjórnunar og eftirlits. Jafnvel hefur lítill áhersla verið lögð á að hafa það uppfært frá degi til dags. Á undanförunum mánuðum hafa kröfur til skýrslugerðarinnar aukist til muna með stöðugum fyrirspurnum frá fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sameiginlegt markmið hlýtur að vera bætt og tímanlegri reikningsskil. Ekki er vafi á að reikningsskilin hafa batnað umtalsvert hjá stofnunum hin síðari ár, en betur má ef duga skal.“

Af yfirferð Ríkisendurskoðunar um stofnanirnar 50 er ljóst að gjöld eru yfirleitt færð hratt inn í bókhald. Aftur á móti eru tekjur oft skráðar of seint að mati Ríkisendurskoðunar. Hjá nokkrum hluta stofnananna kom fram að rekstrartölur eftir fyrstu þrjá mánuði ársins gæfu ekki rétta mynda af rekstrinum af tveimur ástæðum. Annars vegar hefðu tekjur ekki verið bókaðar og hins vegar væri dreifing áætlunar í bókhalds- og fjárhagskerfi ríkisins (Orra) önnur en í þeirri áætlun sem stofnun vinnur eftir. Ríkisendurskoðun telur að þessar skýringar séu ófullnægjandi.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum margoft gagnrýnt stofnanir fyrir að tryggja ekki fullnægjandi aðgreiningu milli starfa bókara og gjaldkera. Í riti Ríkisendurskoðunar *Innra eftirlit* frá árinu 1998 segir:

„Lykilverkefnum ásamt valdi og ábyrgð sem þeim fylgir er rétt að deila niður á nægilega marga starfsmenn til að draga úr hættu á mistökum eða misferli. Af þessu leiðir m.a. að aðgreina þarf ábyrgð á meðferð fjármuna og heimildum til útgjalda.“

Hjá u.þ.b. fjórðungi stofnananna 50 er umrædd aðgreining ekki fullnægjandi að mati Ríkisendurskoðunar. Hjá einhverjum þeirra er raunar ómögulegt að koma henni við vegna mikils kostnaðar. Hjá þessum stofnunum þarf að fylgjast sérstaklega vel með bókhaldi og fjárreiðum.

Aðeins hjá þremur stofnunum hefur hættu á sviksemi verið metin sérstaklega, en hjá heldur fleiri hafa viðbrögð við slíkum hugsanlegum brotum verið skilgreind.

2.4 UNDIRBÚNINGUR VEGNA LÆGRI FJÁRVEITINGA 2010

Stofnanirnar eru almennt ekki komnar nógu langt við að undirbúa fyrirsjáanlega lækkun fjárveitinga á árinu 2010. Að hluta til ræðst þetta af þeirri óvissu sem ríkir um útgjaldaramma ráðuneytanna. Sumar stofnananna eru þó lengra komnar í þessum undirbúningi en aðrar og sumar jafnvel þó ráðuneytin hafi ekki óskað eftir tillögum um lækkun útgjalda. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn ráðuneyta og skil rekstraráætla segir eftirfarandi og er ástæða til að áréttu það hér:

„Til að undirbúa væntanlega lækkun fjárveitinga á árinu 2010 telur Ríkisendurskoðun að ráðuneyti og stofnanir eigi nú að sameinast um að meta væntanleg áhrif annars vegar 5% og hins vegar 10% nafnverðslækkunar fjárveitinga milli árana 2009 og 2010 á þjónustu stofnana. Þá ættu stofnanir að gera grein fyrir hvernig slíkri lækkun yrði mætt. Með þessu móti ætti fjárveitingarvaldinu að veitast auðveldara að taka ákvarðanir um niðurskurð.“

Ljóst er að flestar stofnanirnar hafa þegar hagrætt töluvert í sínum rekstri. Þar hefur einkum verið litið til ferðakostnaðar og risnu, en mestu munar um takmörk á yfirvinnu, sem eru í gildi hjá rúmlega helmingi stofnanna. Grunnlaun hafa almennt ekki verið lækkuð nema forstöðumanna og sumsstaðar einnig annarra æðstu stjórnenda og ekki hefur verið samið um lækkun starfshlutfalls. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um að ráða ekki í stöður sem kunna að losna hjá verulegum hluta stofnananna.

Margar þeirra stofnana sem úttektin náði til hafa þegar hafið vinnu við að forgangsraða verkefnum með yfirvofandi niðurskurð í huga. Áriðandi er að þeirri vinnu verði haldið áfram og að þær stofnanir sem ekki hafa lagt í slíka vinnu geri það án frekari tafa.

3 YFIRFERÐ UM STOFNANIRNAR

Sem fyrr greinir var markmið úttektar Ríkisendurskoðunar að:

- Meta líkur á að fjárlög 2009 haldi
- Kanna hvaða áhrif hagræðing í rekstri hefur á þjónustu stofnana
- Draga fram upplýsingar um bókhald stofnana
- Kanna ráðstafanir stofnana til að bregðast við frekari niðurskurði

Eftirfarandi er umfjöllun Ríkisendurskoðunar um hverja stofnun. Í henni er litið til fyrrgreindra fjögurra meginatriða og síðan sett fram heildarniðurstaða um stöðu hversrar stofnunar og hvort talin er þörf á einhverjum aðgerðum til að styrkja stöðuna. Röð stofnana í umfjölluninni er sú sama og í fjárlögum.

Ástæða er til að taka fram að við mat á líkum þess að fjárlög ársins 2009 haldi hefur fullt tillit verið tekið til millifærslna fram til 1. júní 2009 og ónýtttra fjárheimilda og uppsafnaðs halla stofnana fyrri ára, enda segir í 37. grein laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:

„Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“

Eins ber að nefna að í langflestum tilfellum taldi Ríkisendurskoðun færslu bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur viðunandi. Þar er átt við að einhverjar athugasemdir eru gerðar en engar alvarlegar.

Rökstuðningur fyrir mati er aðgengilegur í greinargerðum um hverja og eina stofnun í viðauka.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Halda fjárlög ársins 2009?

Hugsanlega

Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa

Óbreytt þjónusta

Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur

Viðunandi

Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010

Eru til umræðu

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Halda fjárlög ársins 2009?

Ekki að óbreyttu

<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 19 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 4,8% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 17 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 5,9% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-210 Háskólinn á Akureyri

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 89 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 6,5% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 265 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 47,7% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita stofnuninni viðbótarfé er brynt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvanda hennar. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
-----------------------------------	-------------------------

<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 77 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 29,4% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita stofnuninni viðbótarfé er brýnt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvanda hennar. Tilsjónarmaður hefur verið skipaður með rekstri stofnunarinnar.

02-223 Námsmatsstofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 25 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 19,7% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita stofnuninni viðbótarfé er brýnt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvanda hennar. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

02-305 Menntaskólinn við Sund

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Rekstraráætlun stofnunarinnar hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að skólinn muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með 77 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 8,6% af fjárheimild. Mikilvægt er að hallinn verði greiddur sem fyrst. Tilsjónarmaður hefur verið skipaður með rekstri stofnunarinnar.

02-352 Flensborgarskóli

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með 30 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 6,3% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-363 Framhaldsskólinn að Laugum

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
-----------------------------------	-------------------------

<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með 7 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 4,5% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-907 Listasafn Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Rekstraráætlun stofnunarinnar hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að stofnunin verði með 15 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 9,1% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-982 Listir, framlög

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Eru til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að liðurinn muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

04-215 Fiskistofa

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

04-234 Matvælastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

04-401 Hafrannsóknastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

04-405 Veiðimálastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

06-106 Þjóðskrá

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

06-303 Ríkislögreglustjóri

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Án athugasemda</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Rekstraráætlun stofnunarinnar hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

06-398 Útlendingastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni nýta ónýtta fjárheimild til fulls á árinu.

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

07-400 Barnaverndarstofa

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Án athugasemda</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

07-980 Vinnumálastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-305 Lýðheilsustöð

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni nýta ónýtta fjárheimild til fulls á árinu.

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

08-373 Landspítali

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með 1.622 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 4,9% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

08-397 Lyfjastofnun

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-506 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Ekki að óbreyttu</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin verði með um 453 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009, þ.e. 11,3% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf heilbrigðisráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Taka verður á vandanum tafarlaust.

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
-----------------------------------	-----------

<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni nýta ónýtta fjárheimild til fulls á árinu.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Til umræðu</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-745 Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

08-761 Heilbrigðisstofnun Pingeyinga

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>

<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Rekstraráætlun stofnunarinnar hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði innan viðmiðunarmarka.

09-262 Tollstjórinn

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Órætt</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

14-241 Skógrækt ríkisins

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Óbreytt þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Hugsanlega</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Rekstraráætlun stofnunarinnar hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok verði innan viðmiðunarmarka.

14-412 Veðurstofa Íslands

<i>Halda fjárlög ársins 2009?</i>	<i>Já</i>
<i>Áhrif hagræðingar á þjónustu fram til þessa</i>	<i>Minni þjónusta</i>
<i>Færsla bókhalds, innra eftirlit og verklagsreglur</i>	<i>Viðunandi</i>
<i>Aðgerðir vegna lægri fjárveitinga árið 2010</i>	<i>Tillögur í mótun</i>

Gert er ráð fyrir að stofnunin muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

VIÐAUKAR

Í greinargerðunum hér á eftir er tilgreint hvað hver stofnun hefur til ráðstöfunar á árinu 2009. Gengið er út frá gjöldum umfram sértekjur samkvæmt fjárlögum ársins. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur. Það sem eftir stendur er fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar kemur uppsafnaður tekjuafgangur eða uppsafnaður halli í árslok 2008. Það sem eftir stendur er til ráðstöfunar á árinu 2009.

Í nokkrum tilvikum skiptist eigið fé stofnana annars vegar í almennan höfuðstól, sem endurspeglar stöðu stofnunar gagnvart fjárheimildum, og hins vegar bundið eigið fé, framlag til eignamyndunar, sem tákna að stofnunum er óheimilt að ráðstafa þeim fjármunum í rekstur eða telja til fjárheimilda nema Alþingi hafi heimilað það.

Á móti bundnu eigin fé stendur eignaliður. Sem dæmi má nefna að stofnanir sem hafa mikið fé bundið í birgðum fengu tiltekna fjárhæð samþykktá sem framlag til eignamyndunar og færð undir liðinn „bundið eigið fé“. Fjárhæðin hefur ekki tekið breytingum frá því sem ákveðið var í upphafi og þarf því ekki að endurspegla raunverulega eign á móti eignamyndunarframlaginu.

Í umfjöllun Ríkisendurskoðunar um einstakar stofnanir er ekki tekið tillit til þessa liðar þegar tilgreindur er uppsafnaður tekjuafgangur eða uppsafnaður halli í árslok 2008.

Umfjöllun um hverja stofnun lýkur með ályktun þar sem lagt er mat á hvort rekstraráætlun viðkomandi stofnunar sé í samræmi við fjárheimildir eða ekki og hvort vænta megi samdráttar í þjónustu hennar. Athygli er vakin á því að það sem Ríkisendurskoðun hefur byggt þetta mat sitt á er hvort rekstraráætlun fyrir árið 2009 tekur mið af fjárheimildum stofnananna, sbr. heimild í 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þ.e. að neikvæður höfuðstóll fyrra árs sé greiddur upp á árinu. Stofnanirnar sjálfar hafa að mestu leyti metið áhrif samdráttar á þjónustu.

02-202 TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLANS AÐ KELDUM

1 Inngangur

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Hún heyrir undir menntamálaráðuneyti og starfar eftir lögum nr. 67/1990. Samkvæmt skipuriti greinist hún í fjórar deildir og skipar háskólaráð fimm manna stjórn hennar til fjögurra ára í senn. Ársverk á árinu 2008 voru 50. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 202 m.kr. Til viðbótar eru komnar 6 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 208 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 1 m.kr. Þær 207 m.kr. sem eftir standa verða fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 8 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 199 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	127	141	150	178	197
Afgangur / halli ársins	-3	-3	-20	0	-6
Hlutfall af fjárheimild ársins	-2,0%	-2,3%	-13,6%	0,1%	-2,9%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með gerð hennar og er hún unnin í samráði við yfirmenn þriggja fagdeilda. Hún er síðan lögð fyrir forstöðumann og síðan samþykkt formlega af stjórn stofnunarinnar. Rekstraráætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði deildanna. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð. Reynt er að draga úr kostnaði eða auka tekjur. Sértekjur, óvæntar hækkunar á aðföngum og bilanir á tækjum valda helst því að áætlun stenst ekki. Gert ráð fyrir að reksturinn á árinu 2009 skili um 4 m.kr. afgangi sem þýðir að stofnunin verður með um 4 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði eru undir áætlun. Ekki er búist við auknu álagi vegna efnahagsástandsins. Dæmi um kostnað sem fellur á stofnunina og stjórnendur geta ekki haft áhrif á eru fasteignagjöld. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 2 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en aðrar rekstrartekur (af fisksjúkdóma-gjaldi) nema 1 m.kr. samkvæmt fjárlögum 2009. Þá hefur hún sértekjur sem eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Um er að ræða ýmsar rannsóknartekjur en mikið er um innlenda styrki, t.d. frá Rannís, AVS, HÍ og framleiðnisjóði. Óvíst er um styrkveitingar á næstu árum. Ekki hefur verið tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur. Að einhverju leyti er fylgni með sértekjum og kostnaði, t.d. geta tekjur vegna rannsókna á sýnum sveiflast milli ára eftir því hvaða sjúkdómar koma upp hverju sinni og kostnaður því hækkað eða lækkað eftir atvikum. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru ekki í samræmi við áætlun, m.a. vegna þess að eftir er að bóka ýmsar tekjur sem tilheyra mars. Reynt verður að auka sértekjur, m.a. með því að leita nýrra leiða til að sækja um styrki til að fjármagna rannsóknir.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Bókhaldið er fært reglulega og öll viðskipti skráð þegar til þeirra er stofnað. Aðgreining á milli starfa bókara og gjaldkera er eins mikil og mögulegt er. Aðgangurinn er takmarkaður og alltaf rekjanlegur. Tveir starfsmenn samþykkja útgjöld þegar við á. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti. Ekki hefur heldur verið skilgreint verklag um viðbrögð þegar grunur vaknar um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmörkun kostnaðar. Rammasamningar Ríkiskaupa eru nýttir í takmörkuðum mæli. Eins hafa verið sett markmið um lækkingu ferðakostnaðar og risnu. Hvorki er gert ráð fyrir að lækka laun á árinu 2009 né minnka starfshlutfall. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu stofnunarinnar við viðskiptavinum hennar. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur enn ekki beðið stofnunina um tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 en umræða um slíkt er hafin innanhúss. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda á árinu 2010.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Stofnunin gerir hvorki árs- né langtímaáætlun. Að hluta fer fram reglubundið árangursmat innan stofnunarinnar er snertir stigamat fræðimanna. Að mati forráðamanna stofnunarinnar eru boðleiðir á stofnuninni í ágætum farvegi. Stofnunin er í góðum samskiptum við ráðuneytið. Samskiptin eru ekki formleg og fundir ákveðnir eftir þörfum. Ráðuneytið fylgist með því að stofnunin nái markmiðum sínum með þessum fundum og með ársskýrslu stofnunarinnar. Stofnunin fær skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

02-203 RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

1 Inngangur

Raunvísindastofnun Háskólans heyrir undir verk- og náttúruvísindasvið HÍ. Henni er ætlað að stunda grunnrannsóknir í raunvísindum, stuðla að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum sínum, veita kennurum og framhaldsnemendum á þeim sviðum rannsóknaraðstöðu, veita sérfræðiaðstoð og ráðgjöf og sinna fræðslustörfum. Samkvæmt óbirtu skipuriti greinist stofnunin í tvo faglega meginhluta: Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun og Jarðvísindastofnun. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar veitir sameiginlegri skrifstofu hennar forstöðu og sér um daglegan rekstur sameiginlegra mála. Fastir starfsmenn eru um 80 auk um 100 framhaldsnema með tíma- bundna ráðningu og sumarstúdentum. Þá hafa 57 kennarar rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Ársverk árið 2008 voru 121,5. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur 390 m.kr. og verða þau fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 5 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 395 m.kr. Uppsafnaður halli nam 43 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 352 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	219	292	284	364	373
Afgangur / halli ársins	- 17	4	-2	16	-19
Hlutfall af fjárheimild ársins	-7,8%	1,4%	-0,7%	4,4%	-5,1%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin hefur ekki skráðar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar. Við gerð hennar er aðallega horft til launapáttarins en annað áætlað samkvæmt verkefnum sem fjármögnuð eru á ársgrundvelli úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Framkvæmdastjóri vinnur rekstraráætlun fyrir skipulagseiningar stofnunarinnar og kynnir helstu þætti hennar fyrir stjórn. Áætlunin er borin saman við rauntölur og fundað er eftir þörfum um framgang hennar með ábyrgðarmönnum rekstrareininga (stofustjórum og forstöðumönnum). Rekstraráætlun 2009 er um 24 m.kr. lægri en fjárlög og millifærslur sem þýðir að stofnunin verður með 19 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2009. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 10 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru 10% hærra en áætlun, m.a. vegna þess að enn hafa sértekjur (styrkir) ekki skilað sér alveg. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi á stofnunina en fækki verkefnum sem fjármögnuð eru af styrkjum mun verkefnaráðnu fólki fækka í samræmi við það.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en byggir starfsemi sína að verulegu leyti á sértekjum í formi styrkja úr innlendum og erlendum rannsóknarsjóðum og þjónusturannsóknum sem einkum eru fjármagnaðar af rannsóknastofnunum og orku- fyrirtækjum. Þessar tekjur eru að hluta til vegna fastra eftirlitsstarfa. Að öðru leyti tengjast þær einstökum framkvæmdum sem þar sem óvissa gæti verið um framhald. Sértekjur ganga beint í að greiða kostnað. Viðbrögð við samdrætti í fjárveitingum eru til skoðunar. Lögð er áhersla á að afla aukinna fjárveitinga, m.a. með aukinni áherslu á erlent samstarf og sókn í erlenda vísindasjóði.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar í Orra og er fullnægjandi aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera. Stofustjórar skrifa upp á reikninga og framkvæmdastjóri staðfestir þá. Hann gegnir einnig hlutverki fjármálastjóra. Reikningar eru bókaðir þegar þeir berast og svo sendir FJS. Ekki er notast við rafrænt samþykktarferli né heldur hefur hættu á sviksemi starfsmanna verið metið. Eftirlit er þó haft með slíku.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki skriflegar reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað. Hún reynir hins vegar eins og kostur er að ná hagstæðum viðskiptum og eru rammSAMningar Ríkiskaupa nýttir eftir föngum. Oft er þó bara skipt við einn seljanda varnings. Ferðakostnaður er að langmestu leyti greiddur af styrktarfé. Ekki er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar fyrir árið 2009 með fækkun stöðugilda, breyttu eða óbreyttu vinnuframlagi.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Menntamálaráðuneyti hefur enn ekki óskað formlega eftir því að stofnunin leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 en óformlegar viðræður hafa átt sér stað. Stjórnin telur einnig að grípa þurfi til aðgerða og hafa nokkrar tillögur komið fram. Ekkert hefur þó verið ákveðið. Gert er ráð fyrir niðurskurði kostnaðar árið 2009 og mun það þýða færri verkefni.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki hefur verið gerður árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytis og stofnunar. Ekki fer heldur fram reglubundið árangursmat en vísindamenn stofnunarinnar gangast undir vinnumat HÍ og hafa komið þar mjög vel út. Unnið er að því að bæta boðleiðir innanhúss. Þá eru samskipti við ráðuneytið góð. Það fylgist vel með rekstrarmarkmiðum stofnunarinnar og veitir skjót og góð svör.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 19 m.kr., þ.e. 4,8% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-209 STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

1 Inngangur

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Hún tók til starfa 1. september 2006 við sameiningu fimm stofnana: Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Hlutverk hennar er að sinna rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða hún á. Stofnunin skiptist í sex svið en ekki er til myndrænt skipurit af henni. Fastir starfsmenn eru 46 en ársverk árið 2008 voru 44,4. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur 279 m.kr. og verða þau fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 7 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 286 m.kr. Uppsafnaður halli nam 17 m.kr. í árslok 2008 og má aðallega rekja hann til mistaka við uppgjör bókhalds þegar efnt var til stofnunarinnar haustið 2006. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 269 m.kr.

Í m.kr.	1.09–31.12 2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	78	254	273
Afgangur / halli ársins	15	-23	-11
Hlutfall af fjárheimild ársins	19,2%	-9,1%	-4,0%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin vinnur rekstraráætlun í samræmi við leiðbeiningar FJS og í samráði við menntamálaráðuneyti. Fjármálastjóri hefur hingað til gert áætlun og lagt fyrir forstöðumann en nýr forstöðumaður mun líklega auka afskipti sín af henni. Áætlun er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði og einstök svið. Hún er einnig borin saman við rauntölur með reglulegum hætti og borin mánaðarlega undir forstöðumann. Brugðist er við frávikum eftir atvikum og þá í samráði við ráðuneyti en svigrúm er lítið. Ársfjórðungslega eru haldnir fundir með stofustjórum. Rekstraráætlun 2009 er í takt við fjárlög og millifærslur og verða viðræður fljótlega hafnar við ráðuneytið um uppsafnaðan halla sem verður áfram 17 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru 14,2% hærri en áætlun. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi á stofnunina. Þar sem framreiknaður kostnaður fyrra árs er um 12 m.kr. hærri en áætlun 2009 verður reynt að spara eins og hægt er, t.d. með færri utanlandsferðum og minni eignakaupum.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en byggir starfsemi sína að nokkru leyti á sértekjum í formi styrkja úr rannsóknarsjóðum (samkeppnissjóðum). Þeir ganga beint í að greiða kostnað og eru í samræmi við áætlun. Stofnunin telur að huga þurfi að kostum þess að sækja í meiri styrki. Fyrir stofnunina þýða auknir styrkir aukinn kostnað í formi mótframlaga og aðstöðu styrkþega. Það er því ekki gefið að þeir bæti fjárhaginn þótt þeir auki umsvif og veltu og skili árangri sem er í samræmi við lögbundin markmið stofnunar og hlutverk.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar í Orra og er fullnægjandi aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera. Bókhaldið er fært reglulega og viðskipti skráð þegar til þeirra er stofnað. Fjármálastjóri starfar tímabundið í 70% starfi og samþykkir hann útgjöld. Í sumum tilvikum eru þau borin undir forstöðumann sem vill koma á föstum reglum þar um. Ekki er notast við rafrænt samþykktarferli né heldur hefur hætta á sviksemi starfsmanna verið metið. Lítil hætta er á slíku.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað. Hún reynir eftir föngum að ná fram hagstæðum viðskiptum og nýtir rammasamninga Ríkiskaupa ef hagur er í því. Stofnunin hefur leitast við að draga úr kostnaði vegna ferða erlendis og takmarkaðrar yfirvinnu og hafin er umræða um að forgangsraða í niðurskurði á þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda fyrr en í lok þessa árs þegar eitt stöðugildi losnar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu en umræða um slíkt er hafin á stofnuninni. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi á hana.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki hefur verið gerður árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytis og stofnunar en ársáætlanir (rekstraráætlanir) eru gerðar, þó ekki langtímaáætlanir. Ekki fer fram reglubundið árangursmat en vísindamenn stofnunarinnar gangast undir vinnumat Háskólans. Forstöðumaður ætlar að koma á verkboðhaldi og gera starfsáætlun. Þá vill hann að gerð verði fagleg úttekt á starfsemi stofnunarinnar og að skipurit hennar verði tekið til skoðunar. Unnið er að því að bæta boðleiðir innanhúss. Samskipti við ráðuneytið eru góð. Það fylgist vel með rekstrarmarkmiðum stofnunarinnar og veitir skjót og góð svör.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 17 m.kr., þ.e. 5,9% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-210 HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

1 Inngangur

Háskólinn á Akureyri er mennta- og rannsóknastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneyti. Skólinn rekur Símenntun og Rannsókn- og þróunarmiðstöð, fjórar aðrar rannsóknastofnanir, býður upp á framhaldsnám á meistarastigi og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi. Samkvæmt skipurit skólans greinist meginstarfsemin í hug- og félagsvísindadeild, heilbrigðisdeild, viðskipta- og raunvísindadeild og háskóla-skrifstofu. Ársverk árið 2008 voru 176. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 1.461 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 63 m.kr. og 25 m.kr. vegna RES-orkuskóla. Til viðbótar eru komnar 4 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 1.377 m.kr. sem verða fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 102 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 1.275 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	727	928	970	1.113	1.540
Afgangur / halli ársins	-108	-87	-15	1	234
Hlutfall af fjárheimild ársins	-14,9%	-9,4%	-1,5%	0,1%	15,2%

2 Rekstraráætlun

Fylgt er skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Hún byggir annars vegar á áætluðu kennslumagni, nemendafjölda og kennslugreinum og hins vegar á hefðbundinni áætlanagerð. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður fjármálasviðs hafa umsjón með gerð áætlunar en deildir og háskólaskrifstofa vinna sínar áætlanir sjálf. Áætlunin er lögð fyrir rektor og háskólaráð. Hún er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði og borin saman við rauntölur. Mánaðarleg uppgjör eru lögð fram á framkvæmdastjórnarfundi, kynnt forstöðumönnum stöðdeilda og háskólaráði og brugðist við frávikum eftir þörfum. Sértekjur og erlend innkaup eru helst talin geta valdið því að áætlun standist ekki. Áætlunin er um 13 m.kr. lægri en fjárlög og millifærslur sem þýðir að uppsafnaður halli verður 89 m.kr. í árslok 2009. Skólinn ráðgerir að greiða þennan halla niður á næstu árum. Í heild er rekstur skólans innan áætlunar fyrstu þrjú mánuði ársins 2009. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna fjölgunar nemenda í kjölfar efnahagsástandsins en óskað verður eftir auknu fjármagni vegna þess. Ólíklegt er að óvæntur kostnaður falli á skólann. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 108 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og verður brugðist við því með samdrætti í rekstraráætlun 2009.

3 Tekjur

Háskólinn er með aðrar rekstrartekjur og sértekjur. Þær eru flestar viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu, einkum styrkir og útseld þjónusta. Tekið var tillit til þess með því að áætla tekjurnar hóflega í rekstraráætlun. Fylgni er milli sértekna og kostnaðar, einkum varðandi rannsóknaverkefni. Í lok mars 2009 voru tekjur nokkurn veginn í samræmi við áætlun en þó aðeins hærri. Stofnunin leitar leiða til að auka sértekjur sínar, einkum með umsóknum um erlenda rannsóknastyrki.

4 Fjármálastjórn

Skólinn færir bókhald sitt sjálfur í Orra. Það er fært jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er ekki algjör þó reynt sé að tryggja hana. Fjármálastjóri er í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og að jafnaði árita tveir aðilar reikninga. Hætta á sviksemi hefur ekki verið formlega metin né skilgreint verklag þar að lútandi. Stuðst er við ábendingar Ríkisendurskoðunar og unnið að innleiðingu gæðakerfis sem mun taka á þessum þætti.

5 Sparnaður í rekstri

Innkaupastefna er í gildi, mikið aðhald er í innkaupum og rammamningum Ríkiskaupa fylgt eftir föngum. Ferðakostnaður og risna eru undir ströngu eftirliti. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda árið 2009 né markvissri lækkun launakostnaðar en þak er á yfirvinnu í kennslu og stoðþjónustu og dregið hefur verið úr rannsóknarleyfum. Vonast er til að aukið álag minnki ekki þjónustuna. Forgangsröðun í þjónustuniðurskurði hefur verið rædd í framkvæmdastjórn en samdráttur, s.s. niðurlagning námsleiða, endurspeglast oft ekki fyrr en ári síðar því að skólinn er skuldbundinn út skólaárið.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá menntamálaráðuneytinu en boðað hefur verið til fundar um málið. Umræða um rekstur ársins 2010 er hafin innan stofnunarinnar og til greina kemur að draga úr launakostnaði, námsframboði og stoðþjónustu þó skyr forgangsröðun liggi ekki fyrir. Gert er ráð fyrir niðurskurði á kostnaði og þjónustu og hugsanlega fækkun stöðugilda. Aukin ásókn í námsbrautir skólans mun hafa í för með sér aukið álag á starfsmenn.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er í gildi síðan 2007 en framkvæmd hans var frestað árið 2009 vegna efnahagsástandsins. Stofnunin gerir ársáætlanir og langtímaáætlanir sem eru unnar samhliða rekstraráætlun. Skólinn metur árangur með stigakerfi og gerð var úttekt á starfseminni 2008. Árlegt árangursmat er fyrirhugað og gripið til aðgerða ef þörf er á. Ávallt er verið að bæta boðleiðir. Ráðuneytið fylgist með því hvort skólinn nái markmiðum sínum. Samskipti við ráðuneytið eru góð og oftast berast skjót svör við erindum skólans.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 89 m.kr., þ.e. 6,5% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-216 LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

1 Inngangur

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða. Hann starfar samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Samkvæmt skipuriti skiptist skólinn í þrjár deildir og þrjú svið sem starfa þvert á deildirnar. Ársverk á árinu 2008 voru 122,9. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 551 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 29 m.kr. Það sem eftir stendur eða 522 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 34 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 556 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 265 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 291 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	482	669	575	671	487
Afgangur / halli ársins	-114	99	-40	-58	-150
Hlutfall af fjárheimild ársins	-23,7%	14,8%	-7,0%	-8,6%	-30,8%

2 Rekstraráætlun

Skólinn fer eftir sínum verklagsreglum og leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Rektor ber ábyrgð á henni en rekstrarstjóri vinnur hana í samráði við aðra yfirmenn. Rekstraráætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð. Yfirmenn skólans funda mánaðarlega þar sem fjallað er um framgang rekstraráætlunarinnar. Ekki hefur verið metið formlega hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Rekstraráætlun er í takt við fjárlög og millifærslur en ekki er gert ráð fyrir að skólinn greiði niður uppsafnaðan 265 m.kr. halla frá fyrri árum. Þrátt fyrir það hefur menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 7% hærrí en rekstraráætlun sem gefur tilefni til að skólinn og ráðuneyti taki málið til skoðunar. Gert er ráð fyrir auknu álagi hjá skólanum. Húsaleiga til Fasteigna ríkissjóðs og gengismál vegna rekstrarleigusamninga eru dæmi um kostnað sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á. Framreiknaðar rekstartölur 2008 eru um 125 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Verður brugðist við því, m.a. með lækkingu launa- og sölu eigna.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur skólinn ekki markaðar tekjur. Hins vegar hefur hann aðrar rekstrartekjur sem aðallega eru innritunargjöld og svo sértekjur sem eru aðallega seld þjónusta, framlög, kostnaðarhlutdeild og innritunar- og námskeiðagjöld. Tekjurnar eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru aðeins lægri en rekstraráætlun gerir ráð fyrir, aðallega vegna seinkunar á greiðslum frá landbúnaðarráðuneytinu. Skólinn leitar sífellt leiða til að auka tekjur sínar.

4 Fjármálastjórn

Skólinn færir sjálfur bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax. Rekstrarstjóri skólans er jafnframt fjármálastjóri. Aðgreining er á milli starfa

bókara og gjaldkera og er reynt að fylgja þeirri reglu að tveir skrifi upp á alla reikninga. Til stendur að styrkja fyrirkomulagið með skriflegum verklagsreglum. Skólinn notar rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfseminni. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga en rammisamningar Ríkiskaupa eru nýttir eins og kostur er. Skólinn hefur sett sér markmið að lækka ferðakostnað. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda og með breyttu starfshlutfalli. Þá hafa laun rektors verið lækkuð samkvæmt úrskurði kjararáðs. Fyrirhugað er að selja ýmsar eignir, svo sem hlutabréf í ORF Liftækni. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu stofnunarinnar. Skólinn hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni með formlegum hætti.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að einnig verði að skera niður kostnað á því ári og álag muni aukast. Þeir benda á að ekki er hægt að lækka gjöldin að núvirði nema að leggja niður hluta starfseminnar sem er að stærstum hluta lögbundin.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi og hvorki er gerð ársáætlun né langtímaáætlun. Hins hefur liggur fyrir ítarleg stefnumótun með verkáætlun fyrir árin 2009–2013. Árangursmat innan skólans fer reglulega fram, síðast í janúar 2009. Það nær þó ekki til allrar starfseminnar. Ekki liggja fyrir skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um skólann. Að mati forráðamanna hafa boðleiðir í skólanum verið í ágætum farvegi. Samskipti hans við ráðuneytið eru góð en ekki reglubundin. Ráðuneytið fylgist með því á þeim fundum sem haldnir eru að skólinn nái markmiðum sínum. Skólinn hefur í flestum tilvikum fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Gert er ráð fyrir að 265 m.kr. uppsöfnuðum halla í árslok 2009, þ.e. 47,7% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita viðbótarfé er brýnt að áður liggja fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvandanum. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-217 HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM

1 Inngangur

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum starfar samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með áorðnum breytingum. Starfsemi hans heyrir undir menntamálaráðuneytið og er stjórn hans falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag. Skólanum var skipaður tilsjónarmaður í ársbyrjun 2009 til að tryggja að rekstur ársins 2009 verði í samræmi við fjárlagaheimildir. Í árslok 2008 voru starfsmenn 64 í 57 stöðugildum. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem eru komnar nema gjöld umfram sértekjur 270 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 8 m.kr. Það sem eftir stendur eða 262 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 69 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 193 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	174	263	222	286	405
Afgangur / halli ársins	-72	53	-9	-88	25
Hlutfall af fjárheimild ársins	-41,4%	20,2%	-4,1%	-30,8%	6,2%

2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun er gerð fyrir skólann eftir leiðbeiningum FJS. Rektor hefur umsjón henni en hver deild kemur að gerð hennar fyrir sitt leyti ásamt fjármálastjóra. Áætlunin er brotin niður á einstakar deildir skólans og kostnaðar- og tekjuliði innan þeirra. Yfirstjórn fer vikulega yfir reksturinn og mánaðarlega er borin saman rekstraráætlun og raunkostnaður. Rekstraráætlun 2009 er 8 m.kr. hærrí en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður halli verður 77 m.kr. í árslok. Metið hefur verið hvaða óvissupættir gætu helst haft áhrif á áætlunina. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 130 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist hefur verið við því með ýmsum sparnaðaraðgerðum. Gert er ráð fyrir að uppgjör eldri skulda fari fram á árinu 2009 en fjárlög ársins verða ekki notuð til þess heldur annað framlag úr ríkissjóði. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru um 19% hærrí en rekstraráætlun. Þó telja stjórnendur ekki ástæðu til að grípa til sérstakra ráðstafana að svo stöddu en það verður gert ef nauðsyn krefur. Gert er ráð fyrir auknu álagi hjá vegna efnahagsástandsins og verður leitast við að mæta því m.a. með auknum sparnaði og meiri samskiptum og upplýsingaflæði.

3 Tekjur

Skólinn hefur sértekjur og aðrar rekstrartekjur en ekki markaðar tekjur. Tekjur hans geta verið viðkvæmar út af efnahagsástandinu en ekki hefur verið metið sérstaklega að hve miklu leyti. Fylgni er með tekjum og kostnaði. Ávallt er leitað leiða til að auka tekjur og kemur það m.a. fram í öflun rannsóknarstyrkja og markaðssetningu skólans. Eftir fyrstu þrjú mánuði ársins 2009 voru eru tekjur 8,4 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir og kom það mest fram í framlagi úr ríkissjóði í janúar vegna bleikjukynbóta.

4 Fjármálastjórn

Starfsmenn skólans færir bókhaldið reglulega í Orra þegar gögn um viðskipti liggja fyrir. Styrkir eru þó færðir þegar þeir eru greiddir. Aðgreining er milli starfa bókara

og gjaldkera. Fjármálastjóri er í fullu starfi hjá skólanum. Deildarstjórar, fjármálastjóri og rektor yfirfara og samþykka reikninga og koma minnst tveir að samþykki þeirra. Reikningar eru samþykktir með áritun en rafrænt samþykktarkerfi hefur ekki verið tekið upp. Ekki hefur farið fram formlegt áhættumat á mögulegri sviksemi starfsmanna eða viðskiptamanna. Því hafa verklag eða viðbrögð ekki verið skilgreind ef slíkt skyldi koma upp eða grunur vakna um það.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn nýtir sér rammisamninga Ríkiskaupa en einnig aðrar leiðir ef þær eru hagstæðari. Hann hefur einnig sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmarkun kostnaðar. Nokkrum starfsmönnum verið sagt upp og laun yfirstjórnar verða lækkuð á bilinu 5–7,5%. Einnig hefur nokkrum starfsmönnum verið boðið skert starfshlutfall. Gert er ráð fyrir að aukið álag vegna sparnaðaraðgerða minnki þjónustu óverulega við viðskiptavinum og þá ekki í kjarnastarfsemi. Skólinn hefur skilgreint forgangsöröðun á niðurskurði þjónustu.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki sett formlega fram hvaða niðurskurður verður hjá skólanum árið 2010. Samkvæmt upplýsingum skólans er þó byrjað að huga að því hvernig væri hægt að standa að sparnaði. Þær hugmyndir hafa þó enn ekki verið settar fram skriflega.

7 Stefnumótun og samskipti

Skólinn gerir langtímaáætlun og leitast við að tengja hana rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat fer fram og er þá aðallega fylgst með rekstrarlegum árangri. Ekki er í gildi árangursstjórnunarsamningur við ráðuneytið. Ráðist hefur verið í sérstakar aðgerðir vegna núverandi aðstæðna til að bæta boðleiðir og upplýsingaflæði. Samskipti við ráðuneytið eru góð.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Gert er ráð fyrir 77 m.kr. uppsöfnuðum halla í árslok 2009, þ.e. 29,4% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsöröð. Verði ákveðið að veita viðbótarfé er brýnt að áður liggja fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvandnum.

02-223 NÁMSMATSSTOFNUN

1 Inngangur

Námsmatsstofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneyti. Hlutverk hennar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi svo sem mælt er fyrir í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin niður á þrjú svið. Ársverk árið 2008 voru 16,9. Framlög til stofnunarinnar voru aukin verulega árið 2007 þegar fjárveitingar vegna samræmdra prófa í grunnskóla fóru að renna beint til stofnunarinnar. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 129 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 2 m.kr. Það sem eftir stendur eða 127 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli stofnunarinnar nam rúmri 31 m.kr. í árslok 2008, en í fjárukalögum 2008 fékk stofnunin 52 m.kr. til að vinna á uppsöfnuðum halla. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 96 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	20	36	27	97	171
Afgangur / halli ársins	-18	-31	-18	-1	46
Hlutfall af fjárheimild ársins	-90,6%	-84,5%	-67,0%	-0,6%	26,9%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin vinnur rekstraráætlun eftir leiðbeiningum FJS. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar í samráði við forstöðumann en ábyrgðinni er ekki dreift á svið. Samráð er haft við sviðsstjóra við áætlunargerð. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Hún er borin saman við rauntölur a.m.k. mánaðarlega og málið tekið fyrir á stjórnarfundum 3–4 sinnum á ári. Brugðist er við frávikum, t.d. með niðurskurði á yfirvinnu. Stofnunin er með töluverðan uppsafnaðan halla sem er aðallega tilkominn vegna árána 2004–2006. Ekki hefur verið metið formlega hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Núverandi rekstraráætlun er í samræmi við samkomulag stofnunarinnar við menntamálaráðuneytið en þar er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur niður á 2–3 árum. Stofnunin reiknar með að skila 7 m.kr. afgangi á árinu 2009 og verða 6 m.kr. notaðar til að greiða niður uppsafnaðan halla. Hann verður því 25 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjú mánuðina eru lægri en rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Ekki er vitað hvort álag muni aukast vegna efnahagsástandsins. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 9 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Yfirvinna hefur þegar verið skorin niður og laun forstöðumanns hafa lækkað.

3 Tekjur

Stofnunin fær sértekjur auk þess sem gert er ráð fyrir öðrum rekstrartekjum á árinu 2009. Um er að ræða gjöld vegna prófa í íslensku við veitingu íslensks ríkisborgararéttar. Sértekjur eru vegna sölu á ýmsum greiningarprófum auk greiðslna vegna samninga sem hafa verið gerðir við menntamálaráðuneyti vegna sérstakra verkefna, m.a. í tengslum við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir. Tekjur vegna sölu á prófum eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Fylgni er

með sértekjum og kostnaði. Sértekjur eru lægri en í áætlun fyrir fyrstu þrjá mánuðina. Reynt verður að auka sértekjur með útgáfu nýrra prófa.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhaldið reglulega í Orra. Fjármálastjóri starfar hjá stofnuninni. Stjórnendur telja að kostnaðareftirlit sé fullnægjandi. Fjármálastjóri samþykkir reikninga til greiðslu auk forstöðumanns þegar við á. Ekki er fyrir hendi rafrænt samþykktarferli. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin en þar sem FJS greiðir reikninga er hættan talin minniháttar.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin styðst við rammasamninga en hefur einnig látið bjóða út verk. Ekki hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana vegna ferða og risnu en einungis er farið í nauðsynlegar ferðir. Ekki á að fækka stöðugildum en breyta á vinnuframlagi með því að afnema yfirvinnu. Hugsanlega munu sparnaðaraðgerðir draga úr þjónustustigi en forgangsröðun niðurskurðar hefur ekki verið skilgreind.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki beðið stofnunina um tillögur að frekari samdrætti á árinu 2010 og hún hefur ekki unnið slíka ááætlun. Metið verður sérstaklega hvort ráðið verði aftur í stöður sem losna.

7 Stefnumótun og samskipti

Námsmatsstofnun er ekki með árangursstjórnunarsamning en unnið er í því máli. Stofnunin gerir ársáætlun um verkefni og langtímaáætlanir fyrir ýmis sérverkefni. Þessar áætlanir eru ekki unnar samhliða rekstraráætlun en upplýsingar eru þó nýttar við gerð hennar. Reglubundið árangursmat fer ekki fram en skýrslur eru gefnar út um tiltekin verkefni. Aðgerðir hafa ekki verið skilgreindar ef markmið nást ekki. Ekki hefur verið talin þörf á að bæta boðleiðir. Samskipti við ráðuneyti eru í góð og svör berast yfirleitt fljótt. Stjórnendur telja að fjármálalegt upplýsingaflæði sé ekki nægt í öllum tilvikum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Gert er ráð fyrir 25 m.kr. uppsöfnuðum halla í árslok 2009, þ.e. 19,7% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf menntamálaráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Verði ákveðið að veita viðbótarfé er brynt að áður liggi fyrir mat á ábyrgð forstöðumanns á rekstrarvandnum. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-304 MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík sem heyrir undir menntamálaráðuneyti. Hlutverk skólans er að mestu skilgreint í lögum, þ.e. kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Yfirmaður skólans er rektor og ber hann ábyrgð á innra starfi en konrektor og áfangastjóra eru til aðstoðar við daglega stjórnun. Myndrænt skipurit liggur fyrir en skólinn skiptist niður á tvö meginsvið: Kennslusvið og þjónustusvið. Ársverk árið 2008 voru 100. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram tekjur 726 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 10 m.kr. Það sem eftir stendur eða 716 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur skólans nam um 61 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar er því 777 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	512	565	612	704	752
Afgangur / halli ársins	16	10	-17	16	1
Hlutfall af fjárheimild ársins	3,1%	1,8%	-2,8%	2,3%	0,1%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur að rekstraráætlun eftir leiðbeiningum FJS en einnig er stuðst við skriflegar verklagsreglur. Henni er skipt á fjögur yfirviðföng. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar ásamt forstöðumanni en deildarstjórar og umsjónarmenn skila inn fjárhagsáætlun. Áætlun er brotin niður á kostnaðar- og tekjuliði en innanhússgreining er ítarlegri en kröfur frá FJS. Hún er borin saman við rauntölur og fá deildarstjórar útskrift fyrir sína deild á u.þ.b. tveggja mánaða fresti og bera ábyrgð á að útkoma sé innan áætlunar. Brugðist er við frávikum og krafist skýringar á þeim. Áætlunin er endurskoðuð á milli anna og hnikað til eftir getu og þörfum. Helstu áhættuþættir vegna áætlana eru langtímaveikindi ásamt International Baccalaureate Diploma námi en aðföng eru háð gengisbreytingum. Rekstraráætlun er 69 m.kr. hærrí en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður halli verður 8 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri eru undir áætlun fyrstu þrjá mánuði ársins. Álag mun líklega aukast vegna efnahagsástands. Húsaleiga er dæmi um kostnað sem stjórnendur hafa ekki áhrif á. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 5 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Skólinn hefur rekstrartekjur í formi innritunargjalda og ýmsar aðrar sértekjur. Tekjur vegna öldungadeildar eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Lítil fylgni er með innritunargjöldum og kostnaði en skýr tengsl eru á milli tekna af kennslugjaldi í öldungadeild og skólagjaldi í IB-námi. Sértekjur eru í samræmi við áætlun fyrstu þrjá mánuðina ef undanskilin er aukning sem var ákveðin af ráðuneyti og hefur ekki náðst. Reynt hefur verið að auka sértekjur lítilllega með leigu á kennsluáðstöðu en vegna aukins umsýslukostnaðar er ekki talið hagkvæmt að vinna að verulegri aukningu sértekna.

4 Fjármálastjórn

Skólinn færir bókhaldið sjálfur í Orra. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er ekki fullnægjandi en fjármálastjóri fer yfir færslur eftir á. Bókhaldið er fært reglulega og viðskipti skráð þegar til þeirra er stofnað. Fjármálastjóri er í fullu starfi hjá skólanum. Kostnaðareftirlit er með því móti að rektor staðfestir samþykki sitt með áritun á reikninga og fjármálastjóri ásamt rektor fara reglulega yfir útgjöld. Þó er ekki um rafrænt samþykktarferli að ræða. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur verið metin og rædd en ekki formlega en möguleikarnir eru taldir minniháttar. Farið er vandlega yfir kostnað og innkaup til að fyrirbyggja misnotkun.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn er ekki með innkaupastefnu en nýtir sér rammasamninga og magnkaup. Reynt verður að draga úr ferðakostnaði en þó eru ferðir erlendis vegna IB-náms nauðsynlegar. Ekki er gert ráð fyrir almennum launalækkunum á árinu en möguleikar á fækkun stöðugilda verða kannaðir. Laun rektors hafa lækkað en ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytingar á öðrum fastlaunasamningum. Lítið svigrúm er til að minnka yfirvinnu. Kostnaður mun fyrirsjáanlega falla til vegna langtímaveikinda sem nú verður ekki bættur af ráðuneyti. Forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu hefur verið skilgreind að hluta.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðstafanir fyrir árið 2010 liggja ekki fyrir og menntamálaráðuneytið hefur ekki sent skólanum formlegt erindi um sparnað fyrir það ár.

7 Stefnumótun og samskipti

Menntaskólinn er með gildandi skólasamning við ráðuneyti. Einnig gerir hann ársáætlun í formi almanaksannar. Ekki eru unnar formlegar langtímaáætlanir. Árangursmat er í formi sjálfsmats sem er formlegt, altækt og umbótamiðað. Kallað er á hluteigandi aðila ef þörf er á úrbótum. Ráðuneyti hefur framkvæmt úttektir á sjálfsmati skólans, nú síðast árið 2008, sem hafa komið vel út. Farið er yfir stöðu mála með ráðuneytinu nokkrum sinnum á ári og eru samskipti við það góð.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

02-305 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

1 Inngangur

Menntaskólinn við Sund er undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er skilgreint í lögum, skólasamningi við menntamálaráðuneytið, skólanámskrá og aðalnámskrá framhaldskóla. Yfirmaður skólans er rektor. Hann ber ábyrgð á öllu starfi skólans en hefur skólanefnd og skólaráð sér til halds og trausts. Fastir starfsmenn eru 67 en stöðugildi árið 2008 voru 60,2. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 424 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 6 m.kr. Það sem eftir stendur eða 418 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 3 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 415 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	366	369	390	406	416
Afgangur / halli ársins	4	17	2	-16	-19
Hlutfall af fjárheimild ársins	1,2%	4,6%	0,5%	-3,9%	-4,6%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur rekstraráætlanir í samræmi við leiðbeiningar FJS og í samráði við menntamálaráðuneyti. Þar sem fjárheimildir eru oft ekki afgreiddar endanlega fyrr en í lok skólaárs reynist oft erfitt að gera marktækan samanburð á rauntölum og áætlunum. Það er þó gert á tveggja mánaða fresti. Brugðist er við frávikum eftir mætti og dregið saman á rekstrarliðum og sparað á tilfallandi verkefnum. Árin 2007 og 2008 var hallarekstur, aðallega vegna uppsetningar á tölvubúnum fyrirlestrarsal árið 2007 og brottfalli nemenda árið 2008. Rekstraráætlun 2009 er 3 m.kr. lægri en fjárlög og millifærslur og verður því uppsafnaður halli greiddur upp. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði 2009 eru um 5,7% yfir áætlun. Munar þar mestu um launaliði en endurskoða á dreifingu launa á mánuði. Stjórnendur telja að ekki sé mikið svigrúm til niðurskurðar. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 43 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Reynt verður að skera niður eins og hægt er án þess að starfsemin dragist saman.

3 Tekjur

Skólinn hefur bæði sértekjur og aðrar rekstrartekjur sem eru bundnar í fjárlög í formi innritunargjalda. Sértekjur skólans stafa af útleigu á húsnæði, pappírsgjöldum og prentgjöldum. Í rekstraráætlun hefur verið reynt að taka tillit til áhrifa efnahagsástandsins. Skólinn hefur sótt um ýmsa styrki og leiga hefur verið hækkuð.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald skólans í Orra. Fjármálastjóri sér um útgjöld en starfar einnig sem bókarari og hefur umsjú með fjármunum. Því er ekki um fullnægjandi aðgreiningu að ræða. Skólinn bregst við þessu með því að krefjast þess að a.m.k. tveir aðilar staðfesti reikninga. Áhætta af sviksemi hefur ekki verið metin til fulls en yfirmenn skólans telja að möguleikar til óheiðarlegra vinnubragða séu minniháttar þar sem verkferlar gefi lítil tækifæri til þess.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga. Reynt verður að lækka launakostnað með fækkun stöðugilda. Einnig verður dregið úr verkefnatengdri vinnu og hópanyting bætt. Laun stjórnenda á fastlaunasamningum verða lækkuð með því að segja samningum upp. Sparnaðartillögur miðast við að fyrst muni koma til lækkunar á rekstrarkostnaði en svo launum. Starfsemi skólans mun skerðast með haustinu en ekki er víst hvort það sé ásættanleg. Áhrif skerðingar mun verða metin með skoðanakönnun hjá nemendum og foreldrum.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Skilaboð ráðuneytis eru óljós vegna ársins 2010. Með auknum sparnaðarkröfum verða að fylgja breytingar á menntastefnu. Ekki ljóst hvar hægt væri að skera niður.

7 Stefnumótun og samskipti

Menntaskólinn við Sund gerði skólasamning við menntamálaráðuneytið. Hann er runninn út en nýr samningur er í mótun. Árangursmat fer fram tvisvar á ári og er aðallega í formi sjálfsmats. Ráðuneyti fylgist einnig með hvort markmið náist. Skólinn hefur heildarstefnu sem og stefnumörkun í einstökum málaflokkum og taka ákvarðanir um starf hans mið af þeirri stefnu. Skólinn vinnur eftir þriggja ára áætlun sem er í sífelldri endurskoðun. Unnið er að innleiðingu nýs bekkjarkerfis sem á að auka hagkvæmi í rekstri. Samskipti við ráðuneyti eru að mestu góð en mættu vera meiri. Æskilegt væri að stytta biðtíma í samskiptum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

02-306 MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

1 Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði heyrir undir menntamálaráðuneytið og kennir eftir áfangakerfi til stúdentsprófs á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Í skólanum eru heimavist og mótuneyti. Gildandi skipurit sem breyttist mikið haustið 2008 hefur ekki verið birt. Ársverk árið 2008 voru 33. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 264 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 3 m.kr. Það sem eftir stendur eða 262 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 25 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 237 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	190	207	213	248	247
Afgangur / halli ársins	5	-12	-15	17	-14
Hlutfall af fjárheimild ársins	2,6%	-5,8%	-7,0%	6,9%	-5,7%

2 Rekstraráætlun

Farið er eftir leiðbeiningum FJS við gerð rekstraráætlunar og hefur skólameistari umsjón með gerð hennar. Áætlunin er unnin miðlægt og er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði í samræmi við reiknilíkan FJS. Hún er borin saman við rauntölur á þriggja mánaða fresti fyrri hluta árs en mánaðarlega seinni hlutann. Brugðist er við frávikum eftir þörfum, t.d. með því að draga úr innkaupum og yfirfara kennslumagn. Skólameistari og fjármálastjóri funda reglulega um framgang áætlunarinnar og upplýsa millistjórnendur um stöðuna. Verðlagsbreytingar gætu helst valdið því að áætlunin standist ekki. Gert er ráð fyrir að reksturinn á árinu 2009 skili um 18 m.kr. afgangi. Eftir stendur 7 m.kr. uppsafnaður halli í árslok 2009. Vegna ójafnrar dreifingar gjalda og tekna eru rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins um 9% yfir áætlun. Lækka þarf gjöld eins og húsaleigu og rekstur tölvukerfis en auka kennslumagn. Álag mun aukast á stjórnendur, námsráðgjafa og skrifstofu vegna tilfærslu verkefna og fækkunar stöðugilda. Skólinn hefur ekki áhrif á kostnað af leigu til Fasteigna ríkissjóðs, sem hefur hækkað mikið síðustu ár, né hækkanir á rekstrarleigusamningum vegna tækja og búnaðar. Framreiknaðar rekstartölur 2008 eru um 54 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist var við því með samdrætti í rekstraráætlun sem felur m.a. í sér minna námsframboð, hagræðingu í kennslu og uppsögn samnings um afnot íþróttahúss.

3 Tekjur

Menntaskólinn er bæði með aðrar rekstrartekjur og sértekjur. Flestir tekjustofnar eru viðkvæmir fyrir efnahagsástandinu, t.d. styrkir. Við gerð rekstraráætlunar var tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjurnar. Fylgni er á milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru tekjur í samræmi við áætlun. Stofnunin leitar leiða til að auka sértekjur sínar, t.d. með nýbreytni í kennslu, álagningu efnisgjalda og fjölgun nemenda í fjarnámi.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald skólans í Orra. Gjöld eru færð tiltölulega jafnóðum og gögn liggja fyrir en tekjur færast óreglulega, oft ársfjórðungslega. Aðgreining milli

starfa bókara og gjaldkera er fullnægjandi. Fjármálastjóri er í 30% starfi en bókarí í 70% stöðu. Kostnaðareftirlit er með þeim hætti að reikningar eru að jafnaði áritaðir af tveimur aðilum. Hætta á sviksemi hefur ekki verið metin með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð þar að lútandi.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ekki formlega innkaupastefnu en aðhaldi er beitt í innkaupum og rammastemningum Ríkiskaupa fylgt eftir því sem hagkvæmt er. Fundaferðum hefur verið fækkað mikið, fjarfundum fjölgað og risna er hverfandi. Stöðugildum verður fækkað um 5,5 árið 2009 og launakostnaður lækkaður, t.d. með minna kennslumagni. Aukinn sparnaður mun minnka þjónustu skólans. Þjónustunni hefur verið forgangsraðað, m.a. með því að endurskoða námsframboð og skera niður valgreinar. Skólinn gerir árlega skoðanakönnun meðal nemenda sem mun draga fram áhrif niðurskurðarins á þá.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Sparnaðartillögur hafa verið til umræðu milli Skólameistarafélags Íslands, sem skólinn er aðili að, og ráðuneytisins frá hausti 2008 og formlegt bréf þess efnis hefur borist frá ráðuneytinu. Skólinn hefur því hafið vinnu við sparnaðartillögur vegna ársins 2010. Vonast er til að mikill niðurskurður 2009 dragi úr niðurskurði kostnaðar 2010 og reynt verður að komast hjá frekari niðurskurði í þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir frekari fækkun stöðugilda en verður á haustönn 2009. Meiri fækkun þýddi svo skert námsframboð að ársnemendum fækkaði verulega. Skólinn hefur farið fram á liðstyrk ráðuneytisins við að lækka leigugjöld af húsnæði til Fasteigna ríkisins. Gert er ráð fyrir auknu álagi á starfsmenn skólans.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er ekki í gildi. Stofnunin gerir ársáætlanir og langtímaáætlanir. Kennslukannanir eru gerðar meðal nemenda. Boðleiðir hafa verið bættar og upplýsingagjöf aukin. Ráðuneytið fylgist með árangri skólans, einkum brottfalli nemenda og fjárhagsstöðu. Skólinn telur samskipti sín við ráðuneytið góð þó að fyrir komi að engin svör berist við erindum hans.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		Áætlun ekki verið samþykkt
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Rekstraráætlun hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarkna. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

02-308 MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

1 Inngangur

Menntaskólinn í Kópavogi heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Samkvæmt lögum er hlutverk skólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum og kennsla ferðamálagreina. Yfirmaður skólans er skólameistari. Hann ber ábyrgð á öllu starfi skólans en hefur aðstoðarskólameistara, tvo áfangastjóra, skólanefnd og skólaráð sér til halds og trausts. Myndrænt skipurit liggur fyrir og skiptist skólinn í fimm megin svið: Kennslu-, stuðnings-, upplýsinga-, verkefna- og rekstrarsvið. Ársverk árið 2008 voru 104,7. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 764 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 9 m.kr. Það sem eftir stendur eða 755 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 4 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 759 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	552	618	663	693	726
Afgangur / halli ársins	44	49	34	13	-2
Hlutfall af fjárheimild ársins	8,0%	7,9%	5,0%	1,9%	-0,2%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur áætlanir eftir leiðbeiningum FJS en hann undirgengst ISO-9001 vottunarferli og fer því eftir þar til gerðum verklagsreglum. Vottun ehf sér um eftirlit. Skólameistari hefur umsjón með gerð áætlunar í samráði við fjármálastjóra. Upplýsingaöflun fer fram hjá sviðum en áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Deildum er úthlutað heimild á hverri önn. Vikulega eru rauntölur bornar saman við áætlun á fundum Fjárráðs en einnig er fundað með millistjórnendum 1–2 sinnum á önn. Brugðist er við frávikum og fært á milli rekstrar-, eignakaupa- og launaliða. Þeir þættir er líklegastir eru til valda því að áætlanir standist ekki eru kostnaður vegna húsnæðis sem og þeir rekstrarliðir sem ráðuneyti bætir skólanum sérstaklega, s.s. fasteignagjöld. Rekstraráætlun er 3 m.kr. hærri en fjárlög og millifærslur þannig að uppsafnaður tekjuafgangur verður 1 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur eru undir áætlun fyrstu þrjá mánuði ársins. Búist er við auknu álagi vegna efnahagsástandsins. Kostnaður vegna húsnæðis, leyfisgjalda, öryggiseftirlits, heilbrigðiseftirlits og sorphreinsunar eru meðal liða sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 13 m.kr. undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Skólinn hefur rekstrartekjur í formi innritunargjalda. Sértekjur skólans skapast aðallega vegna efnisgjalda. Tekjur eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandi og því var ekki tekið tillit til þess. Reynt hefur verið að auka sértekjur með óverulegri hækkun á efnisgjöldum.

4 Fjármálastjórn

FJS sér um að færa bókhaldið fyrir skólann en hann er í greiðsluþjónustu þar. Smátöf verður á skráningu viðskipta. Hjá skólanum starfar fjármálastjóri. Kostnaðareftirlit er með þeim hætti að tveir aðilar þurfa að samþykkja greiðslur.

Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin en skilgreint verklag um viðbrögð er fyrir hendi ef slíkt hendir.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ítarlegar reglur um innkaup í samræmi við ISO-9001 staðla. Ramma-samningar eru notaðir. Starfrækt er niðurskurðarnefnd sem hefur sett sparnaðarmarkmið fyrir 2009. Fækka á stöðugildum í ár en einnig verður skoðuð breyting á vinnuframlagi sem og launum miðað við óbreytt vinnuframlag. Á haustönn á að fækka tímum um 147 á viku. Það nemur 6 stöðugildum. Þjónusta mun skerðast á árinu, m.a. námsframboð. Forgangsröðun í niðurskurði er í vinnslu en stjórnendur telja að svigrúm til niðurskurðar sé takmarkað.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki beðið um tillögu um sparnað vegna ársins. Tillögugerð hefur verið hafin með vinnslu aðgerðaráætlunar og eru samstarfsfundir áætlaðir.

7 Stefnumótun og samskipti

Menntaskólinn er með skólasamning sem er runninn út en nýr samningur er í mótun. Skólinn gefur út ársskýrslu. Árangursmat er í formi sjálfsmats en einnig skv. ISO-9001 gæðastöðlum. Skilgreindar aðgerðir eru fyrir hendi ef ekki næst tilætlaður árangur. Ráðuneyti fylgist með árangri og eru m.a. fundir fjórum sinnum á ári. Ánægja ríkir nú með samskipti við ráðuneyti þó upplýsingaflæði mætti vera meira.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

02-350 FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI

1 Inngangur

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Meginhlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og til lokaprófs á ákveðnum verknámsbrautum. Yfirmaður skólans er skólameistari sem ber ábyrgð á öllu starfi skólans en hefur skólanefnd og skólaráð sér til halds og trausts. Myndrænt skipurit liggur fyrir og skiptist skólinn niður á þrjú megin svið: Kennslusvið, stjórnunarsvið og þjónustusvið. Ársverk árið 2008 voru 126. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 910 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 10 m.kr. Það sem eftir stendur eða 900 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 112 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 788 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	677	730	829	749	887
Afgangur / halli ársins	60	36	52	-124	-62
Hlutfall af fjárheimild ársins	8,8%	5,0%	6,3%	-16,6%	-7,0%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur að rekstraráætlun í samræmi við leiðbeiningar FJS. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar en ábyrgðinni er að hluta dreift á einstök svið. Föstum kostnaði er ekki skipt niður á deildir en áætlun er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Unnið er að enn frekari skiptingu. Reynt er að bera rauntölur saman við rekstraráætlun mánaðarlega og fer skólanefnd reglulega yfir útkomu. Endurskoðun áætlunar er stöðugt í gangi en árið 2008 var nauðsynlegt að breyta áætlun einu sinni. Helsti áhættuþáttur við gerð áætlunar er brottfall nemenda. Gert ráð fyrir um 35 m.kr. afgangi í ár en áætlað er að greiða 35 m.kr. á ári í þrjú ár til að mæta hallarekstri síðustu ára. Uppsafnaður halli verður því um 77 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru undir rekstraráætlun. Erfitt getur reynst að láta áætlanir standast mánaðarlega og gripíð hefur verið til aðgerða til að mæta hugsanlegum mismun á rauntölum og áætlunum. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 125 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og hefur ýmsum sparnaðaraðgerðum verið hrundið af stað.

3 Tekjur

Skólinn fær sértekjur auk þess að innheimta aðrar rekstrartekjur í formi innritun-argjalda. Sértekjur skólans eru einkum vegna efnisgjalda auk annarra tilfallandi tekna. Í rekstraráætlun var ekki tekið tillit til áhrifa efnahagsins á tekjur en þó verður reynt að leita leiða til að auka tekjur, m.a. með útleigu á húsnæði.

4 Fjármálastjórn

Fjölbrautaskólinn færir bókhaldið sjálfur í Orra. Aðgreining á milli starfa bókara og gjaldkera er ekki fullnægjandi. Bókhaldið er fært reglulega og viðskipti oftast skráð þegar til þeirra er stofnað. Fjármálastjóri er í fullu starfi. Kostnaðareftirliti er háttað þannig að a.m.k. tveir aðilar samþykkja reikninga til greiðslu og þá alltaf

annaðhvort skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Ekki er þó um formlegt samþykktarferli að ræða. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin og ekki er fyrir hendi skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ekki formlegar reglur um innkaup en nýtir sér innkaupakort sem nokkrir aðilar hafa heimild til að nota. Ávallt skal leita hagstæðustu kjara og biðja skal um afslætti. Nýta skal rammamninga ef þeir reynast hagstæðastir. Skólinn hefur ákveðið að ekkert verði um ferðalög starfsmanna nema í tengslum við notkun styrkja. Gert er ráð fyrir að lausráðnum starfsmönnum verði sagt upp á haustönn og föst yfirvinna verði minnkuð eins og kostur er. Einnig verður reynt að sameina viss störf. Þá verða nemendahópar stækkaðir, opnunartímar bókasafns styttrir, námsráðgjöfum fækkað og endurnýjun tækja verður haldið í lágmarki. Því er ljóst að þjónusta við nemendur mun minnka.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki beðið stofnunina um tillögu um sparnað fyrir árið 2010. Fundir með ráðuneyti eru þó á döfinni. Ljóst þykir að koma mun til aðgerða.

7 Stefnumótun og samskipti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er með skólasamning við menntamálaráðuneyti sem er runninn út en nýr samningur er í mótun. Einnig gerir skólinn ársáætlun. Áætlanir þessar eru unnar samhliða rekstraráætlun. Árangursmat er í formi sjálfsmats, kannana og vinnu gæðastjóra. Skilgreindar aðgerðir eru ekki fyrir hendi náist markmið ekki. Þó nokkur óánægja er með samskipti við ráðuneytið og telja stjórnendur skilningsleysi ríkja vegna sérstöðu skólans. Þá er mikil óánægja með hve langan tíma tekur að fá svör við fyrirspurnum sem beint er til ráðuneytisins vegna málefna skólans. Ráðuneytið hefur skipað sérstakan tilsjónarmann til að fara yfir rekstur skólans.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 77 m.kr., þ.e. 8,6% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-352 FLENSBORGARSKÓLI

1 Inngangur

Flensborgarskóli er framhaldsskóli í Hafnarfirði sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk hans er að mestu skilgreint í lögum, þ.e. kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum. Skólinn starfar eftir áfangakerfi og er skólameistari yfirmaður hans. Hann er ábyrgur fyrir daglegri stjórnun ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og sviðsstjórum. Myndrænt skipurit liggur fyrir. Starfsmenn skólans árið 2008 voru 87 en stöðugildi 77. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 484 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 6 m.kr. Það sem eftir stendur eða 478 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 31 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 447 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	301	321	378	481	504
Afgangur / halli ársins	-9	-8	2	42	-1
Hlutfall af fjárheimild ársins	-3,0%	-2,5%	0,5%	8,7%	-0,2%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur rekstraráætlanir eftir leiðbeiningum FJS og eru aðrar skriflegar verklagsreglur í vinnslu. Fjármálastjóri og forstöðumaður hafa umsjón með gerð áætlunarinnar en ábyrgðinni er ekki dreift á önnur svið. Áætlun er brotin niður á kostnaðar- og tekjuliði og er greining talin nægjanleg. Áætlunin er borin saman við rauntölur a.m.k. mánaðarlega. Farið er yfir stöðuna á fundum eftir þörf. Brugðist er við frávikum og reynt að hætta við útgjöld eða fresta þeim ef hægt er. Helstu áhættuþættir vegna áætlana eru laun, langtímaveikindi, húsaleiga, kostnaður vegna sérfræðipjónustu og tekjur vegna nýbúaútlarps. Rekstraráætlun er 1. m.kr. lægri en fjárlög 2009 sem þýðir að uppsafnaður halli verður 30 m.kr. í árslok 2009. Skólinn býst við viðbótarfjárveitingu í lok ársins vegna aukins nemendafjölda. Eftir þrjá fyrstu mánuði ársins 2009 eru gjöld að frádregnum tekjum um 7% yfir áætlun, þar sem nokkur munur er á launum og sértekjum. Um er að ræða tilfærslur á milli mánaða. Gert er ráð fyrir óverulegum afgangi í ár og verður uppsafnaður halli því ekki greiddur niður. Skerða þarf þjónustu ef fjöldi nemenda verður óbreyttar. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna efnahagsástandsins. Húsaleiga og kostnaður við miðlægan hugbúnað eru dæmi um kostnað sem stjórnendur hafa ekki áhrif á. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 52 m.kr. hærri en fjárlög 2009. Fresta á rekstrarútgjöldum og draga úr þjónustu.

3 Tekjur

Skólinn hefur rekstrartekjur í formi innritunargjalda og ýmsar aðrar sértekjur. Tekjur vegna leigu og efnisgjalda eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur eru í samræmi við áætlun fyrstu þrjá mánuðina að undanskildum endurinnritunargjöldum. Ekki eru margir möguleikar til að auka sértekjur en reyna á að auka leigutekjur og þjónustu við nýbúaútlarvp.

4 Fjármálastjórn

Skólinn færir bókhaldið sjálfur í Orra. Það er gert reglulega og viðskipti skráð þegar til þeirra er stofnað. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er ekki næg. Fjármálastjóri er í fullu starfi og gegnir einnig starfi bókara. Kostnaðareftirlit er gott en ekki er um rafrænt samþykktarferli að ræða. Skólameistari staðfestir reikninga og krefst útskýringa ef þörf þykir. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin og ekki er skipulagt verklag til að bregðast við slíku.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ekki sett sér innkaupastefnu, en ákveðnar reglur gilda um innkaup. Leita skal ódýrustu leiða og er leitað út fyrir rammamarkmið ef tilefni er til. Innkaupakort eru notuð en heimildir eru takmarkaðar. Kostnaður er skorinn út þegar hægt er og dregið úr ferðakostnaði eftir megni. Hugsanlegt er að ekki verði endurráðið í störf sem losna. Stefnt er að því að lækka launakostnað með því að breyta vinnuframlagi. Forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu hefur ekki verið skilgreind en sú vinna er hafin.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Fjárlagatillögur fyrir árið 2010 liggja ekki fyrir og menntamálaráðuneytið hefur ekki sent skólanum formlegt erindi um sparnað. Skólinn mun taka þátt í vinnufundum á vegum ráðuneytisins með Capacent um greiningu sparnaðarmöguleika.

7 Stefnumótun og samskipti

Flensburg hefur ekki undirritaðan skólasamning við ráðuneyti þar sem ekki var full samstaða um öll atriði samningsins. Slíkt hefur þó ekki komið niður á starfsemi. Skólinn gerir ekki formlega ársáætlun. Árangursmat er aðallega í formi sjálfsmats og innra mats og hefur skólinn komið vel út. Stjórnendur nýta sér, auk heimasíðu, fundi, tölvupósta og innra kennslukerfi til að miðla upplýsingum. Farið er yfir stöðuna með menntamálaráðuneytinu reglulega og samskipti við ráðuneytið eru góð. Endurgjöf og skilvirkni af hálfu menntamálaráðuneytisins vegna málefna skólans mætti þó vera betri.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 30 m.kr., þ.e. 6,3% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-363 FRAMHALDSSKÓLINN AÐ LAUGUM

1 Inngangur

Framhaldsskólinn að Laugum er heimavistarskóli sem heyrir undir menntamálaráðuneyti. Hlutverk skólans er að mestu skilgreint í lögum, þ.e. kennsla til stúdentsprófs skv. áfanga- og fjölbrautakerfi. Yfirmaður skólans er skólameistari sem ber ábyrgð á rekstri, innra starfi og fjárreiðum skólans. Fyrir liggur myndrænt skipurit og skiptist skólinn niður á tvö megin svið: Kennslusvið og þjónustusvið. Starfsmenn skólans árið 2008 voru 29 en ársverk 21. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 157 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 1 m.kr. Það sem eftir stendur eða 156 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Stofnunin hafði hvorki afgang né uppsafnaðan halla í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 156 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	104	93	117	143	158
Afgangur / halli ársins	-3	-17	0	4	8
Hlutfall af fjárheimild ársins	-2,9%	-18,3%	0,0%	2,8%	5,1%

2 Rekstraráætlun

Skólinn vinnur að rekstraráætlun eftir leiðbeiningum FJS en vinna við innanhúss verklagsreglur er einnig í gangi. Skólameistari hefur umsjón með gerð áætlunarinnar og er ábyrgð ekki dreifð á svið. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Hún er borin saman við rauntölur ársfjórðungslega en mánaðarlegan samanburður er einnig skoðaður. Brugðist er við frávikum með samdrætti á öðrum rekstrarkostnaði. Ekki hefur komið til að gera breytingar á áætlun. Áhættuþættir vegna rekstraráætlunar eru launakostnaður og nemendafjöldi. Áætlun er 7 m.kr. hærri en fjárlög 2009 vegna útgjalda árið 2009 sem færðust til á milli ára og gert var ráð fyrir í fjárheimildum ársins 2008. Þetta þýðir að skólinn verður rekinn með 7 m.kr. halla. Rauntölur fyrstu þrjá mánuðina eru undir áætlun. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna efnahagsástandsins. Hækkun á húsaleigu er sá þáttur sem stjórnendur geta haft minnst áhrif á. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 4 m.kr. lægri en áætlun. Lækka á rekstrarkostnað, hægja á þróunarverkefni, minnka yfirvinnu og stækka kennslu-hópa.

3 Tekjur

Skólinn hefur rekstrartekjur í formi innritunargjalda. Sértekjur eru vegna herbergjaleigu nemenda, pappírsgjalda og rafmagns fyrir sundlaug. Tekjur vegna herbergjaleigu og innritunargjalda eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Ekki er mikil fylgni með sértekjum og kostnaði. Sértekjur eru hærri en í áætlun fyrir fyrstu þrjá mánuðina. Reynt verður að auka sértekjur með því að fjölga nemendum.

4 Fjármálastjórn

Skólinn færir bókhaldið sjálfur í Orra en þó færir FJS launabókhaldið. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er ófullnægjandi. Bókhaldið er fært reglulega. Fjármálastjóri er í hálfu starfi hjá skólanum. Stjórnendur telja að kostnaðareftirlit

sé fullnægjandi. Skólinn er ekki með rafrænt samþykktarferli vegna smæðar hans. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin en bæklingur Ríkisendurskoðunar um innra eftirlit og viðbrögð við fjármálamisferli er í skoðun. Verklagsregla um viðbrögð ef grunur um sviksemi vaknar er í vinnslu.

5 Sparnaður í rekstri

Skólinn hefur ekki innkaupastefnu en nýtir sér rammameningu ef betri samningar fást ekki. Reynt er að gera innkaup í samræmi við hagstæðustu samninga. Skólinn hefur lækkað kílómetrafjöldann sem greiddur er fyrir ákveðnar vegalengdir. Lækka á launakostnað með breyttu vinnuframlagi þar sem yfirvinna verður skert, kennsla dregin saman og nemendahópar stækkaðir. Laun skólameistara hafa nú þegar lækkað. Sparnaðaraðgerðir munu draga úr þjónustustigi. Gert er ráð fyrir að dregið verði fyrst úr aðföngum og svo kennslu og öðrum verkefnum. Til stendur að kanna áhrif niðurskurðar með könnunum.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Fjárlagatillögur fyrir árið 2010 liggja ekki fyrir og menntamálaráðuneytið hefur ekki sent skólanum formlegt erindi um sparnað fyrir það ár. Skólinn mun taka þátt í samstarfsnefnd og hefur tillögugerð fyrir fjárhagsáætlun ársins 2010 verið hafin innanhúss.

7 Stefnumótun og samskipti

Framhaldsskólinn var með skólasamning við menntamálaráðuneytið, sem rann út um síðustu áramót. Skólinn gerir einnig langtímaáætlun. Er hún unnin í byrjun annar og í tengslum við þróunarstarf. Formlegt árangursmat er í formi sjálfsmats en einnig er árangur þróunarverkefnis metinn. Ekki eru til skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við væntingar. Þar sem skólinn er fámennur, hefur ekki verið reynt að bæta boðleiðir. Ráðuneyti hefur kannað hvort sett markmið náist ársfjórðungslega. Samskipti við ráðuneyti eru góð og svör berast fljótt frá ráðuneyti.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Öbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 7 m.kr., þ.e. 4,5% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-907 LISTASAFN ÍSLANDS

1 Inngangur

Listasafn Íslands er höfuðsafn myndlistar í landinu. Meginverkefni þess eru að afla eins fullkomins safns íslenskrar myndlistar og unnt er, skrá það, varðveita og sýna, rannsaka íslenska myndlist að fornu og nýju og veita innlendum söfnum faglega ráðgjöf. Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn safnsins en stjórn þess er að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs. Samkvæmt skipuriti frá árinu 2005 greinist safnið í 7 deildir. Árið 2008 voru ársverk 16,7 og fastir starfsmenn 19. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld safnsins umfram sértekjur 165 m.kr. og verða þau fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam 3 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 162 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	90	118	131	133	155
Afgangur / halli ársins	-8	4	-11	8	-29
Hlutfall af fjárheimild ársins	-8,9%	3,4%	-8,4%	6,0%	-18,7%

2 Rekstraráætlun

Safnið hefur ekki skráðar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar en vinnur hana eftir ákveðnu vinnulagi. Deildarstjóri fjármála hefur umsjón með gerð hennar en forstöðumaður kemur að málinu og samþykkir lokaáætlun. Einnig er leitað samstarfs við deildarstjóra safnsins. Áætlun er brotin ítarlega niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði og einstök svið. Einnig er hún borin saman við rauntölur á mánaðarfresti. Brugðist er við frávikum þannig að verði halli innan deildar er reynt að skera niður af öðrum verkefnum ársins. Unnið er að því að funda mánaðarlega með deildarstjórum um framgang áætlunarinnar. Helsti áhættuþáttur vegna hennar eru sértekjur en stærsti styrkveitandi safnsins greiddi ekki umsamin 15 m.kr. styrk á árinu 2008 né stóð við loforð um styrk á árinu 2009. Rekstraráætlun 2009 er skilað með 12 m.kr. halla, aðallega vegna biðlauna sem falla niður í árslok, vegna útgáfu Íslenskrar listasögu í árslok og minni styrkja. Þetta þýðir að uppsafnaður halli nemur 15 m.kr. í árslok 2009. Menntamálaráðuneyti hefur samþykkt áætlunina þrátt fyrir hallann með fyrirvara um að vinna hann niður á árinu 2010. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru um 27% hærri en áætlun vegna tilfallandi útgjalda. Þar sem framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 20 m.kr. hærri en áætlun verður reynt að spara eins og hægt er, t.d. með engum utanlandsferðum, yfirvinnubanni, færri sýningum, styttri opnunartíma og minni eignakaupum. Búast má við auknu álagi á starfsfólk m.a. þar sem sumarafleysingafólk verður ekki ráðið.

3 Tekjur

Safnið hefur ekki markaðar tekjur en nokkrar sértekjur af safnverslun, útleigu sala og styrkjum. Styrkir eru einkum viðkvæmir fyrir efnahagsástandinu og hefur safnið misst verulegan hluta þeirra. Tekið hefur verið tillit til þessa í áætlun en um leið hefur verið reynt að afla frekari styrkja. Þá hefur verið lögð áhersla á að selja bækur stofnunarinnar. Einnig hefur verið settur upp hugmyndabanki meðal starfsmanna um sparnaðarleidir.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald safnsins í Orra og er fullnægjandi aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera. Bókhaldið er fært reglulega og viðskipti skráð þegar til þeirra er stofnað. Fjármálastjóri er í fullu starfi við safnið og staðfestir hann og forstöðumaður útgjöld. Notast er við rafrænt samþykktarferli og er engin heimild til stofnunar útgjalda án fyrirbyggjandi samþykktar. Ávallt fara a.m.k. tveir starfsmenn yfir reikninga og útgjöld. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin né skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Safnið hefur ekki skriflegar reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað en farið hefur verið yfir flesta kostnaðarpætti með slíkt í huga. Ramma-samningar Ríkiskaupa eru nýttir í því samhengi. Safnið hefur dregið verulega úr kostnaði vegna ferða og er ekki gert ráð fyrir neinni utanlandsferð í ár. Ekki er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar með fækkun stöðugilda eða breyttu vinnu-framlagi en laun forstöðumanns hafa lækkað og starfsmenn sem hugsanlega geta tekið sér lengra launalaust sumarfrí hafa verið hvattir til þess. Skilgreint hefur verið hvernig eigi að forgangsraða í niðurskurði á þjónustu en það er m.a. með einfaldari og færri sýningum og styttnum sumaropnunartíma.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur enn ekki beðið safnið formlega um tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 en umræða um slíkt er hafin á safninu. Starfsfólk sýnir mikinn vilja til að gera sitt besta í því samhengi.

7 Stefnumótun og samskipti

Í gildi er árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytis og safns frá des. 2005 og uppfyllir safnið nú nánast allar skyldur hans. Einnig er unnið að þriggja ára áætlun um sýningar, fræðslu o.fl. og verður tekið tillit til hennar í næstu rekstraráætlun. Þá hefur einnig farið fram árangursmat og skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Ekki hefur verið talin þörf á að bæta boðleiðir innanhúss enda lítil stofnun. Þá eru samskipti við ráðuneytið góð. Það fylgist vel með að safnið nái markmiðum sínum og veitir skjót og góð svör.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		Áætlun ekki verið samþykkt
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Rekstraráætlun hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 15 m.kr., þ.e. 9,1% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

02-982 LISTIR, FRAMLÖG

1 Inngangur

Safnliðurinn „Listir, framlög“ heyrir undir menntamálaráðuneyti og falla undir hann undirliðir af ýmsu tagi. Í fjárlögum ársins 2009 eru þeir 17. Nokkrir þeirra vísa til sveitarfélaga eða stofnana sem starfa utan ríkisins en ríkið styrkir samkvæmt sérstökum samningum (t.d. Íslensku óperunnar) en aðrir til sjóða (t.d. Bókasafnssjóðs höfunda), félaga (t.d. Bandalags íslenskra leikfélaga) eða verkefna (t.d. Listahátíðar í Reykjavík). Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld safnliðarins 919 m.kr. og verða þau fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Í árslok 2008 stóðu eftir á safnliðnum um 144 m.kr. sem búið var að úthluta en átti eftir að sækja.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	610	626	774	778	979
Afgangur / halli ársins	-1	13	127	-91	44
Hlutfall af fjárheimild ársins	-0,2%	2,1%	16,4%	-11,7%	4,5%

2 Rekstraráætlun

Þar sem um safnlið er að ræða eru ekki gerðar eiginlegar rekstraráætlanir vegna hans. Heildarfjárhæðir til einstakra liða ráðast af ákvörðunum fjárlaganefndar eða samningum menntamálaráðuneytisins með fyrirvara um samþykki Alþingis og renna eingöngu til verkefna sem liðirnir taka til. Þeir aðilar sem ákveðið hefur verið að veita fjárframlög af safnliðnum samkvæmt samningum eða ákvörðunum fjárlaganefndar, sjóðsstjórna eða úthlutunarnefnda fá þau greidd nokkrum sinnum á ári, yfirleitt með jöfnum greiðslum. Þar sem framlög eru bundin á því hvorki að myndast halli né afgangur nema ef hluti greiðslna flyst yfir áramót. Ekki er gert ráð fyrir að núverandi efnahagsástand hafi áhrif á umsýslu menntamálaráðuneytis vegna safnliðarins.

3 Tekjur

Safnliðurinn hefur hvorki markaðar tekjur, aðrar rekstrartekjur eða sértekjur utan lítils háttar endurgreiðslu kostnaðar og vaxtatekjur.

4 Fjármálastjórn

Menntamálaráðuneytið færir sjálft bókhald vegna safnliðarins í Orra og er fullnægjandi aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera. Bókhaldið er fært reglulega og er ekki greitt fyrr en vitað er um framkvæmdir og óskað hefur verið eftir greiðslu. Einnig þurfa aðilar að hafa gert grein fyrir notkun fyrri styrkja. Ráðherra samþykkir fjárveitingar og starfsmenn ráðuneytisins senda styrktaraðilum staðfestingarbréf og sjá um greiðslur. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin sérstaklega né skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um sviksemi. Hins vegar er gott eftirlit með nýtingu styrkja.

5 Sparnaður í rekstri

Um eiginlegan sparnað í rekstri getur naumast verið að ræða. Það fé sem veitt er í safnliðinn rennur nær eingöngu til eiginlegra verkefna og umsýslukostnaður er lítill. Þá hafa ekki verið gerðir neinir nýir samningar og raunar var hækkunum á framlögum frestað strax vegna fjárlaga 2009.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið vinnur að hugmyndum um niðurskurð til menningarmála vegna ársins 2010, forgangsroðun verkefna og hvort og þá hvernig standa skuli að endurnýjun samninga sem renna út um næstu áramót. Menntamálaráðherra og Alþingi taka hins vegar endanlegar ákvarðanir um hversu mikill hann verður og hvernig verður forgangsraðað.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki eru í gildi neinir árangursstjórnunarsamningar vegna safnliðarins „Listir, framlög“. Á hinn bóginn eru í gildi ýmiss konar samningar við þá aðila sem fá framlög af safnliðnum. Ekki fer heldur fram eiginlegt árangursmat en lögð er rík áhersla á eftirlit og samráð við styrkþega. Auk þess kannar ráðuneytið ársreikninga og fylgist með úthlutunum. Á þann hátt fylgist það með því hvort markmið verkefna náist. Ráðuneytið leggur á heimasíðu sína eyðublöð vegna styrkja og þar eru einnig birtar auglýsingar um umsóknarfrest og úthlutanir. Almennt eru góð og nán tengsl við þá aðila sem fá framlög og hefur a.m.k. hluti þeirra verið upplýstur um fyrirsjáanlegan niðurskurð. Aðrir hafa verið látnir vita að ekki verði tekin formleg ákvörðun um afgreiðslu erinda að svo stöddu.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	X	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		X

Ekki er gerð athugasemd við fjármálastjórn liðarins og er gert ráð fyrir að hann muni standa með ónýtta fjárheimild í árslok.

04-215 FISKISTOFA

1 Inngangur

Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Stofnunin annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða, hefur eftirlit með fiskveiðum og sér um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla. Meginstarfsemi stofnunarinnar skiptist í upplýsingasvið, lax- og silungsveiðisvið, veiðiheimildasvið og veiðieftirlitssvið, auk stoðþjónustu. Ársverk árið 2008 voru 78,7. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 815 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 44 m.kr. Það sem eftir stendur eða 771 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 112 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 883 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	488	573	688	717	694
Afgangur / halli ársins	36	-38	-1	-20	12
Hlutfall af fjárheimild ársins	7,4%	-6,6%	-0,1%	-2,8%	1,7%

2 Rekstraráætlun

Ekki liggja fyrir skilgreindar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar. Forstöðumaður hefur umsjón með gerð hennar ásamt fjármálastjóra. Áætlunin er að mestu unnin miðlægt og er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Um það bil á þriggja mánaða fresti er hún borin saman við rauntölur og metið hvort tilefni sé til aðgerða. Á þriggja mánaða fresti er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar. Ekki hefur verið metið hvaða þættir gætu helst valdið því að hún standist ekki. Áætlunin er í samræmi við fjárlög 2009 og gert er ráð fyrir að stofnunin muni nýta 10 m.kr. af uppsöfnuðum afgangi á árinu. Þetta þýðir að uppsafnaður tekjuafgangur nemur 102 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru undir áætlun og því ekki ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana að svo stöddu. Ekki er búist við auknu álagi hjá stofnuninni vegna aukinnar eftirspurnar á þjónustu hennar í kjölfar efnahagsástandsins. Þó má reikna með að boðaðar breytingar á fiskveiðireglum kalli á umtalsverða vinnu og útgjöld. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru í takt við áætlun og ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða vegna þess enda gert ráð fyrir að rekstrar- niðurstaða ársins 2009 rúmist vel innan fjárheimilda.

3 Tekjur

Fiskistofa er með markaðar tekjur, aðrar rekstrartekjur og sértekjur. Þær eru aðeins að litlu leyti viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Þar er um að ræða tekjur vegna millifærslna aflaheimilda og rekstraráætlun gerir ráð fyrir samdrætti í þeim. Í lok mars 2009 voru tekjur hærri en áætlun gerði ráð fyrir en skýringin felst að hluta í tekjum sem gert var ráð fyrir að kæmu inn seinna á árinu. Fiskistofa telur að ástæða sé til að endurmeta tekjustofna stofnunarinnar.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar í Orra og er það gert jafnóðum og gögn liggja fyrir. Fjármálastjóri er starfandi í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og eru allir reikningar áritaðir, í sumum tilvikum af tveimur einstaklingum. Stofnunin

hefur ekki metið hættu á sviksemi með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur um slíkt myndi vakna.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér sérstakar reglur um innkaup en hagkvæmustu kjara er jafnan leitað og rammisamningum Ríkiskaupa fylgt eftir því sem kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkingu annarra gjalda, t.d. með því að draga úr endurnýjun bifreiða og kaupa notaðar bifreiðar í stað nýrra. Ekki verður ráðið í þær stöður sem losna. Ekki stendur til að lækka laun starfsmanna. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur beðið stofnunina um hagræðingartillögur fyrir árið 2010 og hefur þeim tillögum verið skilað. Bæði er unnið að hugmyndum um hagræðingu sem og hugmyndum um gjaldskrárhækkanir. Gert er ráð fyrir niðurskurði í kostnaði árið 2010 en ekki er búist við niðurskurði í þjónustu að öðru leyti en því að áherslur í eftirliti gætu breyst. Gert er ráð fyrir að stöðugildum muni fækka árið 2010 og að álag á starfsmenn muni aukast nokkuð samhliða því.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er útrunninn og hefur ekki enn verið endurnýjaður. Ársáætlanir eru gerðar á tilteknum sviðum en þó ekki fyrir stofnunina í heild né heldur langtímaáætlanir. Stefnumiðað árangursmat hefur verið lagt til hliðar í bili og nú er unnið að gerð gæðahandbókar. Ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða til að bæta boðleiðir vegna efnahagsástandsins. Ráðuneytið fylgist ekki með skipulögðum hætti með því að stofnunin nái markmiðum sínum. Stofnunin telur samskipti sín við ráðuneytið góð og að hún fái oftast skjót svör við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

04-234 MATVÆLASTOFNUN

1 Inngangur

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einni stofnun. Stofnunin starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi hennar. Stofnunin fer m.a. með eftirlit með frumframleiðslu og vinnslu búfjárafurða, eftirlit með sjávarafurðum og annast allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Í árslok 2008 voru starfsmenn 73 í 67 stöðugildum. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 970 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 175 m.kr. Það sem eftir stendur eða 795 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 23 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 818 m.kr.

Í m.kr.	2008
Fjárheimild ársins	768
Afgangur / halli ársins	39
Hlutfall af fjárheimild ársins	5,1%

2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun er gerð fyrir stofnunina eftir leiðbeiningum FJS. Forstöðumaður rekstrar- og mannauðssviðs hefur umsjón með gerð hennar í samvinnu við yfirmenn viðkomandi sviða. Áætlunin er brotin niður á einstakar deildir og kostnaðar- og tekjuliði innan þeirra. Reglulega eru haldnir fundir með forstöðumönnum sviða þar sem rekstraráætlun er borin saman við raunfjárhæðir og frávik skoðuð. Áætlun ársins 2009 er 6 m.kr. lægri en fjárlög og mun uppsafnaður afgangur í árslok því nema 29 m.kr. Yfirstjórn er meðvituð um hvaða þættir gætu helst valdið frávikum frá áætlun en formlegt mat hefur ekki farið fram á því. Eftir þrjá fyrstu mánuði ársins 2009 er reksturinn undir áætlun. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 31 m.kr. undir áætlun. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna efnahagsástandsins og verður ráðningum frestað og ekki ráðið í afleysingar.

3 Tekjur

Stofnunin hefur sértekjur, markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur. Eftirlitstekjur hennar eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu m.a. vegna þess hluta þeirra sem fylgir innflutningsverði. Fylgni er með tekjum og kostnaði. Áhrif efnahagsástandsins á tekjur hafa ekki verið metin sérstaklega. Tekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir eftir þrjá fyrstu mánuði ársins 2009.

4 Fjármálastjórn

Bókhaldið er fært í Orra af starfsmönnum stofnunarinnar og er það gert jafnóðum og fylgiskjöl liggja fyrir. Fjármálastjóri er í fullu starfi hjá stofnuninni. Aðgreining er milli starfa bókara og gjaldkera. Allir reikningar eru áritaðir af forstöðumanni rekstrar- og mannauðssviðs og síðan forstjóra í fjarvist hans. Ef reikningar eiga uppruna sinn á öðrum sviðum en rekstrar- og mannauðssviði er gerð krafa um að þeir séu samþykktir af viðkomandi forstöðumanni eða umsjónamanni verkefnis, annaðhvort með áritun eða staðfestingu í tölvupósti.

Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi. Ekki hefur farið fram formlegt áhættumat á mögulegri sviksemi starfsmanna eða viðskiptamanna, og því liggur ekki fyrir skilgreining á verklagi eða viðbrögðum ef slíkt skyldi koma upp eða grunur vakna um það.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér skriflegar reglur um innkaup rekstraraðfanga en rammisamningar Ríkiskaupa eru notaðir til að ná hagstæðustu innkaupum. Framreikningur stofnunarinnar á rekstrarfjárhæðum ársins 2008 var mun hærrí en verðlagsforsendur fjárlaga ársins 2009 gerðu ráð fyrir og hefur stofnunin gripið til margvíslegra sparnaðaraðgerða sem leiða til þess að rekstraráætlun ársins 2009 er innan ramma fjárlaga fyrir það ár. Búist er við að aukið álag vegna sparnaðaraðgerða leiði til minni þjónustu stofnunarinnar við viðskiptavinum hennar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki komið með formlegar hugmyndir um niðurskurð hjá stofnuninni á árinu 2010. Engu að síður hefur stofnunin unnið að slíkum tillögum.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er ekki í gildi við ráðuneytið. Verið er að innleiða gæðahandbók eftir Focal kerfi þar sem fram kemur m.a. fjárhagsstefna, starfsmannastefna, eftirlitsáætlanir og skráningarferlar. Þetta felur í sér áætlanagerð, árangursmat og viðbrögð við því ef mælikvarðar nást ekki. Boðleiðir og upplýsingaflæði hafa verið bætt vegna núverandi aðstæðna. Stofnunin telur ekki að ráðuneytið fylgist sérstaklega með því að hún nái markmiðum sínum, en samskipti við ráðuneytið eru almennt góð og biðtími eftir svörum og viðbrögðum fara eftir eðli mála.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

04-401 HAFRANNSÓKNASTOFNUN

1 Inngangur

Hafrannsóknastofnun heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna. Mikið samstarf er við erlendar rannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur tvö rannsóknaskip, fimm útibú og tilraunaeldisstöð. Henni er ætlað er að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess, veita stjórnvöldum ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins og miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings. Ársverk árið 2008 voru 147. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 1.514 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 140 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 1.654 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	1.036	1.068	1.346	1.436	1.523
Afgangur / halli ársins	5	-278	90	103	112
Hlutfall af fjárheimild ársins	0,5%	-26,0%	6,7%	7,2%	7,4%

2 Rekstraráætlun

Fylgt er skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar og hefur forstöðumaður umsjón með gerð hennar í samvinnu við aðstoðarforstöðumann. Sérfræðingar senda inn áætlun sem yfirstjórn metur og samræmir og leggur fyrir stjórn. Áætlunin er brotin niður á kostnaðar- og tekjuliði einstakra verkefna og deilda. Hún er mánaðarlega borin saman við rauntölur og er brugðist markvisst við frávikum og stjórn upplýst. Helstu frávík verða þegar breytt er út af skipaáætlun. Vikulega er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar og þeir fá ársfjórðungsleg yfirlit um þróun raunkostnaðar í samanburði við áætlun. Óvissupættir í áætluninni eru einkum olíukostnaður, styrkveitingar og rannsóknarafli, auk veðurskilyrða. Áætlunin er 89 m.kr. hærri en fjárlög 2009 sem þýðir að uppsafnaður tekjuafgangur nemur 51 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru 30% yfir áætlun vegna þess að tekjur sem áttu að koma í mars komu ekki fyrr en í apríl. Ekki er tilefni til sérstakra ráðstafana. Lítil óvæntur kostnaður fellur á stofnunina. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 13 m.kr. yfir áætlun.

3 Tekjur

Hafrannsóknastofnun fær sértekjur sem eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu, einkum aflatekjur, tekjur af útleigu skipa og styrki. Ekki liggur þó fyrir áhættumat vegna þeirra. Fylgni er á milli sértekna og kostnaðar í sumum tilvikum, t.d. nataralli. Í lok mars 2009 voru sértekjur ekki alveg í samræmi við áætlun því áætlaðar tekjur dreifast ekki í samræmi við innstreymi þeirra. Það jafnast innan ársins. Leitað er leiða til að auka sértekjur, einkum með því að sækja fjármagn í sjóði erlendis frá.

4 Fjármálastjórn

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna færir bókhald stofnunarinnar í Navison jafnóðum og gögn liggja fyrir og er aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera fullnægjandi. Fjármálastjóri starfar í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er

fullnægjandi og að jafnaði eru reikningar áritaðir af tveimur einstaklingum. Stofnunin hefur ekki metið hættu á sviksemi með formlegum hætti né skilgreint verklag þar að lútandi. Talið er að möguleikar til sviksemi séu litlir. Starfsmenn hafa beiðnabækur og eftirlit er haft með notkun þeirra.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur reglur um innkaup og rammisamningar Ríkiskaupa eru nýttir vegna helstu kostnaðarliða. Óformleg markmið hafa verið sett um 20% niðurskurð í erlendum ferðalögum. Ekki er ráðið í stöður sem losna og launakostnaður hefur verið lækkaður með því að loka á nóttunni og fella niður vaktalag vegna veiðieftirlits. Laun forstöðumanns hafa lækkað og yfirvinnubann er í gildi. Stefnt er að því að hagræðing skaði ekki þjónustustig eða gæði. Reynt er að auka tekjur til að úthald skipa raskist ekki en of lítið úthald felur í sér of háan einingarkostnað. Niðurskurður í þjónustu hefur verið skilgreindur, t.d. rannsóknir á nytjastofnum, en svigrúm er takmarkað vegna hárra fastra útgjalda og aðhalds á liðnum árum.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki lagt fram neinar forsendur eða forgangsöröðun vegna sparnaðar en hins vegar beðið stofnunina um hagræðingartillögur. Þær tillögur verða kynntar ráðuneytinu fljótlega. Gert er ráð fyrir niðurskurði í kostnaði og þjónustu árið 2010 en erfitt að meta umfangið. Stöðugildum mun fækka og álag hjá stofnuninni aukast samhliða þrengri fjárhag. Ef niðurskurður verður mikill gæti þurft að leggja öðru skipinu og segja upp starfsfólki sem þýddi lægra þjónustustig.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki er í gildi formlegur árangursstjórnunarsamningur en starfað er í anda samnings sem rann út fyrir ári. Stofnunin gerir bæði ársáætlanir og langtímaáætlanir sem eru unnar samhliða rekstraráætlun. Fram fer árlegt mat á árangri sérfræðinga og bónusar eru veittir fyrir góðan árangur. Gripið er til skilgreindra aðgerða ef ástæða er til. Unnið hefur verið að því að bæta boðleiðir síðastliðin tvö ár. Stofnunin hefur gott aðgengi að ráðuneytinu sem hefur eðlilega eftirfylgni með henni og eru samskiptin mjög tíð og góð.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýtttri fjárheimild í árslok.

04-405 VEIÐIMÁLASTOFNUN

1 Inngangur

Veiðimálastofnun heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og starfar samkvæmt lögum nr. 59/2006. Stofnunin er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra með aðsetur í Reykjavík en rekur auk þess fjögur útibú á landsbyggðinni. Samkvæmt skipuriti skiptist hún í þrjú fagsvið í samræmi við hlutverk hennar auk rekstrardeildar sem er stoðdeild. Þá er sérstök ráðgjafarnefnd forstjóra til ráðuneytis. Ársverk árið 2008 voru 18,5. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 101 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 20 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 121 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	56	72	123	72	85
Afgangur / halli ársins	-1	-20	30	4	11
Hlutfall af fjárheimild ársins	-1,8%	-27,8%	24,4%	5,6%	12,9%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Skrifstofustjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstjóra. Kostnaður er greindur niður á einstakar deildir og verkefni. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Rekstraráætlun fyrir 2009 er um 9 m.kr. hærrí en fjárlög sem þýðir að 11 m.kr. tekjuafgangur verður í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Framreiknaðar rauntölur ársins 2008 eru 44 m.kr. undir áætlun.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru aðallega tekjur af þjónustu eins og rannsóknum fyrir veiðifélög, vöktun fiskstofna og ráðgjöf um veiðinýtingu og fiskigengd. Einnig stundar hún rannsóknir fyrir aðila á borð við orkufyrirtæki, Vegagerðina, fiskeldisfyrirtæki og veiðifélög. Þessar tekjur eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu, m.a. vegna minni framkvæmda við virkjanir, vegagerð og hjá veiðifélögum. Tekið hefur verið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru hærrí en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir. Stofnunin vinnur að því að auka sértekjur sínar með umsóknum um styrki úr ýmsum sjóðum og vegna rannsókna tengdum silungsveiðum.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í TOK+ bókhaldskerfinu og eru öll viðskipti skráð strax. Ekki er hægt að koma á fullnægjandi aðgreiningu á milli starfa bókara og gjaldkera vegna smæðar stofnunarinnar en reynt er að fylgja þeirri reglu að tveir skrifi upp á alla reikninga. Skrifstofustjóri sem jafnframt er fjármálastjóri stofnunarinnar er í fullu starfi. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki

verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættu í starfsemi. Skilgreint verklag um viðbrögð þegar grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga og eru rammisamningar Ríkiskaupa nýttir eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, með breyttu starfshlutfalli og minni yfirvinnu. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu stofnunarinnar. Stofnunin hefur skilgreint forgangs röðun í niðurskurði á þjónustu sinni. Hún mun kanna það hjá viðskiptavinum hvaða áhrif niðurskurðurinn hafði.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur óskað eftir því að stofnunin leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 og gerir hún ráð fyrir niðurskurði kostnaðar og þjónustu. Ekki er búið að taka ákvörðun um fækkun stöðugilda. Stofnunin gerir ekki ráð fyrir auknu álagi á árinu 2010 vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Gerð er árs- og langtímaáætlun vegna stærstu verkefna og eru þær gerðar samhliða rekstraráætlun. Ekki fer fram reglubundið árangursmat innan stofnunarinnar en það er fyrirhugað. Boðleiðir hafa verið bættar. Samskipti stofnunarinnar við ráðuneytið eru góð en ekki reglubundin. Ráðuneytið fylgist með því á þeim fundum sem haldnir og með skoðun á áætlunum stofnunarinnar að hún nái markmiðum sínum. Stofnunin hefur fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

06-106 ÞJÓÐSKRÁ

1 Inngangur

Formlega er Þjóðskrá ekki sérstök stofnun heldur skrifstofa í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Yfirmaður hennar hefur starfstílinn skrifstofustjóri en ekki forstöðumaður. Þjóðskrá hefur þó flest einkenni stofnunar og verður því fjallað um hana sem slíka. Fram á mitt ár 2006 var hún hluti Hagstofu Íslands. Stofnunin heldur skrá þar sem skráðir eru allir þeir sem átt hafa lögheimili á Íslandi frá 1952. Skráð er kennitala, nafn, lögheimili o.fl. auk breytinga sem verða á högum. Stofnunin miðlar slíkum upplýsingum til stjórnsýslu, almennings og atvinnulífs og gefur út vottorð, nafnskrirteini og vegabréf. Þá gerir hún kjörskrárstofna vegna kosninga og er kjörstjórnnum til ráðgjafar. Einnig annast hún tölvuþjónustu fyrir sýslumannsembætti og dómstóla. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í þrjú meginvið: aðalskrifstofu, vegabréfdeild og tölvudeild. Ársverk á árinu 2008 voru 36,7. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 305 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 106 m.kr. Það sem eftir stendur eða 199 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 12 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 187 m.kr.

Í m.kr.	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	123	174	200
Afgangur / halli ársins	32	8	-31
Hlutfall af fjárheimild ársins	26,1%	4,6%	-15,5%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um gerð við rekstraráætlunar. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstöðumanns (skrifstofustjóra). Áætlunin er brotin niður á deildirnar þrjár sem stofnunin skiptist í. Fjármálastjóri ber hana saman við rauntölur vikulega og fjármálastjóri og forstöðumaður fara mánaðarlega yfir hana, greina frávik og bregðast við. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlun standist ekki. Ljóst er að kostnaður við útgáfu vegabréfa stenst ekki áætlun. Vegabréfabækur eru keyptar erlendis frá (í evrum) og er kostnaður við þær því háður gengi íslenskar krónu. Rekstraráætlunin er 16 m.kr. lægri en fjárlög. Stofnuninni er ætlað að ná niður halla ársins 2008 auk frekari niðurskurðar. Þetta þýðir að afgangur ársins 2009 verður 4 m.kr. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 6,5% yfir áætlun samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar, aðallega vegna þess að fyrirhuguð eignakaup fór fyrr fram en áætlað var. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 58 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Erfitt er að fullyrða um aukið álag hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins.

3 Tekjur

Stofnunin hefur markaðar tekjur (koma ekki fram í séryfirliti 3 í frumvarpi til fjárlaga). Þetta eru tekjur vegna tiltekinna breytinga á mannanöfnum. Einnig hefur Þjóðskrá tekjur af sölu þjóðskrárgagna og vottorða (sbr. séryfirlit 4 í frumvarpi til fjárlaga), þá hefur hún tekjur af þjónustu við upplýsingatæknimál sýslumanna, dómstóla og annarra undirstofnana dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Búast má við samdrætti í sölu þjóðskrárgagna vegna minnkandi efnahagsumsvifa.

Um fylgni milli sértekna og kostnaðar er það að segja að kostnaður af grunnþjónustu tölvudeildar er óháður tekjum en tekjur af valkvæðri þjónustu stendur í beinu sambandi við kostnað. Staða sértekna er 6,2 m.kr. undir áætlun sem skýrist af því að ekki er búið að bóka valkvæða þjónustu frá sýslumannsembættum í Orra (er í millifærslum hjá FJS).

4 Fjármálastjórn

Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá FJS. Sérstakur fjármálastjóri er starfandi. Bókhald er fært eftir því sem reikningar berast og samþykkir fjármálastjóri alla venjulega reikninga. Í sérstökum tilvikum eru þeir bornir undir forstöðumann (skrifstofustjóra). Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti. Stjórnendur eru hins vegar vel meðvitaðir um áhættu í starfseminni og telja hana afmarkaða og fremur litla. Ekki hefur heldur verið skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Þjóðskrá var gert að skera niður um 39 m.kr. á árinu 2009. Vegna þessa kallaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir endurskoðaðri rekstraráætlun. Áætlunin var endurskoðuð út frá sparnaði í 11 liðum. Þar kemur fram forgangs röðin í niðurskurði á þjónustu stofnunarinnar. Stofnunin hefur ekki sett sérstakar reglur um innkaup rekstraraðfanga en nýtir rammisamninga Ríkiskaupa þegar þeir bjóða bestu kjör. Stofnunin hefur sett markmið um lækkun ferðakostnaðar og risnu. Gert er ráð fyrir lækkun launakostnaðar með því að tveim starfsmönnum verður sagt upp samhliða því að starfsstöð í Reykjanesbæ sem annast útgáfu vegbréfa verður lögð niður og starfsemin flutt í húsnæði Þjóðskrár. Einnig verður látið hjá líða að svo stöddu að ráða í stöðugildi lögfræðings við stofnunina.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur eingöngu beðið um tillögur vegna ársins 2009. Sumar af sparnaðarráðstöfunum vegna ársins 2009 taka til lengri tíma og allar rekstrarákvæðanir taka mið af því að búið er við frekari sparnaðarkröfum vegna ársins 2010. Ekki er gert ráð fyrir niðurskurði á núverandi þjónustu stofnunarinnar.

7 Stefnumótun og samskipti

Hafa ber í huga þegar litið er til skipulags, stefnumótunar og samskipta að Þjóðskrá er í raun ekki sérstök stofnun sbr. tölulið 1. Því er t.d. enginn árangursstjórnunarsamningur í gildi. Samskipti skrifstofunnar við aðrar skrifstofur ráðuneytisins eru góð og fær Þjóðskrá skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

06-303 RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

1 Inngangur

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Honum ber að bera lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvalds sem snerta starfsemi lögreglunnar og fylgjast með að ákvörðunum sé fylgt. Hann hefur upplýsingaskyldu um málefni lögreglunnar gagnvart dómsmálaráðherra og gerir tillögur til ráðherra um fyrirmæli til lögreglustjóra. Þá vinnur hann að hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar. Samkvæmt skipuriti skiptist embættið í þrjú svið. Ársverk árið 2008 voru 125,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 1.326 m.kr. auk 10 m.kr. vegna launabóta og verða þau fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Samtals eru þetta 1.337 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 15 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 er því áætluð 1.322 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	791	932	1.120	1.167	1.301
Afgangur / halli ársins	0	-52	4	-49	11
Hlutfall af fjárheimild ársins	0,0%	-5,6%	0,3%	-4,2%	0,8%

2 Rekstraráætlun

Embættið fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Framkvæmdastjóri rekstrar hefur umsjón með gerð hennar í umboði ríkislögreglustjóra. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði viðfanga. Hún er borin saman við rauntölur vikulega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim. Embættið hefur metið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlun standist ekki og gætu einkum gengisþróun og verðlagsforsendur riðlað henni. Rekstraráætlunin er um 28 m.kr. lægri en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður halli greiðist allur og höfuðstóll verður jákvæður um 13 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Álag hjá starfsmönnum embættisins hefur aukist og er reynt að hagræða eins og kostur er. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 44 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist hefur verið við því með því að lækka allan rekstrarkostnað embættisins, m.a. með uppsögnum á þjónustu og húsa-leigusamningum og lækkun ferða- og launakostnaðar.

3 Tekjur

Embættið hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur, hins vegar hefur það umtalsverðar sértekjur, aðallega vegna samreksturs á lögreglubifreiðum lögregluembættanna. Þessar tekjur eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Ekki hefur verið tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur. Mikil fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru um 36 m.kr. lægri en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir, m.a. vegna minni aksturs lögreglubifreiða hjá lögregluembættunum. Vert er að geta þess að minni akstur leiðir til lækunar á kostnaði hjá lögregluembættum.

4 Fjármálastjórn

Embættið færir sjálfst bókhalda sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð jafnóðum og gögn liggja fyrir. Fjármálastjóri er hjá embættinu í fullu starfi. Að-

greining er ekki nægileg á milli starfa bókara og gjaldkera en vegna hagræðingar í rekstri hefur ekki verið ráðið í laus störf hjá embættinu. Þeirri reglu er fylgt að viðkomandi sviðstjóri og gjaldkeri samþykkja alla reikninga. Embættið notar rafrænt samþykktakerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfseminni. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Embættið hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga og nýtir sér ramma-samninga Ríkiskaupa eins og kostur er. Það hefur sett sér markmið um lækkingun alls rekstrarkostnaðar, þ.m.t. launakostnaði. Launakostnaður á árinu 2009 hefur lækkað með fækkun stöðugilda og minni yfirvinnu. Þessar sparnaðaraðgerðir munu einkum verða til að draga úr þjónustu embættisins við lögregluembættin í landinu.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki óskað eftir því að embættið leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010. Embættið gerir ráð fyrir að það geti komið til frekari niðurskurðar á kostnaði og þjónustu, einnig að álag á starfsmenn muni aukast enn frekar. Að mati stjórnenda er hætta á að mikilvægir málaflokkar, m.a. efnahagsbrotarannsóknir, muni dragast saman eða ekki vera sinnt með sama hætti og áður.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er í gildi og árs- og langtímaáætlanir eru gerðar samhliða rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat er gert. Fyrir liggja skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Boðleiðir hafa verið bættar með fleiri fundum með millistjórnendum og meiri upplýsingagjöf til almennra starfsmanna. Jafnframt hefur aðgengi að rekstrarupplýsingum verið aukið. Samskipti við ráðuneytið eru góð og það fylgist með rekstrarmarkmiðum embættisins.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

06-310 LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

1 Inngangur

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa 1. janúar 2007. Það varð til við sameiningu þriggja lögregluembætta, þ.e. lögreglunnar í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Embættið nær yfir átta sveitarfélög þar sem búa tæplega 200 þúsund manns. Stofnun embættisins var liður í breytingum á skipulagi lögreglumála á Íslandi. Embættið skiptist í þrjú svið auk stoðdeilda sem starfa þvert á sviðin. Þá er skrifstofa lögreglustjóra og innri endurskoðunardeild. Fyrir liggur skipurit. Ársverk árið 2008 voru 406,3. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 3.209 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru um 86 m.kr. millifærslur, m.a. vegna launabóta, sérstakrar fjárveitingar vegna fíkniefnamála og vegna ráðningar lögreglumanna tímabundið. Samtals eru þetta 3.295 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 163 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu eru því áætlaðar 3.132 m.kr.

Í m.kr.	2007	2008
Fjárheimild ársins	2.979	3.174
Afgangur / halli ársins	-116	-98
Hlutfall af fjárheimild ársins	-3,9%	-3,1%

2 Rekstraráætlun

Embættið hefur verklagsreglur um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun en hefur einnig til hliðsjónar leiðbeiningar FJS. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði lögreglustjóra. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki og eru það aðallega launa- og húsnæðiskostnaður. Rekstraráætlunin er um 163 m.kr. lægri en fjárlög og millifærslur sem þýðir að uppsafnaður halli um síðastliðin áramót hverfur. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru undir áætlun. Álag hjá starfsmönnum embættisins hefur aukist með auknum verkefnum. Hagræðingaraðgerðir hafa m.a. falist í því að fækka starfsmönnum með því að ráða ekki í laus störf, en ekki hefur verið gripið til uppsagna. Dæmi um kostnað sem fellur á embættið sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á er húsaleiga og kostnaður tölvumiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Framreiknaðar rekstartölur ársins 2008 eru um 291 m.kr. hærri en áætlun 2009. Brugðist hefur verið við því m.a. með lækkun launakostnaðar, uppsögn húsnæðis og fækkun bifreiða.

3 Tekjur

Embættið hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur það sértekjur vegna átaksverkefnis á sviði umferðarmála og útseldrar vinnu. Þessar tekjur eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Tekið hefur verið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur með breyttu skipulagi. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru hærri en rekstraráætlun gerir ráð fyrir.

4 Fjármálastjórn

Embættið færir sjálft bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð jafnóðum og gögn liggja fyrir. Fjármálastjóri er hjá embættinu í fullu starfi. Aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Embættið notar rafrænt samþykktakerfi og samþykkir ábyrgðarmaður viðfangs reikninga undir 500 þús.kr. Hærrí reikningar eru einnig samþykkir af fjármálastjóra. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfseminni. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Embættið hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga og nýtir sér ramma-samninga Ríkiskaupa eins og kostur er. Það hefur sett sér markmið um lækkingun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, með breyttu starfshlutfalli og minni yfirvinnu. Aukið álag vegna þessara sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu embættisins vegna meiri hagræðingar í allri starfseminni. Það hefur skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni m.a. í þjónustu sem aðrar stofnanir eiga að veita. Embættið mun kanna hjá viðskiptavinum sínum hvaða áhrif niðurskurðurinn hafði.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki óskað eftir því að embættið leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 en embættið hefur hins vegar sent ráðuneytinu ýmsar tillögur í því sambandi. Embættið gerir ráð fyrir niðurskurði kostnaðar og þjónustu og að álag á starfsmenn muni aukast.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Árs- og langtímaáætlanir eru gerðar samhliða rekstraráætlun. Fram fer reglubundið árangursmat. Fyrir liggja skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Boðleiðir hafa verið bættar með fleiri fundum með millistjórnendum og meiri upplýsingagjöf til almennra starfsmanna, m.a. með fleiri starfsmannafundum. Ráðuneytið fylgist vel með að embættið nái markmiðum sínum. Samskipti við það hafa verið góð og embættið hefur fengið skjót og góð svör frá því við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	EKKI í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

06-395 LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

1 Inngangur

Landhelgisgæsla Íslands heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Hlutverk hennar er m.a. að hafa ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó. Stofnunin sér um löggæslu og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland. Hún aðstoðar við björgun og sjúkraflutninga á landi og sér um að eyða sprengjum. Að auki sinnir hún sjómælingum og gerir sjókort. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í þrjú svið. Ársverk árið 2008 voru 159,3. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 2.738 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eiga að koma um 120 m.kr. millifærslur vegna gengisleiðréttinga. Samtals eru þetta 2.858 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 155 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 2.703 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	1.173	1.303	1.901	2.645	2.604
Afgangur / halli ársins	65	-258	-192	254	-53
Hlutfall af fjárheimild ársins	5,5%	-19,8%	-10,1%	9,6%	-2,0%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS en hefur ekki sett sér sjálf formlegar verklagsreglur. Viss vinnubrögð og verkaskipting hafa verið að festast í sessi frá árinu 2006, m.a. með meiri aðkomu og ábyrgð deildarstjóra á gerð rekstraráætlunar. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstjóra. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði viðfanga. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki og eru það aðallega gengismál og óvæntar bilanir í þyrlum. Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir hækkun fjárveitinga um 120 m.kr. vegna gengisbóta fyrir árið 2009 í samráði við dómsmálaráðuneytið. Rekstraráætlunin er um 187 m.kr. lægri en fjárlög og gengisbæturnar sem þýðir að uppsafnaður halli um síðastliðin áramót hverfur og eftir standa um 32 m.kr. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Álag hjá starfsmönnum hefur aukist m.a. vegna uppsagna og mikillar hagræðingavinnu. Dæmi um kostnað sem fellur á stofnunina sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á er vegna leigusamninga á þyrlum og húsaleigu. Gengiskostnaður er um 25–30% af heildargjöldum. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 200 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist hefur verið við því m.a. með lækkun launakostnaðar, minna úthaldi á varðskipum og æfingaflug á þyrlum fer fram á minnstu þyrlunni eftir því sem kostur er.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum 2009 hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hún fær þó litlar markaðar tekjur vegna sölu sjókorta. Þá hefur hún sértekjur vegna samstarfssamninga. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru hærri en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir. Stofnunin vinnur að því að auka sértekjur sínar með ýmsum sérverkefnum og hefur jafnframt kannað hvort hún geti leigt þyrlur sínar og skip.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð jafnóðum og gögn liggja fyrir. Fjármálastjóri er hjá stofnuninni í fullu starfi. Aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Þeirri reglu er fylgt að tveir skrifa upp á alla reikninga. Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfseminni. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga en nýtir sér rammameninga Ríkiskaupa eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, breyttu starfshlutfalli og minni yfirvinnu. Aukið álag vegna þessara sparnaðaraðgerða mun minnka þjónustu stofnunarinnar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 og hefur henni verið skilað. Stofnunin gerir ráð fyrir niðurskurði kostnaðar og þjónustu og að álag á starfsmenn muni aukast.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur er í gildi og ársáætlun og langtímaáætlun eru gerðar samhliða rekstraráætlun. Fram fer reglubundið árangursmat. Ekki liggja fyrir skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Boðleiðir hafa verið bættar með fleiri fundum með millistjórnendum og meiri upplýsingagjöf til almennra starfsmanna. Ráðuneytið fylgist ekki með því formlega að stofnunin nái markmiðum sínum. Samskiptin við það hafa verið góð en stofnunin hefur þó ekki alltaf fengið skjót svör frá því við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		Áætlun ekki verið samþykkt
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Rekstraráætlun hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

06-398 ÚTLENDINGASTOFNUN

1 Inngangur

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og starfar samkvæmt lögum um útlendinga nr. 96 frá 2002 og reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga. Helstu viðfangsefni stofnunarinnar eru að fjalla um og afgreiða umsóknir um leyfi vegna landgöngu og dvalar útlendinga hér á landi. Hér er um að ræða dvalarleyfi, búsetuleyfi og vegabréfsáritanir auk þess sem stofnunin fjallar um umsóknir um pólitískt hæli hér á landi. Jafnframt sér stofnunin um afturkallanir leyfa, brottvísanir úr landi, frávísanir og endurkomubönn sem taka til alls Schengensvæðisins. Stofnunin skiptist í þrjú svið auk fjögurra stoðdeilda. Fyrir hendi er myndrænt skipurit. Ársverka árið 2008 voru 25,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 212 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr rikissjóði. Uppsafnaður halli nam um 18 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 194 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	189	204	179	222	246
Afgangur / halli ársins	9	-8	-16	-9	-22
Hlutfall af fjárheimild ársins	4,8%	-3,9%	-8,9%	-4,1%	-8,9%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Rekstrarstjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstjóra. Kostnaður er greindur niður á einstök svið og deildir. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlun standist ekki. Áætlunin er borin saman við rauntölur ársfjórðungslega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Rekstraráætlunin er um 11 m.kr. lægri en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður halli verður 7 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 18% hærri en áætlunin vegna mikils kostnaðar við hælisleitendur. Þetta gefur tilefni til að stofnunin og ráðuneytið taki málið til skoðunar. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins. Dæmi um kostnað sem fellur á stofnunina sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á er húsaleiga, tölvumál og kostnaður vegna hælisleitenda. Framreiknaðar rekstrartölur ársins 2008 eru um 88 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaganna. Verður brugðist við því m.a. með lækkun launakostnaðar en ekki liggur enn fyrir hvernig brugðist verður við þeim halla sem fyrirsjáanlega myndast á árinu vegna þess að fjárveitingar til framfærslu hælisleitenda eru mun lægri en kostnaðurinn stefnir í.

3 Tekjur

Stofnunin hefur engar tekjur.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin er í bókhaldsþjónustu hjá FJS. Fjármálastjóri er hjá stofnuninni í 95% starfi. Þeirri reglu er fylgt að tveir skrifa upp á alla reikninga. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í

starfsemi. Skilgreint verklag um viðbrögð þegar grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga en nýtir sér rammisamninga Ríkiskaupa eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, með breyttu starfshlutfalli og minni yfirvinnu. Aukið álag vegna þessara sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu stofnunarinnar. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir hvort brugðist verður við fyrirsjáanlegum halla ársins með sparnaði sem hefði áhrif á þjónustuna.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir viðbrögðum ráðuneytis við tillögum Útlendingastofnunar um sparnað. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að einnig verði að skera niður kostnað á því ári og álag muni jafnvel aukast.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Hvorki er gerð ársáætlun né langtímaáætlun. Ekki fer heldur fram reglubundið árangursmat innan stofnunarinnar en það er fyrirhugað. Ekki liggja fyrir skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Þar sem þetta er lítil stofnun eru allar boðleiðir í góðum farvegi. Ráðuneytið fylgist ekki með því formlega að stofnunin nái markmiðum sínum. Samskiptin við ráðuneytið eru góð en stofnunin hefur þó ekki alltaf fengið skjót svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		X
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	X	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

06-411 SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

1 Inngangur

Embætti sýslumannsins í Reykjavík heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Meginhlutverk þess er að annast ýmsa stjórnsýslu í umdæmi sýslumannsins. Verkefni þess tengjast einkum þinglýsingum, firmaskrá, lögbókandagerðum, sífamálum, skiptamálum, lögráðamálum, uppboðsmálum, aðfararmálum og kosningu utan kjörfundar. Embættið skiptist í þrjár deildir og skrifstofu, Myndrænt skipurit liggur fyrir. Ársverk á árinu 2008 voru 51,2. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 332 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru 5 m.kr. vegna launabóta. Samtals eru þetta 337 m.kr. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 7 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 344 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	259	284	313	320	326
Afgangur / halli ársins	2	-3	25	-2	-16
Hlutfall af fjárheimild ársins	0,9%	-1,2%	7,9%	-0,6%	-4,9%

2 Rekstraráætlun

Embættið fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Skrifstofustjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði sýslumanns. Rekstraráætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna. Hún er borin saman við rauntölur a.m.k. mánaðarlega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er um 4 m.kr. hærri en fjárlög 2009. Uppsafnaður tekjuafgangur í árslok verður því 3 m.kr. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru í takt við áætlun. Gera má ráð fyrir auknu álagi hjá embættinu vegna efnahagsástandsins. Húsaleiga og tölvuþjónusta eru dæmi um kostnað sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 17 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og verður því mætt m.a. með lækkun launakostnaðar.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur embættið hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur það litlar sértekjur. Þetta eru ýmsar þjónustutekjur sem eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Ekki er fylgni með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru í samræmi við rekstraráætlunina.

4 Fjármálastjórn

Embættið færir sjálft bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax. Sérstakur fjármálastjóri er hjá embættinu. Fullnægjandi aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Tveir starfsmenn skrifa upp á reikninga þegar við á. Embættið notar rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættu í starfseminni. Ekki hefur heldur verið skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Embættið hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga en styðst við verklagsreglur stjórnarráðsins. Rammasamningar Ríkiskaupa eru nýttir eins og kostur er, auk þess sem embættið leitar sjálft tilboða og reynir ávallt að gera sem hagstæðust innkaup. Embættið hefur ekki sett sér markmið um lækkun ferða- og risnukostnaðar enda er þessi kostnaður mjög lítill. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, breytingu á starfshlutfalli og með minni yfirvinnu. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun minnka þjónustu embættisins við viðskiptavinum hennar. Embættið hefur skilgreint forgangsörðun í niðurskurði á þjónustu sinni.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að skera verður niður kostnað á því ári. Tekið verður á því með fækkun stöðugilda þannig að álag mun aukast. Sé tekið mið af málafjölda og álagi yfirstandandi árs verður slíku ekki mætt nema með skertri þjónustu.

7 Stefnunótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Hvorki er gerð ársáætlun né langtímaáætlun samhliða rekstraráætlun. Árangursmat innan embættisins fer ekki fram með formlegum hætti en reglulega er fylgst með málafjölda og að rekstur haldist innan áætlunar og strax brugðist við ef þörf er á. Ekki liggja fyrir skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um embættið. Að mati forráðamanna embættisins hafa boðleiðir á stofnuninni verið í ágætum farvegi. Samskiptin við ráðuneytið eru lítil og er erindum embættisins yfirleitt svarað seint. Ráðuneytið fylgist ekki sérstaklega með því að embættið nái markmiðum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur upp á árinu.

06-418 SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

1 Inngangur

Sýslumaðurinn á Ísafirði heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Embættið fer með lögreglustjórn í umdæmi sínu og umdæmi sýslumannanna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík, og nefnist lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Hjá sýslumanninum á Ísafirði er skönnunarmiðstöð þar sem eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið eru færð yfir á rafrænt form. Starfandi er lögfræðingur sem annast úrskurði fyrir dómsmálaráðuneytið vegna stjórnarsýslukæra í útlendingamálum. Ekki liggur fyrir skipurit á myndrænu formi. Ársverk árið 2008 voru 36,8. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 332 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam tæpri 1 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 331 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	163	167	177	291	321
Afgangur / halli ársins	3	-1	-3	2	-3
Hlutfall af fjárheimild ársins	1,8%	-0,6%	-1,7%	0,7%	-0,9%

2 Rekstraráætlun

Farið er eftir leiðbeiningum FJS við gerð rekstraráætlunar. Skrifstofustjóri hefur umsjón með gerð hennar og vinnur hana í samráði við sýslumann og yfirlögregluþjón. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði tveggja viðfanga, sýslumanns og lögreglu. Hún er borin saman við rauntölur oft í mánuði og brugðist við frávikum eftir þörfum, t.d. með tímabundinni lækkun útgjalda. Reglulega er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar. Langtímaveikindi, yfirvinna og kostnaður við lögreglubifreiðar gætu helst valdið því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er 1 m.kr. lægri en fjárlög og mun halla fyrri ára því hverfa á árinu. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru undir áætlun þar sem embættið hóf aðhaldsaðgerðir strax í upphafi árs. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu embættisins í kjölfar efnahagsástandsins. Óvæntur kostnaður getur fallið á stofnunina vegna verð- og gengistryggðra samninga. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 40 m.kr. hærri en áætlun og brugðist var við því með samdrætti í rekstraráætlun, t.d. skerðingu á yfirvinnu lögreglumanna, niðurskurði í tækjakaupum og fækkun ferðalaga.

3 Tekjur

Embættið er með sértekjur sem eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Þær eru einkum vegna útseldar vinnu lögreglu við flutning á farmi og vegna fíkniefnaeftirlits. Ekki hefur verið tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á þær enda um lága fjárhæð að ræða. Fylgni er milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru tekjur í samræmi við áætlun. Embættið hefur ekki leitað leiða til að auka sértekjur sínar, að öðru leyti en því að fyrir nokkru stóð til að hefja sölu á skönnun gamalla skjala en engin eftirspurn er eftir þeirri þjónustu í dag.

4 Fjármálastjórn

Embættið færir sjálft sitt bókhald í Orra. Það er fært daglega og aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er fullnægjandi. Fjármálastjóri er jafnframt

skrifstofustjóri og starfar í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er með þeim hætti að reikningar eru áritaðir af tveimur einstaklingum að jafnaði. Mat hefur ekki verið lagt á hættu á sviksemi með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð þar að lútandi. Hins vegar eru verklagsreglur skýrar, t.d. um sjóðsuppgjör.

5 Sparnaður í rekstri

Embættið er ekki með innkaupastefnu en aðhaldi er beitt í innkaupum og ramma-samningum Ríkiskaupa fylgt þegar það er hagkvæmt. Skýr markmið hafa verið sett um lækkun ferðakostnaðar og risnu. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda árið 2009 en launakostnaður lækkar bæði fyrir breytt og óbreytt vinnuframlag, t.d. er dregið úr yfirvinnu og fastlaunasamningar lækkaðir. Frekari lækkun launakostnaðar mun reynast erfið því flest úrræði hafa verið nýtt í þeim efnun. Ekki er gert ráð fyrir minni þjónustu vegna sparnaðaraðgerða árið 2009 en fastlega búist við að svo geti orðið árið 2010. Embættið ráðgerir ekki sérstaka könnun á áhrifum niðurskurðarins á viðskiptavinum sína.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur gefið út að vinna þurfi sparnaðartillögur vegna 2010 en formlegt erindi þar að lútandi hefur ekki borist. Formleg tillögugerð um sparnað liggur ekki fyrir en yfirstjórn hefur hafið undirbúning. Embættið gerir ráð fyrir verulegum niðurskurði í kostnaði sem mun leiða til fækkunar stöðugilda og niðurskurðar á þjónustu. Gert er ráð fyrir auknu álagi á starfsmenn embættisins vegna efnahagsástandsins, t.d. vegna aukinna ofbeldis- og fjármunabrota og aukningar í innheimtu, aðfarargerðum, nauðungarsólum og sífjamálum. Brugðist verður við því m.a. með tilfærslu verkefna milli starfsmanna.

7 Stefnumótun og samskipti

Lögreglan er með gildandi árangursstjórnunarsamning við dómsmálaráðuneytið en sýslumaður ekki því sá samningur rann út 2007. Lögreglan vinnur árs- og langtímaáætlanir í kjölfar rekstraráætlunar. Fram fer árlegt árangursmat. Ef árangur er ekki ásættanlegur eru gerðar tillögur um úrbætur. Boðleiðir hafa verið bættar og samvinna aukin. Ráðuneytið fylgist með að embættið nái markmiðum sínum, samskipti við það eru góð og það svarar erindum fljótt og vel.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að ónýtt fjárheimild verði nýtt til fulls á árinu.

06-501 FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

1 Inngangur

Fangelsismálastofnun ríkisins heyrir undir dómsmálaráðherra. Hlutverk hennar er að sjá um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Stofnunin hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar. Að auki sér hún um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta. Starfsemi er lýst í skipuriti og deilist hún niður á fimm fangelsi í landinu. Ársverk árið 2008 voru 122,8. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 1.154 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 24 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 1.178 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	658	780	828	923	1.060
Afgangur / halli ársins	13	35	32	-21	-50
Hlutfall af fjárheimild ársins	2,0%	4,4%	3,8%	-2,3%	-4,7%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin hefur ekki skráðar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar. Hvert fangelsi gerir drög að rekstraráætlun samkvæmt fyrirmælum fangelsismálastofnunar og vinnur fjármálastjóri áætlunina í samvinnu við forstöðumann stofnunarinnar. Áætlunin er brotin niður á helstu einstaka tekju- og gjaldaliði. Hún er borin saman við rauntölur og fundað er mánaðarlega og eftir þörfum um framgang hennar. Rekstraráætlun 2009 er um 2 m.kr. lægri en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður tekjuafgangur verður 26 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur vegna þriggja fyrstu mánaða ársins eru undir áætlun. Á það skal bent að þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu eru skráningar seinar inn í kerfið. Framreiknaðar rekstrartölur ársins 2008 eru um 22 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsfor-sendur fjárlaga. Brugðist hefur verið við því m.a. með lækkingun launakostnaðar. Gert ráð fyrir auknu álagi hjá fangelsismálastofnun m.a. vegna fjölgunar fanga.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en byggir starfsemi sína að hluta á sértekjum (að mestu við gerð bílnúmeraplatna og annarra sérverkefna). Sértekjur tengjast samfélagslegum sveiflum og margt bendir til þess að minni eftirspurn verði á komandi mánuðum eftir þeirri þjónustu sem stofnunin selur. Því gæti brugðist til beggja vona um áætlun tekna. Sértekjur ganga beint í að greiða kostnað.

4 Fjármálastjórn

FJS annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina. Viðskipti eru skráð þegar til þeirra er stofnað og jafnóðum og gögn liggja fyrir. Forstöðumenn fangelsa ásamt fjármálastjóra samþykkja og skrifa upp á reikninga. Ekki er notast við rafrænt samþykktarferli. Hætta á sviksemi starfsmanna hefur ekki verið metin en meint brot eru kærð til lögreglu.

5 Sparnaður í rekstri

Almennt eru rammasamningar Ríkiskaupa nýttir og stuðst er við skráðar reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað. Forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu hefur verið skilgreind og gert er ráð fyrir lækkun launakostnaðar fyrir árið 2009 með breyttu vinnuframlagi og launalækkun starfsmanna miðað við óbreytt vinnuframlag. Stofnunin hefur sett sér markmið um að draga úr ferðakostnaði og risnu. Fangaverðir ganga í öll störf óháð stöðuheiti til að draga úr útköllum. Yfirvinnupak hefur almennt verið lækkað og vaktakerfum breytt til að draga úr yfirvinnu. Einnig var bakvöktum fangavarða sagt upp. Ekki verður boðið upp á nám við Fangavarðaskólann á árinu 2009. Þá hefur almennt verið dregið úr meðferðarúrræðum og þjónustu við fanga.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Dómsmálaráðuneyti hefur enn ekki óskað formlega eftir því að embættið leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010. Stofnunin hefur hins vegar kallað eftir því og telur að grípa þurfi til aðgerða. Að öðrum kosti er talið að loka þurfi fangelsinu á Akureyri og Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, auk áframhaldandi lokun Fangavarðaskólans.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki er árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytis og Fangelsismálastofnunar en drög að samningi eru hjá ráðuneytinu. Reglubundið árangursmat fer fram reglulega á tilteknum þáttum starfseminnar. Þá telur stofnunin ekki raunhæft að gera langtímaáætlun nema fyrir liggi hvort og hvenær nýtt fangelsi rísi. Samskipti við ráðuneytið eru góð. Það fylgist vel með rekstrarmarkmiðum stofnunarinnar og veitir skjót og góð svör.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

07-400 BARNAVERNDARSTOFA

1 Inngangur

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins og starfar samkvæmt lögum nr. 80/2002. Stofnunin veitir barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf og hefur eftirlit með störfum þeirra. Þá rekur hún meðferðarheimili / MST og veitir fósturforeldrum leyfi. Loks skal hún hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar auk þess sem hún annast fræðslu um barnavernd. Hún skiptist í tvö meginvið samkvæmt skipuriti. Ársverk á árinu 2008 voru 41,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 969 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 10 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 979 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	640	680	701	752	868
Afgangur / halli ársins	-99	25	24	-17	9
Hlutfall af fjárheimild ársins	-15,5%	3,7%	3,4%	-2,3%	1,0%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Rekstrarstjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstöðumanns. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega, frávik skoðuð og brugðist við þeim eins og hægt er. Áætlunin er endurskoðuð reglulega og breytingar tilkynntar ráðuneytinu. Ekki hefur verið metið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að hún standist ekki. Áætlunin er í takt við fjárlög og millifærslur 2009 og helst 10 m.kr. uppsafnaður tekjuafgangur því óbreyttur. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru í takt við áætlun. Gert er ráð fyrir auknu álagi hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins. Nýjar áherslur verða í þjónustu samkvæmt sérstöku mati sem nú er unnið að. Rekstrarsamningar bundnir til lengri tíma og húsaleiga til Fasteigna ríkissjóðs eru dæmi um kostnað sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á þegar verðlagsforsendur breytast. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 20 m.kr. undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Á árinu 2008 var þremur meðferðarheimilum lokað og svonefnt MST-kerfi tekið upp en það er meðferð í heimahúsi. Búið er við miklum sparnaði vegna þessarar breytingar.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru aðallega vegna meðferðar í Barnahúsi og vegna þjónustu þess við sveitarfélögin. Þessar tekjur eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Ekki hefur verið tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur. Almennt má segja að ekki sé fylgni með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru lægri en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir m.a. vegna þess að eftir er að bóka ýmsar tekjur sem tilheyra mars. Stofnunin vinnur að því að auka sértekjur sínar með hækkun gjaldskrár útseldrar vinnu til sveitarfélaga.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá FJS og eru öll viðskipti skráð strax, þó eru tekjur stundum ekki bókaðar strax. Sérstakur fjármálastjóri er hjá stofnuninni. Fullnægjandi aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Tveir starfsmenn skrifa upp á reikninga þegar við á. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættu í starfseminni. Ekki hefur heldur verið skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmörkun kostnaðar en styðst við verklagsreglur stjórnarráðsins í því sambandi. Rammasamningar Ríkiskaupa eru nýttir eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar og risnu. Hvorki er gert ráð fyrir lækkun launa á árinu 2009 né lækkun starfshlutfalls. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að einnig verði að skera niður kostnað á því ári og að álag muni aukast. Verður tekist á við það með breyttu fyrirkomulagi í meðferðarmálum þar sem fleiri skjölstæðingum er veitt þjónusta fyrir sama fjármagn.

7 Stefnunótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Ársáætlun og langtímaáætlun eru unnar samhliða rekstraráætlun. Árangursmat innan stofnunarinnar fór fram í október og nóvember 2008. Ekki liggja fyrir skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um stofnunina. Boðleiðir hafa verið bættar. Nýtt skipurit tók gildi í febrúar síðastliðinn. Nú stendur yfir fundaherferð með öllum barnaverndarnefndum landsins. Samskiptin við ráðuneytið eru góð og er erindum stofnunarinnar svarað skjótt og vel. Ráðuneytið fylgist með því á fundum með forstöðumanninum að stofnunin nái markmiðum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

07-750 GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐ RÍKISINS

1 Inngangur

Greiningar- og ráðgjafarstöðin starfar samkvæmt lögum nr. 83/2003 og heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Meginhlutverk hennar eru rannsóknir og greiningar á börnum með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar ásamt ráðgjöf um meðferð og þjálfun. Þá sér hún um umfangsmikið fræðslustarf fyrir fagfólk og aðstandendur þeirra. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í þrjú fagsvið og þrjú stoðsvið sem styðja við starfsemi fagsviðanna. Þá er sérstök rannsóknarnefnd sem m.a. ber ábyrgð á stefnumótun á sviði rannsókna. Ársverk á árinu 2008 voru 43,4. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 410 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 39 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 449 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	186	222	247	322	396
Afgangur / halli ársins	-7	10	3	17	19
Hlutfall af fjárheimild ársins	-3,8%	4,5%	1,2%	5,3%	4,8%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Rekstrarstjóri hefur umsjón með gerð hennar í umboði forstöðumanns. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna. Hún er borin saman við rauntölur mánaðarlega, frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim með niðurskurði eftir atvikum. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er um 10 m.kr. hærri en fjárlög þannig að uppsafnaður tekjuafgangur í árslok 2009 verður 29 m.kr. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins. Gríðarleg hækkun húsaleigu milli ára sem bundin er byggingarvísitölu er dæmi um kostnað sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á þegar verðlagsforsendur breytast. Framreiknaðar rekstartölur 2008 eru um 27 m.kr. undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru aðallega námskeiðstekjur og framlag frá Jöfnunarsjóði. Námskeiðstekjur eru viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Tekið hefur verið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjur. Að hluta til er fylgni með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru lægri en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir, m.a. vegna þess að sveitarfélög greiða seinna en áður. Stofnunin vinnur að því að auka sértekjur sínar með því að fjölga námskeiðum og ráðstefnum.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá FJS. Sérstakur fjármálastjóri er hjá stofnuninni. Fullnægjandi aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Tveir starfsmenn skrifa upp á reikninga þegar við á. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um

áhættu í starfseminni. Ekki hefur heldur verið skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga en styðst við verklagsreglur stjórnarráðsins. Rammasamningar Ríkiskaupa eru nýttir eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar og risnu. Hvorki er gert ráð fyrir lækkun launa á árinu 2009 né lækkun starfshlutfalls. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun minnka þjónustu stofnunarinnar við viðskiptavinum hennar að einhverju marki vegna minni ferðalaga út á land. Að móti kemur að tekinn verður í notkun fjarfundabúnaður.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að einnig verði að skera niður kostnað á næsta ári og að álag muni aukast. Verður væntanlega tekist á við það með meiri hagræðingu.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Gerð er ársáætlun sem unnin er samhliða rekstraráætlun en ekki er gerð langtímaáætlun. Formlegt árangursmat innan stofnunarinnar fer ekki fram en stofnaður hefur verið vinnuhópur um árangursmælingar og munu mælingar hefjast næsta haust. Ekki liggja fyrir skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um stofnunina en forstöðumaður fylgist grannt með framgangi áætlana. Boðleiðir hafa verið bættar. Samskiptin við ráðuneytið eru góð og er erindum stofnunarinnar svarað skjótt og vel. Ráðuneytið fylgist með áætlunum hennar og á fundum með forstöðumanninum að stofnunin nái markmiðum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

07-821 TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

1 Inngangur

Tryggingastofnun ríkisins heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Breyting varð á starfsemi stofnunarinnar þegar Sjúkrtryggingar Íslands (SÍ) tóku til starfa 1. október 2008. Tryggingastofnunin sér um almenna þjónustu fyrir SÍ að því er varðar afgreiðslu og sameiginlegan rekstur s.s. bókhald, innkaup og upplýsingatæknipjónustu. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í sex svið. Starfsmenn voru 124 í árslok 2008 en ársverk 180,2 þar sem starfsmenn SÍ voru taldir með hjá Tryggingastofnun til septemberloka. Í fjárlögum ársins 2009 eru gjöld umfram sértekjur áætluð 961 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 53 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 1.014 m.kr.

Í m.kr.	2008
Fjárheimild ársins	959
Afgangur / halli ársins	-44
Hlutfall af fjárheimild ársins	-4,6%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin er með í vinnslu verklagsreglur um hvernig vinna skuli að rekstraráætlunum og hefur hún til hliðsjónar leiðbeiningar FJS. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hefur umsjón með gerð áætlunarinnar í umboði forstjóra. Kostnaður er greindur niður á einstök svið. Áætlunin er borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð með yfirmönnum og brugðist við þeim eftir atvikum. Þættir sem snerta rekstur Sjúkrtrygginga Íslands og kostnað vegna þeirra breytinga eru líklegastir til að flækja rekstraruppgjör og valda því að mánaðarleg greiðsluáætlun standist ekki. Áætlunin er um 26 m.kr. lægri en fjárlög þannig að uppsafnaður tekjuafgangur í árslok 2009 verður 79 m.kr. Í ógerðu samkomulagi milli TR og SÍ er gert ráð fyrir að TR millifæri 65 m.kr. fjárveitingu til SÍ. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 3,7% yfir áætlun en þá á eftir að millifæra kostnað og gera upp stöðuna við SÍ. Að teknu tilliti til uppgjors við SÍ er rekstur TR í samræmi við rekstraráætlun. Álag hefur aukist vegna fjölgunar öryrkja, breytinga á greiðslum til ellilífeyrisþega og fjölgunar fyrirspurna. Ekki liggur fyrir hvernig stjórnvöld ætla að bregðast við auknum verkefnum en þegar hefur verið hagrætt hjá stofnuninni vegna tilkomu Sjúkrtrygginga og ekki ljóst hvernig hægt er að ganga lengra í þeim efnum. Dæmi um kostnað sem fellur á stofnunina sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á er kostnaður við rekstur Þjóðskrár. Forsendur breyttust við flutning sjúkrtrygginga. Því er ekki marktækt að bera saman kostnað ársins 2008 og áætlun 2009.

3 Tekjur

Stofnunin hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Stofnunin hafði sértekjur árið 2008, aðallega vegna kostnaðarhlutdeildar og rekstrarsamnings um þjónustu og rekstur Sjúkrtrygginga. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru eins og rekstraráætlunin gerir ráð fyrir.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax. Fjármálastjóri er hjá stofnuninni í fullu starfi. Aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Verið er að skerpa á innra eftirliti og m.a. taka upp þá reglu að tveir skrifi upp á alla reikninga. Stofnunin vinnur að því að taka upp rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur verið metin með formlegum hætti. Skilgreint verklag um viðbrögð þegar grunur vaknar um sviksemi liggur fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga og nýtir sér rammisamninga Ríkiskaupa eins og kostur er. Einnig hefur hún sett sér markmið um lækkun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með minni yfirvinnu og fækkun stöðugilda í tengslum við uppskiptingu TR og SÍ. Aukið álag vegna þessara sparnaðaraðgerða getur minnkað þjónustu stofnunarinnar sem hefur skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni. Haft verður meira samband við viðskiptavinum með rafrænum hætti og bréfasamskipti minnka. Stofnunin mun kanna hjá viðskiptavinum sínum hvaða áhrif niðurskurðurinn hafði.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur ekki óskað eftir því að Tryggingastofnun leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 en stofnunin hefur hins vegar hafið undirbúning að tillögugerð í þessu sambandi. Hætta er á að niðurskurður kostnaðar og þjónustu muni auka álag á starfsmenn.

7 Stefnunótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur hefur ekki verið gerður við ráðuneytið. Árs- og langtímaáætlanir eru gerðar samhliða rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat fer fram innan stofnunarinnar. Fyrir liggja skilgreindar, skriflegar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir. Boðleiðir hafa verið bættar með fleiri fundum með millistjórnendum og aukinni upplýsingagjöf til almennra starfsmanna. Ráðuneytið fylgist vel með að stofnunin nái markmiðum sínum. Samskipti við ráðuneytið hafa verið góð og stofnunin hefur fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

07-980 VINNUMÁLASTOFNUN

1 Inngangur

Vinnumálastofnun annast vinnumiðlun, skráningu atvinnuleysis og afgreiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Þá hefur hún umsýslu með Fæðingarorlofssjóði, Ábyrgðarsjóði launa og Starfsmenntunarsjóði og greiðslum styrkja úr Ættleiðingarsjóði og til atvinnumála kvenna. Einnig hefur stofnunin það hlutverk að framfylgja lögum um flæði vinnuafis á alþjóðlegum vinnumarkaði, m.a. með veitingu atvinnuleyfa til útlendinga og eftirliti með starfsmannaleigum. Stofnunin hefur 12 stafrstöðvar um land allt auk höfuðstöðva. Ársverk árið 2008 voru 103,4. Samkvæmt fjárlögum 2009 nema heildartekjur stofnunarinnar 768 m.kr. en sértekjur eru áætlaðar 539 m.kr. Gjöld umfram sértekjur eru því áætluð 229 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 56 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 285 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	176	163	180	211	265
Afgangur / halli ársins	18	8	39	-4	-13
Hlutfall af fjárheimild ársins	10,1%	4,8%	21,5%	-2,1%	-4,9%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Forstöðumaður og fjármálastjóri hafa umsjón með gerð hennar. Ábyrgð á gerð hennar er ekki deilt á mismunandi deildir og starfsstöðvar en hins vegar er kostnaður greindur á einstakar deildir og starfsstöðvar. Áætlunin er borin saman við rauntölur mánaðarlega, frávik athuguð og brugðist við þeim. Metið hefur verið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að áætlunin standist ekki. Rekstraráætlun árið 2009 er 51 m.kr. hærri en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður tekjuafgangur verður 5 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru undir áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 26 m.kr. undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Aukið atvinnuleysi veldur mjög auknu álagi á stofnunina.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin ekki markaðar tekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur vegna þjónustu við þá sjóði sem hún annast umsýslu fyrir, m.a. Atvinnuleysistryggingasjóð, Fæðingarorlofssjóð, Starfsmenntunarsjóð og Ábyrgðasjóð launa. Einnig fær hún greiðslur fyrir rekstur EURES á Íslandi sem er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska Efnahagssvæðinu. Ekki er fylgni milli sértekna og kostnaðar.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax og til þeirra er stofnað. Sérstakur fjármálastjóri er á stofnuninni. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi. Greiðslur út Atvinnuleysistryggingasjóði eru uppáskrifaðar af starfsmanni greiðslustofu (Vinnumálastofnunar) og sams konar fyrirkomulag gildir um greiðslur úr öðrum sjóðum. Hætta á sviksemi viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti. Innra eftirlit hjá

stofnuninni er í stórum dráttum gott. Eðli máls samkvæmt er þó töluverð áhætta á sviksemi viðskiptamanna og eru í gangi ýmsar aðgerðir til að draga úr þeirri áhættu. Unnið hefur verið að skilgreiningu á verklagi um viðbrögð þegar grunur vaknar um sviksemi en eftir er að samþykkja verklagið með formlegum hætti.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga og eru rammisamningar Ríkiskaupa nýttir ef þeir bjóða lágstu verð. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkingu ferðakostnaðar. Vegna vaxandi verkefna verður ekki unnt að lækka launakostnað á árinu 2009 með fækkun starfsfólks eða minni yfirvinnu. Efnahagsástandið kallar á breyttar áherslur í starfi stofnunarinnar en ekki er unnt að draga úr þjónustu hennar. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangs röðun í niðurskurði á þjónustu sinni enda litið á það sem pólitískt mál.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Engin fjárlagavinna er í gangi fyrir árið 2010. Hvorki er gert ráð fyrir niðurskurði kostnaðar né þjónustu á því ári en gert er ráð fyrir aukni álagi á stofnunina vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi við stofnunina en gerð er ársáætlun lögum samkvæmt. Ekki er talið fært að gera langtímaáætlun þar sem fjárlög liggja ekki fyrir fram í tímann en horft er til framtíðar um innri mál stofnunarinnar. Ráðuneytið fylgist með að stofnunin nái fjárhagslegum markmiðum sínum. Stofnunin hefur fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við mörgum erinda sinna, t.d. um lög o.fl., en telur skilaboð um fjármál oft misvísandi.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

08-305 LÝÐHEILSUSTÖÐ

1 Inngangur

Lýðheilsustöð heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Henni er ætlað að efla og samræma lýðheilsustarf í landinu, efla kennslu og rannsóknir á sviði lýðheilsu, vinna að lýðheilsuverkefnum og byggja upp þekkingasetur fagfólks jafnt sem almennings á þessu sviði. Hún er stjórnvöldum til ráðgjafar á sviði lýðheilsu, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og starfar með öðrum aðilum á þessu sviði. Meginstarfsemin skiptist annars vegar í fagsvið með ýmsum verkefnum, s.s. á sviði næringar, hreyfingar, geðræktar og tóbaks-, áfengis- og vímuefnavarna, og hins vegar í rannsókn- og þróunarsvið og samskipta- og fræðslusvið. Ársverk árið 2008 voru 23,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 326 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 81 m.kr. Það sem eftir stendur eða 245 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam 13 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 258 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	144	187	204	247	236
Afgangur / halli ársins	37	-16	-2	-5	4
Hlutfall af fjárheimild ársins	25,7%	-8,6%	-1,0%	-1,8%	1,8%

2 Rekstraráætlun

Fylgt er skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Skrifstofustjóri hefur umsjón með gerð hennar og vinnur hana í samráði við forstöðumann og aðra stjórnendur. Áætlunin er brotin niður á kostnaðar- og tekjuliði þeirra verkefna sem í gangi eru hverju sinni, auk stöðdeilda. Hún er borin saman við rauntölur á þriggja mánaða fresti og brugðist við frávikum eftir þörfum. Reglulega er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar og á miðju ári er lagt mat á framvinduna til áramóta samhliða hálfársuppgjöri. Stofnunin telur sig þekkja þá þætti sem gætu valdið því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er 13 m.kr. hærrí en fjárlög og mun stofnunin því nýta allan uppsafnaðan tekjuafgang á árinu. Rauntölur fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun, einkum vegna þess að gjöld skila sér hægar inn en áætlað var. Ekki er þó ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana að svo stöddu. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu stofnunarinnar í kjölfar efnahagsástandsins, einkum vegna aukinna rannsókna. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 6 m.kr. yfir - áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Meginskýringin er að það ár var launakostnaður óvenju hár vegna starfslokasamninga og því ekki ástæða til aðgerða.

3 Tekjur

Lýðheilsustöð er bæði með markaðar tekjur og sértekjur. Þær eru flestar viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu, s.s. áfengisgjald og styrkir frá atvinnulífinu. Sökum óvissu hefur ekki verið tekið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjurnar. Lítil sem engin fylgni er milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru tekjur umtalsvert meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Stofnunin leitar markvisst leiða til að auka sértekjur sínar, einkum með því að sækja fjármagn í sjóði erlendis frá.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir og er aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera fullnægjandi. Fjármálastjóri er í hlutastarfi og er jafnframt skrifstofustjóri. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og að jafnaði eru reikningar áritaðir af tveimur einstaklingum. Stofnunin hefur ekki metið hættu á sviksemi með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um slíkt. Talin er lítil hættu á sviksemi þar sem starfsmenn sýsla almennt ekki sjálfir með fjármagn stofnunarinnar.

5 Sparnaður í rekstri

Reglur um innkaup er að finna í gæðahandbók stofnunarinnar og er rammisamningum Ríkiskaupa fylgt eftir því sem kostur er. Dregið hefur verið úr ferðakostnaði. Launakostnaður 2009 er lægri en árið 2008 því það ár voru háar greiðslur vegna starflokka fyrrverandi forstjóra og uppgjors við aðra starfsmenn sem létu af störfum. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu enda býr hún að miklu hagræðingarstarfi frá árinu 2008. Á nokkurra ára fresti stendur stofnunin fyrir könnun á heilsu og líðan landsmanna sem mun m.a. draga fram áhrif efnahagsástandsins á almenning.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu. Umræða um rekstur ársins 2010 er ekki hafin innan stofnunarinnar að öðru leyti en því að rætt hefur verið um að stofnunin bæti við sig verkefnum vegna efnahagsástandsins. Því er gert ráð fyrir auknu álagi á starfsmenn stofnunarinnar.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Stofnunin gerir hins vegar bæði ársáætlanir og langtímaáætlanir sem eru unnar samhliða rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat fer fram nokkrum sinnum á ári þar sem staða verkefna er metin og gripið til aðgerða ef ástæða er til. Ávallt er verið að bæta boðleiðir. Ráðuneytið hefur aukið eftirfylgni sína með stofnuninni undanfarið. Stofnunin telur samskipti sín við ráðuneytið góð og að hún fái oftast skjót svör við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að ónýtt fjárheimild verði nýtt til fulls á árinu.

08-358 SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

1 Inngangur

Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA) heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Það veitir landsmönnum sérhæfða sjúkrahúspjónustu á göngu- og dagdeildum og almenna sjúkrahúspjónustu í heilbrigðisumdæmi sínu. Það annast kennslu nemenda á heilbrigðissviði, stundar vísindarannsóknir og er varasjúkrahús Landspítala. Samkvæmt skipuriti greinist meginstarfsemin í læknavið og hjúkrunarsvið, auk fjármála og reksturs. Ársverk árið 2008 voru 487. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 4.129 sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 76 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 4.205 m.kr. Uppsafnaður halli nam 15 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 4.190 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	2.996	3.232	3.575	3.886	4.366
Afgangur / halli ársins	53	72	8	-88	39
Hlutfall af fjárheimild ársins	1,8%	2,2%	0,2%	-2,3%	0,9%

2 Rekstraráætlun

Ekki eru til formlegar verklagsreglur við gerð rekstraráætlunar en framkvæmdin er í föstum skorðum. Forstjóri ber ábyrgð á áætluninni en framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hefur umsjón með gerð hennar. Gerð áætlunar er að mestu miðlæg. Hún er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði og að jafnaði borin mánaðarlega saman við rauntölur. Brugðist er við frávikum eftir þörfum. Áætlunin er endurskoðuð þegar líða fer á árið og nýjar aðgerðir ákveðnar ef ástæða er til. Fundað er með millistjórnendum um framgang hennar eftir því sem tilefni er til. Verðlagspróun og tekjusamdráttur gætu helst valdið því að hún standist ekki. Áætlunin er um 5 m.kr. lægri en fjárlög með millifærslum sem þýðir að uppsafnaður halli mun nema um 10 m.kr. í árslok 2009. Áætlunin gerir ráð fyrir viðbótarfjárveitingum umfram fjárlög vegna S-merktra lyfja og hækkunar fasteignagjalda. Frá gerð hennar hefur verið samið við Sjúkratryggingar Íslands um greiðslur fyrir S-merkt lyf og því þarf ekki auknar fjárveitingar vegna þeirra. Samkvæmt þriggja mánaða uppgjöri er rekstur í takt við áætlun eftir að ákveðin var 60 m.kr. endurgreiðsla úr „hagræðingarpotti“. Eftirspurn eftir þjónustu hefur minnkað frá síðasta hausti, t.d. vegna frestunar valkvæðra aðgerða. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 746 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og brugðist var við því með samdrætti í rekstraráætlun 2009, t.d. með lokun deilda.

3 Tekjur

FSA hefur sértekjur sem eru flestar viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu, s.s. komugjöld sjúklinga og rannsóknatekjur en ekki hefur farið fram áhættumat vegna þeirra. Fækki rannsóknum lækkar efniskostnaður strax en launakostnaður hins vegar í þrepum og því er fylgni milli sértekna og kostnaðar breytileg. Í lok mars 2009 voru tekjur rúmlega 5% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Stofnunin leitar leiða til að auka sértekjur sínar, t.d. með fjölgun gerviliðaaðgerða og gerð þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands og ráðuneytið.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er ekki algjör þótt reynt sé að tryggja hana. Til stendur að skerpa á verklagi um það. Fjármálastjóri er í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og eru reikningar í sumum tilvikum áritaðir af tveimur aðilum. Rafrænt samþykktarkerfi er í innleiðingu. Endurskoðendur FSA hafa metið hættu á sviksemi en stjórnendur FSA hafa ekki unnið formlegt mat né skilgreint verklag þar að lútandi.

5 Sparnaður í rekstri

FSA leitar tilboða og hagkvæmstu samninga. Útboðsreglur eru notaðar þegar þær eiga við og rammamningum Ríkiskaupa er fylgt eftir því sem kostur er. Lækkun ferðakostnaðar og risnu eru innifalin í rekstraráætlun. Stöðugildum mun fækka um u.þ.b. 20, dregið hefur verið úr yfirvinnu og deildum lokað eða þær sameinaðar. Laun forstjóra hafa lækkað og lækkun fastrar yfirvinnu nemur 15–17 m.kr. skv. rekstraráætlun. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun þýða breytta og sums staðar minni þjónustu. Hjúkrunardeildin í Seli var færð á Kristnes og dagdeild geðdeildar lokað fram á haust. Hvort tveggja felur í sér skerta þjónustu. Forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu birtist í rekstraráætlun. FSA gerir reglulega þjónustukannanir sem munu gefa góðan samanburð fyrir og eftir niðurskurð.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu en starfsfólk hefur verið undirbúið undir áframhaldandi lækkun fjárveitinga. FSA gerir ráð fyrir niðurskurði í kostnaði og þjónustu árið 2010, ásamt fækkun stöðugilda. Óvist er á þessu stigi hvort álag muni aukast vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. FSA gerir ársáætlanir en ekki langtímaáætlanir umfram almenna stefnumörkun. Ársáætlun er unnin samhliða rekstraráætlun. Ekki fer fram reglubundið árangursmat innan FSA en mat er lagt á umfang starfseminnar. Gæði þjónustu þyrfti að meta markvissar. Starfseiningar eru bornar saman milli ára. Unnið hefur verið að því að bæta boðleiðir síðastliðin þrjú ár. Ráðuneytið fær mánaðarlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi FSA, samskipti við það eru góð en það fer eftir eðli máls hverju sinni hvort skjót svör berast við erindum FSA.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

08-373 LANDSPÍTALI

1 Inngangur

Landspítali (LSH) heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Hann er aðalsjúkrahús og eina háskólasjúkrahús landsins. Hlutverk hans er að þjónusta sjúklinga, mennta heilbrigðisstarfsfólk og sinna rannsóknum og vísindum. Meginstarfsemin skiptist í lyflækningasvið, skurðlækningasvið, geðsvið, kvenna- og barnasvið, rannsóknarsvið og bráðasvið, auk stoðþjónustu. Ársverk árið 2008 voru 3.872. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 32.861 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 130 m.kr. Það sem eftir stendur eða 32.731 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 686 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 33.417 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 1.622 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 31.795 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	25.512	27.391	29.583	33.305	36.399
Afgangur / halli ársins	-289	546	-290	341	-1.186
Hlutfall af fjárheimild ársins	-1,1%	2,0%	-1,0%	1,0%	-3,3%

2 Rekstraráætlun

Fylgt er skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Framkvæmdastjóri skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga hefur umsjón með gerð hennar í samvinnu við forstjóra og framkvæmdastjórn en ábyrgðin dreifist á sviðin. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviða og deilda. Hún er mánaðarlega borin saman við rauntölur og brugðist við frávikum með nýjum aðgerðum. Útkomuspá er gerð tvisvar á ári. Reglulega er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar. Gerð var áhættugreining vegna hagræðingaraðgerða en mikil óvissa er vegna efnahagsástandsins og gengisþróunar. Áætlunin er í takt við fjárlög og millifærslur sem þýðir að uppsafnaður 1.622 m.kr. halli fyrri ára er óbreyttur. Stefnt er að því að rekstrarniðurstaða ársins verði í samræmi við áætlun. Í samræði við ráðuneytið verður halli fyrri ára hins vegar ekki greiddur niður á árinu. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 3% umfram áætlun og frekari hagræðingaraðgerðir eru því í undirbúningi. Búist er við aukinni eftirspurn eftir þjónustu vegna ástandsins þó þess hafi enn ekki gætt. Óvænt útgjöld eru einkum vegna gengisþróunar og óbættra fasteignagjalda, auk þess sem breytingar á túlkun reglugerða um greiðslupátttöku geta leitt til tekjusamdráttar. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 6,6 ma.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsfor-sendur fjárlaga og brugðist er við því með umbótum á þjónustuformi, rekstrarformi deilda, vinnuskipulagi og hagræðingu í innkaupum.

3 Tekjur

LSH hefur sértekjur og lítilsháttar aðrar rekstrartekjur. Þær eru almennt ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu nema komugjöld sjúklinga. Forsendur vantar til að meta möguleg áhrif efnahagsástandsins á tekjurnar. Almennt er ekki fylgni milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru tekjur í samræmi við áætlun. LSH leitar leiða til að auka sértekjur sínar, m.a. með því að fækka innlögnum og auka komur á dag- og göngudeildir.

4 Fjármálastjórn

LSH færir sjálft bókhald sitt í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er fullnægjandi. Fjármálastjóri starfar í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi, skýrum samþykktarreglum er fylgt og spítalinn er með rafrænt samþykktarkerfi. Ekki hefur farið fram formleg áhættugreining vegna sviksemi en innra eftirlit er virkt og vakni grunur um sviksemi er strax óskað liðsinnis Ríkisendurskoðunar.

5 Sparnaður í rekstri

Innkaupareglum LSH er fylgt, rammasamningar Ríkiskaupa nýttir þegar við á og útboð á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir eru algeng. Risna er í lágmarki og markmið hafa verið sett um lækkun ferðakostnaðar. Stöðugildum fækkar árið 2009 og launakostnaður minnkar með breyttu vinnuframlagi, t.d. með samdrætti í yfirvinnu og breyttu vaktafyrirkomulagi. Meginmarkmið hagræðingar er að þjónusta og gæði skerðist ekki.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu. Gert er ráð fyrir niðurskurði í kostnaði 2010 og forgangsröðun til að bregðast við því er hafin. Óvíst er um niðurskurð í þjónustu enda markmiðið að hagræða út frá faglegum áherslum og að vernda gæði þjónustunnar. Stöðugildum fækkar væntanlega 2010 enda er launakostnaður 65% af heildargjöldum. Búist er við auknu álagi vegna efnahagsástandsins, t.d. vegna hagræðingaraðgerða annarra heilbrigðisstofnana sem fela í sér aukna aðsókn sjúklinga þaðan til LSH.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur hefur aldrei verið í gildi. Ársáætlanir eru unnar samhliða rekstraráætlun. Fimm ára áætlanir eru fyrirhugaðar. Mánaðarlega er fylgst með lykiltölum og stefnt að því að hefja reglubundið árangursmat 2010. Gripið er til aðgerða ef árangur er ekki í samræmi við markmið. Boðleiðir hafa verið bættar, m.a. með nýju skipuriti og auknum rafrænum aðgangi millistjórnenda að rekstrar- og starfsemisupplýsingum. Ráðuneytið fylgist ársfjórðungslega með því að LSH nái markmiðum sínum, samskipti við það eru góð og yfirleitt fær LSH skjót svör við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 1.622 m.kr., þ.e. 4,9% af fjárheimild. Taka verður á vandanum tafarlaust.

08-397 LYFJASTOFNUN

1 Inngangur

Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að skrá lyf (gefa út markaðsleyfi fyrir lyf) á Íslandi í samvinnu við lyfjafirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), hafa eftirlit með lyfjaiðnaðinum á Íslandi og tryggja faglega og hlutlausa upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Samkvæmt skipuriti greinist kjarnastarfsemin í skráningarsvið og eftirlitssvið, auk stjórnáskilsviðs. Ársverk árið 2008 voru 32,4. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 178 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 174 m.kr. Það sem eftir stendur eða 4 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam 105 m.kr. í árslok 2008. Bundið eigið fé í árslok 2008 nam 144 m.kr. en stofnunin hefur aflað meiri ríkistekna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hún þarf að fá sérstaka heimild til að ráðstafa þeim. Að teknu tilliti til þeirra er uppsafnaður tekjuafgangur 39 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 43 m.kr.

2 Rekstraráætlun

Ekki liggja fyrir skriflegar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar en ferlið er skýrt. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar í samvinnu við forstjóra og sviðsstjóra. Ábyrgð á gerð hennar er dreift á einstök svið og hún brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði. Hún er mánaðarlega borin saman við rauntölur, frávik metin og brugðist við eftir atvikum. Reglulega er fundað með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar. Mat hefur verið lagt á hvaða þættir eru líklegastir til að standast ekki áætlun. Áætlunin er í samræmi við fjárlög 2009 sem þýðir að uppsafnaður 39 m.kr. tekjuafgangur helst óbreyttur. Hugbúnaðarkostnaður gæti þó eytt öllum uppsöfnuðum afgangi á árinu. Eignakaup og launakostnaður eru umfram áætlun fyrstu þrjá mánuði ársins. Eignakaupin verða á áætlun innan ársins og auknar tekjur koma á móti hækkun launakostnaðar. Því er ekki þörf á aðgerðum að svo stöddu. Búist er við auknu álagi vegna aukinna verkefna en ekki vegna efnahagsástandsins. Ófyrirséður kostnaður er einkum vegna verðlags- og gengistryggðra samninga, t.d. vegna húsaleigu. Framreiknaður kostnaður 2008 er hærri en fjárlög 2009 en á móti koma auknar tekjur. Halli var á árinu 2008 en stofnunin átti höfuðstól á móti honum.

3 Tekjur

Lyfjastofnun hefur markaðar tekjur, aðrar rekstrartekjur og sértekjur. Unnið hefur verið áhættumat fyrir sértekjurnar. Flestir tekjustofnarnir eru viðkvæmir fyrir efnahagsástandinu, t.d. umsóknir um markaðsleyfi og eftirlitsgjöld sem eru tengd lyfjaveltu undangengis árs. Tekið hefur verið tillit til mögulegra áhrifa efnahagsástandsins á tekjurnar. Fylgni er milli sértekna og kostnaðar, m.a. eru verkefni háð vinnuframlagi. Í lok mars 2009 voru sértekjur í samræmi við áætlun. Stofnunin leitar markvisst leiða til að auka sértekjur sínar, einkum með því að sækja tekjuskapandi verkefni til útlanda. Möguleikarnir takmarkast þó af húsnæðisþrengslum sem hamla fjölgun starfsfólks.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er fullnægjandi. Fjármálastjóri starfar í fullu starfi. Unnið er að upptöku verkþókhalds. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og að jafnaði eru reikningar áritaðir af tveimur einstaklingum. Hætta á sviksemi hefur ekki verið metin með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um slíkt. Ríkisbókhald sér um allar greiðslur fyrir stofnunina þannig að starfsmenn sýsla almennt ekki með fé hennar. Lítil hætta er því talin á sviksemi.

5 Sparnaður í rekstri

Innkaupastefna er í gildi og rammastofningur Ríkiskaupa fylgt eftir föngum. Ferðakostnaður hefur verið skorinn niður og risna er hverfandi. Ekki hefur þurft að fækka stöðugildum og þörf er á að fjölga fólki til að sinna erlendum verkefnum. Laun forstjóra hafa lækkað og launalækkanir annarra starfsmanna verða skoðaðar ef bregðast þarf við samdrætti. Aukinn sparnaður mun draga úr þjónustu, m.a. þannig að lengri tíma tekur að ljúka verkefnum. Stofnunin hefur skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu. Nefna má niðurskurð á framlagi Íslands til sérfræðingavinnu í samstarfi við evrópskar stofnanir og skýrari forgang í eftirliti.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu. Þar sem stofnunin er að mestu rekin af sjálfsaflafé er fylgst vel með rekstrinum til að geta gripið strax til aðgerða ef þörf krefur. Stofnunin gerir ekki ráð fyrir niðurskurði í kostnaði né þjónustu árið 2010, né heldur auknu álagi vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnunótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Stofnunin gerir hins vegar bæði ársáætlanir og langtímaáætlanir sem unnar eru á vorin. Árangursmat fer fram a.m.k. ársfjórðungslega og þá er verkefnastaða einnig skoðuð. Gripið er til aðgerða ef ástæða er til. Boðleiðir hafa verið bættar, t.d. eru fjármál oftár rædd. Ráðherra er ávallt kynnt ársskýrsla stofnunarinnar. Stofnunin telur samskipti sín við fagskrifstofur ráðuneytisins góð en lakari við fjármálaskrifstofuna.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýtttri fjárheimild í árslok.

08-506 HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

1 Inngangur

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Árið 2006 var fyrsta starfsár sameinaðrar stofnunar. Þjónusta hennar nær yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er m.a. í 15 heilsugæslustöðvum, Proska- og hegðunarstöð og Göngudeild sóttvarna. Nýtt skipurit tók gildi í apríl 2009. Ársverk árið 2008 voru 572. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 3.730 sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 266 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 3.996 m.kr. Uppsafnaður halli nam 420 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 3.576 m.kr.

Í m.kr.	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	3.772	4.379	5.132
Afgangur / halli ársins	-81	-116	-1
Hlutfall af fjárheimild ársins	-2,1%	-2,6%	0,0%

2 Rekstraráætlun

Stuðst er við leiðbeiningar FJS við gerð rekstraráætlunar. Fjármálastjóri hefur umsjón með gerð hennar en starfsmannasvið áætlað fyrir launakostnaði. Áætlunin er brotin niður á kostnaðar- og tekjuliði um tuttugu eininga. Hún er mánaðarlega borin saman við rauntölur en viðbrögð við frávikum eru ekki nægjanlega markviss. Unnið er að úrbótum vegna þess. Fjármálastjóri fundar af og til með millistjórnendum um framgang áætlunarinnar og hittir þá alla a.m.k. tvisvar á ári. Heimahjúkrun og gjaldskrárverk lækna gætu helst farið fram úr áætlun, ásamt húsnæðiskostnaði. Starfsemi heilsugæslunnar fer aðallega fram í leiguhúsnæði með vísitölubundnum samningum sem eru fastir til lengri tíma. Unnið er að fækkun gengistryggðra samninga. Þrátt fyrir miklar sparnaðaraðgerðir er áætlun 33 m.kr. hærrí en fjárlög og millifærslur sem þýðir að uppsafnaður halli í árslok 2009 verður 453 m.kr. Ráðuneytið hefur ekki samþykkt hana. Markmiðið er að lágmarka halla ársins 2009 en ekki er svigrúm til að greiða niður uppsafnaðan halla. Stofnunin greiddi 30 m.kr. í dráttarvexti árið 2008. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði eru 1,5% yfir áætlun og ljóst að gripa þarf til frekari aðgerða. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna efnahagsástandsins og aukinn niðurskurður mun fela í sér minni þjónustu. Unnið er að endurskoðun á verklagi og verkferlum til að draga úr hallarekstri en verja þjónustuna eftir mætti. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 1.830 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga, m.a. vegna flutnings verkefna frá heilsugæslunni.

3 Tekjur

Stofnunin hefur sértekjur skv. reglugerð ráðuneytisins og af þjónustusamningum. Ekki er talið að þær séu viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu og lítil fylgni er á milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru sértekjur hærrí en áætlun vegna tekna frá 2008 sem bókuðust á 2009. Lítið svigrúm er til að afla aukinna tekna. Þó er reynt að bæta við verkefnum og nýta húsnæði sem best með útleigu.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhaldið í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er talin fullnægjandi og er fjármálastjóri í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er talið fullnægjandi. Að jafnaði árita tveir einstaklingar reikninga. Stofnunin er með rafrænt samþykktarkerfi. Hún hefur ekki metið hættu á sviksemi með formlegum hætti né skilgreint verklag þar að lútandi en hefur hug á að styrkja verklagsreglur og koma upp innra eftirliti.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur reglur um innkaup og fylgir rammameningum Ríkiskaupa eftir föngum. Mikið aðhald er í ferðakostnaði, risnu og slíkum útgjöldum. Árið 2009 mun launakostnaður lækka með fækkun stöðugilda og beinum launalækkunum, bæði miðað við breytt vinnuframlag og óbreytt, t.d. með fækkun fastra yfirvinnutíma. Sparnaður mun líklega leiða til minni þjónustu þó reynt verði að koma í veg fyrir það. Stofnunin hefur skilgreint forgangsröðun í niðurskurði, t.d. með lækkun launakostnaðar og uppsögn samninga. Hún gerir reglulega biðtímakannanir sem munu gefa vísbendingar um áhrif niðurskurðarins.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu. Þess er vænst að aðhaldsaðgerðir árið 2009 skili sér til framtíðar. Vonir eru um að heilsugæslunni verði hlíft við frekari niðurskurði. Vætanlega fækkar stöðugildum þó enn frekar árið 2010. Mikill niðurskurður í viðbót mun óhjákvæmilega fela í sér lokanir heilsugæslustöðva. Gert er ráð fyrir auknu álagi vegna efnahagsástandsins og vinnuhópur skoðar nú hvernig viðhalda megi óbreyttu aðgengi að þjónustunni í breyttu efnahagsástandi.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur hefur ekki verið gerður og stofnunin gerir hvorki árs- né langtímaáætlanir. Mótuð var stefna árið 2002 en eftirfylgd hefur verið lítil undanfarið þó nokkur stefnumótandi verkefni hafi verið unnin, t.d. upplýsingatækniverkefni. Stofnunin er með ellefu árangursmælikvarða sem fylgst er með reglulega en viðbrögð við frávikum er ómarkviss. Boðleiðir mætti bæta. Ráðuneytið hefur aukið eftirfylgni sína með stofnuninni. Samskipti við það eru góð en misjafnt hversu skjótt svör berast frá því við erindum heilsugæslunnar.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	EKKI í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Gert er ráð fyrir að 453 m.kr. uppsöfnuðum halla í árslok 2009, þ.e. 11,3% af fjárheimild. Umfang hallans er það mikið að ekki verður unnið á honum innan eðlilegra tímamarka nema með verulega skertri þjónustu, viðbótarfjárveitingu eða blöndu af hvoru tveggja. Verði ákveðið að skerða þjónustu þarf heilbrigðisráðuneytið að gefa skýr fyrirmæli um forgangsröð. Taka verður á vandanum tafarlaust.

08-711 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN AKRANESI

1 Inngangur

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi (SHA) veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu og er með viðbúnað til móttöku og meðferðar bráðveikra allan sólarhringinn. Heilsugæslustöðin hefur jafnframt forystuhlutverk um heilsuvernd og forvarnarstarf. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í 4 megin svið. Starfsmenn árið 2008 voru 240 en ársverk 176,7. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 1.535 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam 5 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 1.540 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	1.098	1.128	1.251	1.436	1.571
Afgangur / halli ársins	-3	-67	-31	40	23
Hlutfall af fjárheimild ársins	-0,3%	-5,9%	-2,5%	2,8	1,5%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fylgir ákveðnum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Hún fer fram undir stjórn skrifstofustjóra með þátttöku forstjóra, framkvæmdastjórnar og yfirmanna deilda. Yfirmenn eru ábyrgir fyrir framkvæmd áætlunarinnar í sínum deildum. Uppgjör rauntalna miðað við áætlun fer fram mánaðarlega. Þá er fundað með yfirmönnum deilda og kynningarfundir haldnir með starfsmönnum. Uppgjörið er einnig kynnt fyrir fulltrúum framkvæmdastjórnar og ráðuneytis. Ef í ljós koma frávik er reynt að bregðast við þeim, t.d. með niðurskurði í framkvæmdum, samdrætti í yfirvinnu og afleysingum og jafnvel með fækkun læknisverka og skurðaðgerða. Áætlun er endurskoðuð ef um verulegar breytingar er að ræða. Þá er ráðuneyti gert viðvart og leitað eftir samþykki. Rekstraráætlun fyrir 2009 er 5 m.kr. hærrí en fjárlög sem þýðir að stofnunin nýtir allan tekjuafgang fyrri ára. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði eru 1,5% yfir áætlun. Gert er ráð fyrir að vægi niðurskurðar verði meira þegar líður á árið, sérstaklega eftir fyrsta ársfjórðung. Reiknað er með að staðan verði í jafnvægi um eða eftir mitt ár. Helstu áhættuþættir eru aðföng og þó sérstaklega launin. Yfirvinnubann er í gildi síðan 15. jan. nema öryggi sjúklinga krefjist annars. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 97 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og verður því mætt m.a. með lækkuðum launakostnaðar.

3 Tekjur

Stofnunin hefur hvorki markaðar tekjur né sérstakar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur af komugjöldum og rannsóknum. Þessar tekjur skapa einnig útgjöld og geta orðið viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu vegna þess að erfiðara getur orðið að innheimta hlutdeild sjúklinga og annarra stofnana. Leitað hefur verið leiða til að auka sértekjur, t.d. með aukinni þjónustu við stóriðjufyrirtæki á svæðinu í formi starfsmannaheilsuverndar.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Fullnægjandi aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera og kaupanda aðfanga og þjónustu. Viðkomandi deildar- / innkaupastjórar samþykkja reikninga, forstjóri fer yfir þá, bókar bókar þá og

gjaldkeri greiðir þá. Reikningar eru skráðir strax og þeir berast og hafa verið uppáskrifaðir. Stjórnendur telja vinnuferli þannig að ekki sé mikil hætta á fjármálamisferli. Þeir hafa kynnt sér rit Ríkisendurskoðunar „Vísbendingar um fjármálamisferli“.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmarkun kostnaðar. Stöðugt er leitað eftir hagstæðustum innkaupum. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að draga úr ferðakostnaði og risna er í lágmarki. Áætlun gerir ráð fyrir að launakostnaður lækki frá árinu 2008 um u.þ.b. 3%. Upphafleg áætlun var skorin niður um allt að 9%. Unnið er að þessu, m.a. með yfirvinnubanni, og reynt er að komast hjá því að kalla inn afleysingafólk. Akstursgreiðslur til starfsmanna hafa verið lækkaðar um 50%. Laun stjórnenda hafa verið lækkuð með því að minnka fasta yfirvinnu án þess að kröfur um vinnuframlag hafi minnkað. Meginmarkmið er að þurfa ekki að beita uppsögnum. Dregið verður úr kostnaðarsömum liðskiptaaðgerðum. Að öðru leyti verður kappkostað að haldi upp óbreyttu þjónustustigi með aðaláherslu á grunn- og neyðarþjónustu. Ef skera þarf meira niður má gera ráð fyrir fækkun valaðgerða fyrst.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Heilbrigðisráðuneyti hefur ekki óskað eftir því að stofnunin leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010. Fulltrúar framkvæmdastjórnar hafa tekið málið til umræðu og skoðunar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi niðurskurði á næsta ári. Ef honum fylgir einnig hækkun á aðföngum er ljóst að huga þarf að uppsögnum og þar með skertri þjónustu.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningur milli heilbrigðisráðuneytis og stofnunar rann út í árslok 2006. Samningurinn er engu að síður notaður sem viðmið í rekstri stofnunarinnar. Hún hefur oftast en einu sinni kallað eftir endurnýjun samnings. Gerðar eru árs- og langtímaáætlanir. Fylgst er með þróun starfseminnar með skráningu ýmissa starfsemismælikvarða. Þeir eru bornir saman við áætlanir og fyrri ár að minnsta kosti árlega. Afskipti ráðuneytisins af starfseminni eru sýnilega mun meiri nú en þau hafa áður verið.

8 Ályktun

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að ónýtt fjárheimild verði nýtt til fulls á árinu.

08-726 HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða heyrir undir heilbrigðisráðuneyti. Stofnunin tók til starfa í ársbyrjun 2009 með formlegri sameiningu Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur. Hlutverk hennar er að veita skjólstæðingum sínum þjónustu til verndar líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði. Stofnunin sinnir bráðalækningum á öllum sviðum og heldur uppi héraðshlutdeild vegna annarra lækninga, s.s. valaðgerða. Skipurit sameinaðrar stofnunar liggur enn ekki fyrir á myndrænu formi en meginstarfsemin skiptist í sjúkrasvið, heilsugæslusvið og tækni- og skrifstofusvið. Ársverk sameinaðra stofnana árið 2008 voru 127. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 1.055 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Stofnefnahagsreikningur liggur enn ekki fyrir en uppsafnaður halli nam 13 m.kr. í árslok 2008. Á móti koma auknar áætlaðar sértekjur vegna heimahjúkrunar, að fjárhæð 14 m.kr. Fé til ráðstöfunar árið 2009 er því áætlað 1.056 m.kr.

2 Rekstraráætlun

Fylgt er skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Forstöðumaður hefur umsjón með gerð áætlunarinnar ásamt fjármálastjóra. Hún er unnin miðlægt en leitað eftir upplýsingum frá deildarstjórum. Áætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði en frekari kostnaðargreining er áformuð með það að markmiði að kostnaður deilda endurspegli betur raunkostnað þeirra. Áætlunin er mánaðarlega borin saman við rauntölur, leitað skýringa á frávikum og brugðist við eftir þörfum. Til stendur að endurskoða áætlunina í haust þegar flestar sparnaðaraðgerðir verða komnar til framkvæmda. Framkvæmdastjórn fundar reglulega um framgang áætlunarinnar en ekki er fundað sérstaklega með millistjórnendum vegna hennar. Verðlags- og gengisbreytingar gætu helst valdið því að áætlunin standist ekki. Áætlunin er í samræmi við fjárlög og millifærslur. Gert er ráð fyrir að stofnunin greiði niður uppsafnaðan halla á árinu og skili auk þess dálitlum afgangi. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 2,3% yfir áætlun. Stjórnendur geta engin áhrif haft á verðlagshækkanir húsnæðis. Framreiknaður kostnaður sameinaðra stofnana 2008 er hærri en fjárlög 2009. Því er mætt með niðurskurði þar sem honum verður við komið. Stofnunin fær engar fjárveitingar vegna sameiningarinnar þó ljóst sé að hún verði ekki án fjárútláta.

3 Tekjur

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er með sértekjur, einkum komugjöld sjúklinga og þjónustutekjur frá Ísafjarðarbæ. Þær eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu sem neinu nemur og ekki hefur verið tekið tillit til mögulegra áhrifa þess á þær. Það er lítil sem engin fylgni á milli sértekna og kostnaðar. Í lok mars 2009 voru tekjur nokkru minni en áætlun gerði ráð fyrir. Stofnunin hefur ekki leitað leiða til að auka sértekjur sínar enda eru þær að mestu bundnar í lög og reglugerðir.

4 Fjármálastjórn

Stofnun færir sjálf bókhald sitt í Orra jafnóðum og gögn liggja fyrir. Aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera er fullnægjandi. Fjármálastjóri er jafnframt

skrifstofustjóri og starfar í fullu starfi. Kostnaðareftirlit er þannig að reikningar eru að jafnaði áritaðir af tveimur aðilum. Rafrænt samþykktarkerfi er í innleiðingu. Hætta á sviksemi hefur ekki verið metin með formlegum hætti né skilgreint verklag um viðbrögð þar að lútandi.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér innkaupareglur og rammameningum Ríkiskaupa er fylgt eftir föngum, fyrir utan matvælainnkaup. Rekstraráætlun endurspeglar samdrátt í öðrum gjöldum, s.s. ferða- og endurmenntunarkostnaði. Stöðugildum fækkar þar sem ekki er ráðið í stöður sem losna og því er gert ráð fyrir auknu vinnuálagi á starfsmenn. Launakostnaður lækkar með breyttu vinnuframlagi, t.d. eftirgjöf á vaktakaupi og kröfum um að föst yfirvinna sé unnin. Óvíst er hvort sparnaðaraðgerðir muni leiða til minni þjónustu en stefnt er að því að halda henni óbreyttri. Þar leggjast allir á árárnar, m.a. hafa læknar gefið vinnu sína á vöktum og hjúkrunarfræðingar lagt á sig aukna vinnu þrátt fyrir skert starfshlutfall.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir forsendum og sparnaðartillögum frá heilbrigðisráðuneytinu en umræður um frekari sparnaðaraðgerðir eru hafnar innan stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir niðurskurði á kostnaði og þjónustu árið 2010, t.d. með sumarlokunum deilda. Reynt verður að komast hjá fækkun stöðugilda. Gert er ráð fyrir auknu álagi á stofnunina vegna aukinnar eftirspurnar í kjölfar efnahagsástandsins.

7 Stefnunótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Stofnunin gerir hvorki árs- né langtímaáætlanir. Reglubundið árangursmat fer ekki fram en stofnunin fundar reglulega með sveitarstjórnarmönnum, m.a. um viðhorf þeirra til þjónustunnar. Ávallt er verið að bæta boðleiðir, t.d. er unnið að innri heimasíðu sameinaðrar stofnunar, haldnir hafa verið sameiginlegir starfsmannafundir og nýtt starfsmannafélag verið stofnað. Ráðuneytið fylgist með því að stofnunin nái rekstrarlegum markmiðum sínum. Stofnunin telur samskipti sín við ráðuneytið góð en stopul og að hún fái oftast skjót svör við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýtttri fjárheimild í árslok.

08-741 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN HVAMMSTANGA

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga heyrir undir heilbrigðisráðuneyti. Stofnunin rekur almenna heilsugæslu og sjúkrasvið sem einkum sinnir öldruðum hjúkrunar- og dvalarheimilissjúklingum. Á stofnuninni eru 27 sjúkrarúm, 24 þeirra eru hjúkrunarrými og þrjú fyrir sjúkra- og bráðainnlagnir. Stofnunin þjónar einkum íbúum í Húnaþingi vestra og Bæjarhreppi í Strandasýslu. Nokkur órói hefur einkennt starfsemina það sem af er ári 2009, vegna sameiningaráforma. Nú í maí ákvað heilbrigðisráðherra að sameina átta heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi í eina frá og með 1. janúar 2010, þar með talda Heilbrigðisstofnunina Hvammstanga. Í myndrænu skipuriti stofnunarinnar er ekki augljós deildarskiptingin milli heilsugæslu og sjúkrasviðs. Skipuritið skiptir starfseminni milli fagstétta, yfirlæknis og hjúkrunarforstjóra. Í framkvæmdastjórn sitja fimm aðilar: Framkvæmdastjóri, yfir- og deildarlæknir, hjúkrunarforstjóri og hjúkrunarstjóri. Ársverk árið 2008 voru 40,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 297 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði, auk 25 m.kr. af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 322 m.kr. Uppsafnaður halli nam 22 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 300 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	220	209	248	254	288
Afgangur / halli ársins	3	-16	14	-2	-15
Hlutfall af fjárheimild ársins	1,2%	-7,7%	5,4%	-0,7%	-5,1%

2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlunin er unnin af framkvæmdastjóra með aðkomu deilda stofnunarinnar. Vinna við gerð hennar og eftirfylgni fylgir ekki föstu verklagi né liggja fyrir skriflegar verklagsreglur, þó er stuðst er við reiknilíkan FJS. Rekstraráætlunin er um 25 m.kr. lægri en fjárlög og millifærslur sem þýðir að um 3 m.kr. tekjuafgangur verður um næstu áramót. Framkvæmdastjórn tekur endanlega ákvörðun um áætlun og er framkvæmd hennar á ábyrgð forstjóra. Hann fundar reglulega með deildarstjórum um framgang mála. Rekstraráætlun er borin saman mánaðarlega við rauntölur og reynt að bregðast við frávikum. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði ársins eru um 4,9% yfir áætlun. Stjórnendur telja þó að ekki þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana. Framreiknaðar rekstartölur 2008 eru um 15 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist verður við því m.a. með lækkun launakostnaðar.

3 Tekjur

Stofnunin hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru tilkomnar að mestu leyti vegna komu- og dvalargjalda. Tekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru aðeins lægri en gert er ráð fyrir í rekstraráætlun. Stofnunin hefur takmarkaðar leiðir til að auka sértekjur sem eru bundnar reglugerð um gjaldtöku á heilbrigðisþjónustu.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Öll viðskipti eru skráð um leið og til þeirra er stofnað. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hún hefur ekki metið áhættu eða skilgreint verklag um viðbrögð við sviksemi starfsmanna eða viðskiptavina en starfsmenn geta lagt fram ábendingar á innra vefsvæði. Hjá stofnuninni er ekki sérstakur fjármálastjóri en tveir starfsmenn samþykkja útgjöld.

5 Sparnaður í rekstri

Heilbrigðisráðuneytið fór fram á niðurskurð fyrir árið 2009. Í greinargerð stofnunarinnar með rekstraráætlun 2009 eru lagðar fram tillögur um hagræðingu sem felast einkum í því að lækka laun um 7–8%, draga úr yfirvinnu og afleysingu starfsfólks, leggja niður bakvaktir og starf gæðastjóra og ekki ráða í störf sem losna. Einnig hefur aksturs- og húsaleigufriðindum verið sagt upp. Yfirmenn sjá fram á aukið álag á starfsmenn vegna sparnaðar og hugsanlega minni þjónustu við viðskiptavini.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Heilbrigðisráðuneytið hefur ekki óskað eftir tillögum um sparnað eða hagræðingu fyrir árið 2010. Ekki liggja fyrir sparnaðartillögur fyrir árið 2010 en framkvæmdastjórn telur að ef kostnaður verði meira skorin niður komi það niður á þjónustunni.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangurssamningur við ráðuneytið rann út 2007 og liggja fyrir ósamþykkt drög að nýjum. Stofnunin setur sér langtíma stefnumörkun en vinnur samhliða því rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat fer fram, síðast á árinu 2007. Því er fylgt eftir ef árangur er ekki í samræmi við áætlun, sérstaklega rekstrarárangur. Heilbrigðisráðuneytið kallar eftir rekstraráætlun og árlegum starfsemistöllum. Stofnunin er í ágætum samskiptum við ráðuneytið en forstöðumaður telur að þau mættu auka sem og ábyrgð ráðuneytis í árangursamningum. Eftirlit ráðuneytis með rekstri hefur aukist á þessu ári.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýtttri fjárheimild í árslok.

08-745 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN BLÖNDUÓSI

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi heyrir undir heilbrigðisráðuneytið og eru fagsvið hennar skilgreind sem hjúkrunarsvið og lækningasvið í skipuriti. Starfsemin skiptist í þrjú megin svið: Heilsugæslu, sjúkra- og hjúkrunarsvið. Auk þess rekur stofnunin dvalardeild fyrir aldraða. Á sjúkradeild eru 4 bráðarými ætluð mikið veiku og slösuðu fólki, 32 rými eru á hjúkrunardeild og 10 á dvalardeild. Samtals voru rými á stofnuninni 46 á árinu 2008. Heilsugæslustöð er rekin í húsnæði stofnunarinnar á Blönduósi sem einnig rekur útibú á Skagaströnd. Á árinu 2008 var nýting á hjúkrunarrýmum um 80% en 100% á dvalardeild. Starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi er yfirgripsmikil og nær yfir tæpleg 5.000 ferkílómetra. Nokkur órói hefur einkennt starfsemina það sem af er ári 2009, þar sem uppi voru áform um að sameina allar heilbrigðisstofnanir umdæmisins í eina en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun í því máli. Deildaskiptingin er í samræmi við meginhlutverk og fyrir liggur myndrænt skipurit. Í framkvæmdastjórn sitja þrjú aðilar: Forstjóri og framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga. Ársverk árið 2008 voru 56,1. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 429 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 13 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 442 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	306	305	353	368	404
Afgangur / halli ársins	6	-13	21	4	8
Hlutfall af fjárheimild ársins	2,1%	-4,2%	5,9%	1,1%	2,0%

2 Rekstraráætlun

Forstjóri vinnur rekstraráætlun og er fylgt við gerð hennar og eftirfylgni föstu verklagi. Skriflegar verklagsreglur liggja þó ekki fyrir. Við gerð áætlunarinnar er notað reiknilíkan FJS, þar sem helstu kostnaðar- og tekjuliðir eru sundurliðaðir. Framkvæmdastjórn kemur að gerð áætlunar á síðari stigum en framkvæmd hennar er á ábyrgð forstjóra. Ekki er fundað reglulega um hana með framkvæmdastjórum sviða. Áætlunin er borin mánaðarlega saman við rauntölur. Áætlunin er 8 m.kr. lægri en fjárlög og því verður 21 m.kr. uppsafnaður tekjuafgangur í árslok 2009. Greiðsludreifing mætti hins vegar vera nákvæmari að mati forstjóra. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjú mánuði eru undir áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Stofnunin hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem stafa aðallega af komu- og dvalargjöldum. Tekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru aðeins hærri en gert er ráð fyrir í áætlun. Stofnunin hefur takmarkaðar leiðir til að auka sértekjur sem eru bundnar reglugerð um gjaldtöku á heilbrigðisþjónustu.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Öll viðskipti eru skráð um leið og til þeirra er stofnað. Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga en hefur ekki metið áhættu eða skilgreint verklag um viðbrögð við sviksemi starfsmanna og viðskiptavina.

5 Sparnaður í rekstri

Heilbrigðisráðuneytið fór fram á niðurskurð fyrir árið 2009. Stofnunin hefur lagt fram aðgerðarplan til hagræðingar sem felst einkum í því að draga úr yfirvinnu, bakvöktum, segja upp samningi um prestþjónustu, leggja niður fasta stöðu læknis og taka upp afleysingarstöðu (25%) í staðinn. Skorið hefur verið niður í viðhaldi og endurbótum og dregið úr námskeiðum og ferðakostnaði. Stofnun hefur sett sér sérstaka innkaupastefnu og hægrætt í ræstingu. Forstjóri telur ekki að aukið álag á starfsmenn vegna þessarar hagræðingar minnki þjónustu við viðskiptavini.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir tillögum um sparnað eða hagræðingu fyrir árið 2010. Stofnunin hefur hafið tillögugerð um sparnað á árinu 2010 þar sem gert verður ráð fyrir niðurskurði á kostnaði og þjónustu. Forstjóri gerir ráð fyrir auknu álagi hjá starfsfólki vegna aðstæðna í samfélaginu og hagræðingar. Tekist verður á við það m.a. með eflingu starfsmannafélags stofnunarinnar.

7 Stefnumótun og samskipti

Hugmyndir að árangursstjórnunarsamningi liggja fyrir sem forstjóri telur brýnt að ganga frá hið fyrsta. Stofnunin gerir ekki langtímaáætlun né sérstaka ársáætlun og ekki liggja fyrir nýlegar þjónustukannanir eða reglubundið árangursmat. Ekki hafa heldur verið skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir né gripið til sérstakra aðgerða til að bæta boðleiðir vegna núverandi aðstæðna. Forstjóri telur að efla mætti samskiptin við heilbrigðisráðuneytið og gera þau skilvirkari.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

08-751 HEILBRIGÐISSTOFNUN SAUÐÁRKRÓKS

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Í skipuriti hennar eru eftirfarandi fagsvið: Sjúkra-, heilsugæslu- og hjúkrunarsvið. Rúm eru 87 og á árinu 2008 voru innlagnir tæplega 500. Göngudeildarsjúklingar voru tæplega 400 og barnsfæðingar 29. Nokkur órói hefur einkennt starfsemina það sem af er ári 2009, þar sem uppi voru áform um að sameina allar heilbrigðisstofnanir umdæmisins í eina en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun í því máli. Deildarskiptingin er í samræmi við meginhlutverk og fyrir liggur myndrænt skipurit. Í framkvæmdastjórn sitja fjórir aðilar: Framkvæmdastjóri, yfirlæknar sjúkra- og heilsugæslusviða og hjúkrunarforstjóri. Ársverk árið 2008 voru 117,9. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 890 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 11 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 901 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	625	641	700	763	836
Afgangur / halli ársins	3	-10	-32	-7	13
Hlutfall af fjárheimild ársins	0,4%	-1,5%	-4,6%	-0,9%	1,6%

2 Rekstraráætlun

Framkvæmdastjóri vinnur rekstraráætlun með aðkomu megin sviða stofnunarinnar og fylgir vinna við gerð og eftirfylgni hennar föstu verklagi. Skriflegar verklagsreglur liggja þó ekki fyrir. Við gerð áætlunar er notað reiknilíkan FJS og laun áætluð á hverja starfsstétt innan hversrar deildar. Framkvæmdastjórn tekur endanlega ákvörðun um áætlun og er framkvæmd hennar á ábyrgð forstjóra sem fundar reglulega með deildarstjórum um framgang mála. Áætlunin er borin saman við rauntölur mánaðarlega og er strax leitað skýringa á frávikum. Áætlunin er 1 m.kr. lægri en fjárlög og verður því 12 m.kr. uppsafnaður tekjuafgangur í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Stofnunin hefur hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru tilkomnar að mestu leyti vegna komu- og dvalargjalda. Tekjur fyrstu þrjú mánuði ársins eru aðeins hærrí en gert er ráð fyrir í rekstraráætluninni. Stofnunin hefur takmarkaðar leiðir til að auka sértekjur sem eru bundnar reglugerð um gjaldtöku á heilbrigðisþjónustu.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Öll viðskipti eru skráð um leið og til þeirra er stofnað. Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Stofnunin hefur ekki metið áhættu eða skilgreint verklag um viðbrögð við sviksemi starfsmanna og viðskiptavina, aftur á móti eru lagerar læstir.

5 Sparnaður í rekstri

Heilbrigðisráðuneytið fór fram á niðurskurð fyrir árið 2009. Stofnunin hefur lagt fram aðgerðaráætlun til hagræðingar er felst einkum í því að draga úr yfirvinnu, bakvöktum og afleysingu starfsfólks, lækka laun yfirmanna um 7%, endurskoða aksturskostnað, leggja niður starf gæðastjóra, ráða ekki í störf sem losna ásamt öðrum aðgerðum til hagræðingar. Framkvæmdastjórn fundar vikulega og þar er m.a. metin framkvæmd rekstraráætlunar og hagræðingar þegar tilefni er til. Yfirmenn sjá fram á aukið álag á starfsmenn og hugsanlega minni þjónustu við viðskiptavini, t.d. vegna styttri afgreiðslutíma.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Heilbrigðisráðuneytið hefur ekki óskað eftir tillögum um sparnað eða hagræðingu fyrir árið 2010. Hins vegar hefur stofnunin gert tillögu um 44 m.kr. sparnað í ár. Ekki liggja fyrir sparnaðartillögur fyrir árið 2010 en framkvæmdastjórn telur að ef kostnaður verði meira skorin niður þá komi það niður á þjónustunni.

7 Stefnumótun og samskipti

Ósamþykkt drög að árangursstjórnunarsamningi liggja fyrir en gildandi árangurssamningur við ráðuneytið rann út 2007 og með honum fylgdi stefnumiðað árangursmat. Stofnunin gerir ekki langtímarekstraráætlun en fyrir liggja þjónustukannanir og fram fer reglubundið árangursmat. Stofnunin vinnur ársáætlun og rekstraráætlun samhliða því og fylgist mánaðarlega með starfsemistölum. Auk þess setur stofnunin fram stefnumótun til fimm ára í senn. Heilbrigðisráðuneytið kallar eftir rekstraráætlun og árlegum starfsemistölum. Stofnunin er í ágætum samskiptum við ráðuneytið en forstöðumaður telur að þau mætti auka sem og ábyrgð ráðuneytis í árangursamningum. Eftirlit ráðuneytis með rekstri hefur aukist á þessu ári.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

08-761 HEILBRIGÐISSTOFNUN ÞINGEYINGA

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga er deildaskipt heilbrigðisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í þrjú svið: Framkvæmda- og rekstrarsvið, lækninga- og hjúkrunarsvið og heilsugæslusvið. Ársverk á árinu 2008 voru 106,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 909 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar eru komnar 17 m.kr. millifærslur úr ríkissjóði af öðrum fjárlagaliðum. Samtals eru þetta 926 m.kr. Uppsafnaður halli nam um 20 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 906 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	692	702	823	837	949
Afgangur / halli ársins	27	-27	61	-13	20
Hlutfall af fjárheimild ársins	3,9%	-3,9%	7,4%	-1,5%	2,1%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Forstjóri ber ábyrgð á henni en framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar vinnur hana í samráði við aðra yfirmenn. Rekstraráætlunin er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna. Áætlunin er borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð með öðrum stjórnendum stofnunarinnar eftir atvikum. Þróun gengis er sá þáttur sem mestar líkur eru á að valdi frávikum frá rekstraráætlun. Áætlunin er í takt við fjárlög og millifærslur sem þýðir að uppsafnaður 20 m.kr. halli verður óbreyttur í árslok 2009. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru í takt við áætlun. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins. Húsaleiga til Fasteigna ríkissjóðs og gengismál vegna rekstrarsamninga eru dæmi um kostnað sem stjórnendur geta ekki haft áhrif á. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 60 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist verður við því, m.a. með lækun launakostnaðar, og fyrir liggur aðgerðaráætlun um það.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru aðallega vegna komu sjúklinga á heilsugæsluna og til sérfræðinga, vegna rannsókna og aðgerða á skurðstofu. Hluti tekna er viðkvæmur fyrir efnahagsástandinu. Fylgni er með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru í samræmi við rekstraráætlun. Stofnunin hefur ekki með formlegum hætti leitað leiða til að auka sértekjur sínar.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax. Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar stofnunarinnar er jafnframt fjármálastjóri. Aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera og reynt er að fylgja þeirri reglu að tveir skrifi upp á alla stærri reikninga. Til stendur að styrkja fyrirkomulagið með skriflegum verklagsreglum. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi en unnið er að innleiðingu þess. Hætta á sviksemi starfsmanna

og viðskiptamanna hefur ekki verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfseminni. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmörkun kostnaðar og eru rammisamningar Ríkiskaupa nýttir eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækkingu ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda, breytingu á bakvöktum og lækkingu launa. Þá hafa laun stjórnenda verið lækkuð miðað við óbreytt vinnuframlag. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun ekki minnka þjónustu stofnunarinnar að marki. Stofnunin hefur ekki skilgreint forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu sinni með formlegum hætti.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Stjórnendur stofnunarinnar gera sér grein fyrir að einnig verði að skera niður kostnað á næsta ári og álag muni aukast. Verður tekist á við það með meiri hagræðingu og liggur fyrir áætlun vegna þess.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi og hvorki er gerð árs- né langtímaáætlun. Árangursmat innan stofnunarinnar hefur farið óreglulega fram. Ekki liggja fyrir skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um stofnunina. Að mati forráðamanna stofnunarinnar hafa boðleiðir á stofnuninni verið í ágætum farvegi en skipuritið er nú í endurskoðun. Samskipti hennar við ráðuneytið eru ekki mikil en góð. Ráðuneytið fylgist aðallega með því að stofnunin nái rekstrarlegum markmiðum sínum. Að mati stofnunarinnar hefur hún á liðnum árum ekki fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum en það fer batnandi.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

08-781 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN VESTMANNAEYJUM

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum er deildaskipt sjúkrahús sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Hún starfar eins og aðrar slíkar stofnanir eftir lögum nr. 40 frá árinu 2007. Samkvæmt skipuriti skiptist stofnunin í þrjú svið: Sjúkrasvið (hjúkrunarsvið), heilsugæslusvið og þjónustusvið sem er stoðsvið. Ársverk á árinu 2008 voru 78,6. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 677 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 7 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 670 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	470	538	606	623	732
Afgangur / halli ársins	-31	21	44	-1	22
Hlutfall af fjárheimild ársins	-6,6%	3,9%	7,3%	-0,2%	3,0%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fer eftir leiðbeiningum FJS um hvernig vinna skuli að rekstraráætlun. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á henni og vinnur hana í samráði við aðra yfirmenn. Hún er brotin niður á helstu kostnaðar- og tekjuliði sviðanna, borin saman við rauntölur mánaðarlega og frávik skoðuð. Framkvæmdastjórn sem í sitja yfirmenn stofnunarinnar fundar vikulega þar sem m.a. er fjallað um framgang áætlunarinnar. Ekki hefur verið metið hvaða þættir eru líklegastir til að valda því að hún standist ekki. Áætlunin er í takt við fjárlög 2009 og verður uppsafnaður 7 m.kr. halli því óbreyttur. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru 2,3% yfir áætlun og munar þar mestu um launakostnað. Gripið hefur verið til sérstakra ráðstafana til að lækka hann. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 69 m.kr. yfir -áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Verður aðallega brugðist við því með lækkun launa.

3 Tekjur

Samkvæmt fjárlögum hefur stofnunin hvorki markaðar tekjur né aðrar rekstrartekjur. Hins vegar hefur hún sértekjur sem eru aðallega vegna komu sjúklunga á heilsugæsluna og til sérfræðinga og vegna ferliverka. Þessar tekjur eru ekki viðkvæmar fyrir efnahagsástandinu. Almennt má segja að ekki sé fylgni með sértekjum og kostnaði. Sértekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru aðeins lægri en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir m.a. vegna þess að eftir er að bóka ýmsar tekjur sem tilheyra mars. Stofnunin vinnur að því að auka sértekjur sínar.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt reglulega í Orra og eru öll viðskipti skráð strax. Þó eru tekjur stundum ekki bókaðar strax. Framkvæmdastjóri er jafnframt fjármálastjóri. Ekki er fullnægjandi aðgreining á milli starfa bókara og gjaldkera. Kostnaðareftirlit er ekki fullnægjandi en reynt er þó að fylgja þeirri reglu að tveir skrifi upp á alla stærri reikninga. Framkvæmdastjóri ætlar að styrkja fyrirkomulagið með skriflegum verklagsreglum. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki

verið metin með formlegum hætti en yfirmenn eru meðvitaðir um áhættur í starfsemi. Skilgreint verklag um viðbrögð ef grunur vaknar um sviksemi liggur ekki fyrir.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup rekstraraðfanga sem stuðla að lágmörkun kostnaðar og eru rammisamningar Ríkiskaupa nýttir eins og kostur er. Stofnunin hefur sett sér markmið um lækun ferðakostnaðar. Launakostnaður á árinu 2009 verður lækkaður með fækkun stöðugilda og með breyttu starfshlutfalli. Þá verða laun lækna og framkvæmdastjóra lækkuð miðað við óbreytt vinnuframlag. Aukið álag vegna sparnaðaraðgerða mun minnka þjónustu stofnunarinnar. Stofnunin hefur skilgreint forgangsörðun í niðurskurði á þjónustu sinni, m.a. verða skurðstofur lokaðar í sex vikur í sumar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Beðið er eftir tillögum ráðuneytis um sparnað / hagræðingu. Umræða um slíkt er ekki hafin á stofnuninni.

7 Stefnumótun og samskipti

Enginn árangursstjórnunarsamningur er í gildi. Stofnunin gerði langtímaáætlun árunum 2003–2004 sem hefur ekki verið uppfærð. Reglubundið árangursmat fer ekki fram. Ekki liggja fyrir skilgreindar aðgerðir ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um stofnunina. Að mati forráðamanna eru boðleiðir á stofnuninni í ágætum farvegi. Samskipti hennar við ráðuneytið hafa farið batnandi en eru ekki formleg. Ráðuneytið fylgist með því að stofnunin nái markmiðum sínum þegar það fundar með henni. Hún hefur á liðnum árum ekki fengið skjót og góð svör frá ráðuneytinu við erindum sínum.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		x
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði vel innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

08-787 HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

1 Inngangur

Heilbrigðisstofnun Suðurlands heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Hún varð til árið 2004 með sameiningu átta heilsugæslustöðva á Suðurlandi og sjúkrahúsins á Selfossi. Hjá stofnuninni starfa um 450 starfsmenn í um 220 stöðugildum. Þjónustusvæðið nær yfir Suðurlandsundirlendið með um 20.000 íbúa. Starfsemi er skipt niður á þrjú svið: Rekstrarsvið, heilsugæslusvið og sjúkrasvið. Deildarskiptingin er í samræmi við meginhlutverk og er fyrir hendi myndrænt skipurit. Í framkvæmdastjórn sitja fjórir aðilar: Forstjóri og framkvæmdastjórnarsviða. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur ásamt millifærslum sem komnar eru um 2.013 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 75 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 1.938 m.kr.

Í m.kr.	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	1.226	1.522	1.681	1.918
Afgangur / halli ársins	-57	30	51	-52
Hlutfall af fjárheimild ársins	-4,6%	2,0%	3,0%	-2,7%

2 Rekstraráætlun

Forstjóri og skrifstofustjóri vinna rekstraráætlunin í samstarfi við framkvæmdastjóra sviða. Vinna við gerð hennar og eftirfylgni fylgir föstu verklagi en skriflegar verklagsreglur liggja ekki fyrir. Við gerð hennar er notað reiknilíkan FJS og laun áætluð á hvern starfsmann. Í henni eru helstu einstakir kostnaðar- og tekjuliðir sundurliðaðir. Rekstraráætlun er í takt við fjárlög og millifærslur. Uppsafnaður 75 m.kr. halli verður því óbreyttur. Framkvæmdastjórn tekur endanlega ákvörðun um áætlun og er framkvæmd hennar á ábyrgð forstjóra. Hann fundar reglulega með deildarstjórum um framgang mála. Rekstraráætlun er borin mánaðarlega saman við rauntölur og er strax leitað skýringa á frávikum. Rauntölur úr rekstri fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins eru í takt við áætlun. Frávik eru á aðkeyptum vörum og rekstrarleigu bifreiða vegna gengisáhrifa. Þá þarf stofnunin að bera rekstrarkostnað fasteigna sem eru til sölu og ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 40 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga. Brugðist verður við því m.a. með lækun launakostnaðar.

3 Tekjur

Sértekjur eru í samræmi við áætlun 2009 og hafa ekki breyst milli ára. Þær eru að mestu leyti tilkomnar vegna útseldrar lækniþjónustu. Fylgni með sértekjum og kostnaði er ekki mikil þar sem stofnunin verður að manna vaktir þrátt fyrir minnkandi eftirspurn eftir þjónustu. Stofnunin hefur leitað leiða til að auka sértekjur með því að hækka fæðisgjöld starfsmanna í mótuneyti og hækka húsaleigu á íbúðum ríkisins. Að öðru leyti eru sértekjur bundnar reglugerð um gjaldtöku á heilbrigðisþjónustu.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Öll viðskipti eru skráð um leið og til þeirra er stofnað. Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Hún hefur

ekki metið áhættu eða skilgreint verklag um viðbrögð við sviksemi starfsmanna og viðskiptavina.

5 Sparnaður í rekstri

Heilbrigðisráðuneytið fór fram á niðurskurð fyrir árið 2009. Launakostnaður var 75% af rekstrarkostnaði árið 2008, þar af var 14% launakostnaðar vegna yfirvinnu. Í kjölfarið skilgreindi framkvæmdastjórnin forgangsröðun í niðurskurði sem miðar við að standa vörð um lögbundna þjónustu, verja störf og halda þjónustustigi. Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við starfsmenn og óskað eftir hugmyndum um sparnað í rekstri. Sparnaður hefur náðst með niðurskurði á námsleyfum, tímamældri yfirvinnu, akstursgreiðslum, breytingum á vaktaskiptum, uppsögnum og með því að ráða helst ekki í lausar stöður. Yfirmenn sjá fram á aukið álag á starfsmenn og minnkandi þjónustu við viðskiptavini.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Heilbrigðisráðuneytið hefur ekki óskað eftir tillögum um sparnað eða hagræðingu fyrir árið 2010. Hins vegar hefur stofnunin gert tillögu um 120 m.kr. sparnað í ár. Fyrir árið 2010 liggur fyrir sparnaðartillaga upp á 235 m.kr. með því að flytja fæðingarþjónustu og skurðaðgerðir til Reykjavíkur. Forstjóri telur að það leiði ekki til sparnaðar fyrir ríkið heldur verið sé að færa kostnað á milli stofnana sem skili sér í lakari þjónustu við ákveðinn hóp íbúa á Suðurlandi.

7 Stefnumótun og samskipti

Stofnunin hefur ekki árangursstjórnunarsamning eða langtímaáætlun og ekki liggja fyrir þjónustukannanir eða reglubundið árangursmat. Hins vegar vinnur stofnunin árs- og rekstraráætlun samhliða því og fylgist mánaðarlega með starfsemistölum. Heilbrigðisráðuneytið kallar eftir rekstraráætlun og árlegum starfsemistölum. Stofnunin er í góðum samskiptum við ráðuneytið.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		Áætlun ekki verið samþykkt
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Rekstraráætlun hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

09-262 TOLLSTJÓRINN

1 Inngangur

Hinn 1. janúar 2009 var Tollstjóraembættinu í Reykjavík breytt í embætti Tollstjóra. Það heyrir undir fjármálaráðherra og fer með stjórn tollamála á landsvísu. Embættið getur þó falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tiltekna þætti tollframkvæmdar í umdæmum sínum. Starfsemi embættisins er lýst í skipuriti og greinist það í innheimtu- og tollasvið og tvö stoðsvið. Yfirstjórn er skipuð tollstjóra, aðstoðartollstjóra, forstöðumönnum kjarna- og stoðsviða og forstöðumanni þjónustu og gæðamála. Ársverk árið 2008 voru 170 en við stækkun embættisins fór starfsmannafjöldinn í 250. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 og millifærslum sem komnar eru nema gjöld umfram sértekjur 1.851 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 26 m.kr. Það sem eftir stendur eða 1.825 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 90 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 1.915 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	957	1.032	1.206	1.194	1.345
Afgangur / halli ársins	17	42	147	-60	-88
Hlutfall af fjárheimild ársins	1,8%	4,1%	12,2%	-5,0%	-6,5%

Ástæðan fyrir miklum tekjuafgangi árið 2006 og hallarekstri á árunum 2007 og 2008 er sú að á árinu 2006 fékk embættið sérstaka fjárveitingu til að kaupa gegnumlýsingarþjónu sem var keypt á árinu 2007 og greidd á árunum 2007 og 2008.

2 Rekstraráætlun

Stofnunin hefur skráðar verklagsreglur um gerð rekstraráætlunar. Aðallega er horft til launabáttarins, eignakaupa og greiningu á starfseminni auk ferða á vegum embættisins. Forstöðumaður rekstrarsviðs vinnur áætlunina í samvinnu við yfirmenn stofnunarinnar og kynnir helstu þætti hennar fyrir stjórn. Áætlunin er borin saman við rauntölur og fundað er mánaðarlega og eftir þörfum um framgang hennar. Rekstraráætlun er 50 m.kr. hærri en fjárlög og millifærslur sem þýðir að tekjuafgangur verður 40 m.kr. í árslok. Upplýst var að fjárveiting sem embættið fékk á árinu 2009 vegna þeirra verkefna sem fluttust til embættisins vegna breytinga á tollumdæmum eru töluvert lægri en raunkostnaður á árinu 2008 eða sem nemur um 80 m.kr. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru í takt við áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga Gert ráð fyrir auknu álagi hjá embættinu, m.a. vegna aukinna vanskila á opinberum gjöldum, breytinga á tollumdæmum, fækkunar starfsmanna og skerðingar á yfirvinnu. Gert er ráð fyrir allt að 9% niðurskurði kostnaðar árið 2009 miðað við árið 2008.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en byggir starfsemi sína að hluta á sértekjum (að mestu afnotatekjum vegna tollalínu og tekjum af námskeiðshöldum) og öðrum rekstrartekjum (tollafgreiðslugjöldum).

4 Fjármálastjórn

Embætti Tollstjóra færir bókhald stofnunarinnar í Orra og er fullnægjandi aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera. Viðskipti eru ekki skráð strax og til þeirra er stofnað, því bókhaldið er rekið á greiðslugrunni en ekki á rekstrargrunni. Yfirmenn viðkomandi sviða ásamt forstöðumanni rekstrarsviðs samþykkja og skrifa upp á reikninga. Ekki er notast við rafrænt samþykktuferli né heldur hefur hætta á sviksemi starfsmanna verið metin. Eftirlit er þó haft með slíku og er stuðst við skráðar verklagsreglu í því sambandi.

5 Sparnaður í rekstri

Almennt eru rammásamningar Ríkiskaupa nýttir og stuðst við skráðar reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað. Ef vara er ekki til samkvæmt gildandi rammásamningi er leitað lægsta verðs samanber innkaupastefnu ríkisins. Ef innkaup fara yfir tiltekin verðmæti eru þau boðin út með aðstoð ríkiskaupa. Forgangsröðun í niðurskurði á þjónustu hefur verið skilgreind og gert er ráð fyrir lækkun launakostnaðar fyrir árið 2009 með fækkun stöðugilda og breyttu vinnuframlagi ásamt launalækkun til hluta starfsmanna miðað við óbreytt vinnuframlag. Að auki hefur embættið sett sér markmið um að draga verulega úr ferðakostnaði og risnu. Ekki verður boðið upp á nám við Tollskólann eða önnur námskeið fyrir starfsmenn á árinu 2009. Forvarnarstarf í samvinnu með Biskupsstofu verður hætt. Ekki verður boðið upp á einkennisföt fyrir aðra en tollverði.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Fjármálaráðuneytið hefur enn ekki óskað formlega eftir því að embættið leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010. Gert er ráð fyrir niðurskurði kostnaðar og auknu álagi vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnumótun og samskipti

Embættið gerir starfsemisáætlun til eins árs í senn. Auk þess hefur verið gerð tollaeftirlitsáætlun 2009/13. Reglubundið árangursmat fer fram nánast mánaðarlega á tilteknum þáttum starfseminnar. Samskipti við ráðuneytið eru góð. Það fylgist vel með rekstrarmarkmiðum stofnunarinnar og veitir skjót og góð svör.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

11-205 NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

1 Inngangur

Nýsköpunarmiðstöð Íslands var stofnuð 1. ágúst 2007 þegar Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins sameinuðust. Miðstöðin heyrir undir Iðnaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Mikil áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og háskólasamfélagið til að ná sem mestum árangri í rannsóknum og þróun sem bætt geta íslenskt samfélag. Jafnframt er lögð áhersla á öflugt samstarf við fyrirtæki og stofnanir erlendis og veitir stofnunin þjónustu á sviði tæknifyrfærslu og aðstoð við að móta þróunarsamstarf íslenskra og erlendra fyrirtækja og stofnana. Ársverk árið 2008 voru 87,6. Samkvæmt fjárlögum 2009 nema gjöld umfram sértekjur 433 m.kr. sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam 141 m.kr. í árslok 2008. Fé til ráðstöfunar árið 2009 er því 574 m.kr.

Í m.kr.	2007	2008
Fjárheimild ársins	224	458
Afgangur / halli ársins	63	29
Hlutfall af fjárheimild ársins	28,3%	6,3%

2 Rekstraráætlun

Stofnunin fylgir skilgreindum verklagsreglum við gerð rekstraráætlunar. Við gerð hennar er aðallega horft til launapáttarins, annar kostnaður er áætlaður samkvæmt verkefnum sem fjármögnuð eru með sértekjum. Áætlunin er brotin niður á deildir og helstu kostnaðar- og tekjuliði. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri vinna saman að rekstraráætlun fyrir skipulagseiningar stofnunarinnar. Hún er borin saman við rauntölur og fundað er eftir þörfum (mánaðarlega) um framgang hennar með ábyrgðarmönnum rekstrareininga. Áætlunin er 38 m.kr. lægri en fjárlög og verður uppsafnaður tekjuafgangur því 179 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri vegna fyrstu þriggja mánaða 2009 eru um 49% yfir áætlun vegna þess að áætlaðar sértekjur skiluðu sér ekki að fullu fyrr en í apríl og maí. Framreiknaðar tölur ársins 2008 er um 25 m.kr. hærri en áætlun. Gert er ráð fyrir auknu álagi, einkum vegna átaksverkefnisins Starfsorka sem er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Impru.

3 Tekjur

Stofnunin hefur ekki markaðar tekjur en byggir starfsemi sína að verulegu leyti á sértekjum. Þær eru að hluta til vegna þjónusturannsókna og fræðslustarfs og tengjast því einstökum verkefnum. Staða sértekna er ekki í samræmi við áætlun nú. Lögð er áhersla á að afla aukinna sértekna, m.a. með erlendu samstarfi og samvinnu. Sértekjur ganga beint í að greiða kostnað.

4 Fjármálastjórn

SRA færir bókhald stofnunarinnar í Navision og síðan er það flutt í Orra. Það er fært jafnóðum og gögn liggja fyrir og er aðgreining starfa bókara og gjaldkera fullnægjandi. Kostnaðareftirlit er fullnægjandi og að jafnaði árita tveir aðilar reikninga, þ.e. ábyrgðarmenn verkefna og fjármálastjóri. Ekki er notast við

rafrænt samþykktarferli. Hætta á sviksemi hefur ekki verið formlega metin né skilgreint verklag um viðbrögð við henni.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki skriflegar reglur um innkaup rekstraraðfanga til að lágmarka kostnað. Hún reynir hins vegar eins og kostur er að ná fram hagstæðum viðskiptum og eru rammisamningar Ríkiskaupa nýttir eftir föngum. Stofnunin hefur dregið úr ferðakostnaði og risnu, m.a. með nýtingu fjarfundarbúnaðar. Ekki er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar fyrir árið 2009 með fækkun stöðugilda eða breyttu vinnuframlagi. Stofnunin er í miklum vexti og er ráðið í ný störf hjá nýjum frumkvöðlasetrum og starfsstöðvum á landsbyggðinni. Ekki er gert ráð fyrir að þjónusta við viðskiptavinum minnki.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Iðnaðarráðuneytið hefur óskað eftir tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 og hefur henni verið skilað. Gert er ráð fyrir niðurskurði kostnaðar árið 2010 en ekki er gert ráð fyrir niðurskurði á þjónustu og fækkun stöðugilda. Með aukinni meðvitund starfsmanna og góðri stjórnun mannauðsstjóra er tekist á við aukið álag hjá stofnuninni vegna efnahagsástandsins.

7 Stefnumótun og samskipti

Ekki hefur verið gerður árangursstjórnunarsamningur milli ráðuneytis og stofnunar. Stofnunin er rekin í samræmi við verkefni og gerir hún árs- og langtímaáætlun samhliða rekstraráætlun. Reglubundið árangursmat fer fram hjá stofnuninni og starfa einstaka deildir samkvæmt staðlinum ISO 9001. Aðgerðir eru skilgreindar ef árangur er ekki í samræmi við áætlanir um starfsemina. Boðleiðir hafa verið bættar með opnum fundum og nýtingu fjarbúnaðarkerfisins. Samskipti við ráðuneytið eru góð, það fylgist vel með því hvort stofnunin nái markmiðum sínum og veitir skjót og góð svör við erindum hennar.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

14-241 SKÓGRÆKT RÍKISINS

1 Inngangur

Skógrækt ríkisins heyrir undir umhverfisráðuneytið. Henni er ætlað að vera þekkingar-, þróunar- og þjónustuaðili við rannsóknir, þróun, ráðgjöf og þekkingarmiðlun á sviði skógræktar. Þá er stofnunin í forsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði skógræktar. Skógræktin á yfir 60 jarðir á Íslandi. Skógrækt ríkisins skiptist í þrjú svið: Fjármála-, rannsóknar- og þróunarsvið með starfsemi á 11 stöðum á landinu. Yfirstjórn er skipuð skógræktarstjóra og þremur sviðsstjórum. Skógræktarstjóri veitir aðalskrifstofu forstöðu og sér um daglegan rekstur sameiginlegra mála. Hjá stofnuninni starfa 47 starfsmenn í um 50 stöðugildum. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 272 m.kr. Til frádráttar koma innheimtar ríkistekjur sem eru áætlaðar 5 m.kr. Það sem eftir stendur eða 267 m.kr. verður fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður tekjuafgangur nam um 24 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því 291 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	245	233	235	257	308
Afgangur / halli ársins	19	-12	-15	-9	28
Hlutfall af fjárheimild	7,8%	-5,2%	-6,4%	-3,5%	9,1%

2 Rekstraráætlun

Fjármálastjóri vinnur rekstraráætlun í samstarfi við verkefnastjóra sem eru 14 og bera ábyrgð á um 40 rannsóknar- og skógræktarverkefnum. Vinnan við gerð og eftirfylgni áætlunarinnar fylgir föstu verklagi og liggja fyrir skriflegar reglur. Í henni eru helstu kostnaðar- og tekjuliðir sundurliðaðir á hvert verkefni. Skógræktarstjóri tekur endanlega ákvörðum um hana en eftirlit með framkvæmd hennar er á ábyrgð fjármálastjóra. Hann ber saman rauntölur við rekstraráætlun og sendir verkefnastjórum stöðuskýrslur mánaðarlega. Veruleg frávik koma sjaldan fyrir en þá er brugðist strax við þeim. Áætlun er 10 m.kr. hærrí en fjárlög sem þýðir að uppsafnaður tekjuafgangur verður 14 m.kr. í árslok 2009. Rauntölur úr rekstri fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins eru undir áætlun. Helstu skýringar á frávikum er aukin sala á viðarvörum. Á móti kemur hefur annars vegar bensín og olía og hins vegar rekstrarleiga bifreiða og tækja hækkað mikið vegna gengisáhrifa. Kostnaður vegna rekstrarleigu er áætlaður 5% af rekstrarkostnaði. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 10 m.kr. yfir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Sértekjur námu um þriðjungi allra tekna stofnunarinnar 2008 og tengjast sölu á jólatrám, viðarvörum, veiðileyfum og tjaldleigu. Fylgni með sértekjum og kostnaði er mikil. Skógræktarstjóri ráðgerir að sértekjur verði meiri en áætlun 2009 gerði ráð fyrir.

4 Fjármálastjórn

Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Agressó og eru öll viðskipti skráð um leið og til þeirra er stofnað. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi fyrir reikninga. Auk fjármálastjóra samþykkja sviðstjórar reikninga. Aðgreining er á milli starfa

bókara og gjaldkera. Stofnunin hefur ekki metið áhættu eða skilgreint verklag um viðbrögð við sviksemi starfsmanna og viðskiptavina.

5 Sparnaður í rekstri

Umhverfisráðuneytið fór fram á 10% niðurskurð fyrir árið 2009. Tillögur liggja fyrir hjá ráðuneytinu um að auka framleiðslugetu við viðarvinnslu á þessu ári. Til þess þarf að fjárfesta í tækjum og ráða fleira starfsfólk. Dregið hefur verið úr ferða- og yfirvinnukostnaði starfsmanna. Launakostnaður var 60% af rekstrarkostnaði árið 2008, þar af var 16% launakostnaðar vegna yfirvinnu. Skógræktarstjóri sér fram á aukið álag á starfsmenn og bættu þjónustu við viðskiptavini.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir tillögum um 10% sparnað eða hagræðingu fyrir árið 2010. Eins og fyrr segir er núverandi rekstraráætlun í endurskoðun.

7 Stefnumótun og samskipti

Árangursstjórnunarsamningurinn hefur ekki verið undirritaður en hann liggur fyrir í umhverfisráðuneytinu. Skógræktin gerir ekki reglubundið árangursmat. Hins vegar vinnur stofnunin verkefnaáætlun fyrir hvert svið og rekstraráætlun fyrir hvert verkefni. Langtímaáætlun er í formi þingsályktunar frá 2004 en henni hefur ekki verið fylgt. Skógræktin hefur góð samskipti við umhverfisráðuneytið.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig	x	

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.

14-401 NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

1 Inngangur

Náttúrufræðistofnun Íslands heyrir undir umhverfissráðuneytið. Henni er m.a. ætlað að stunda undirstöðurannsóknir í dýra-, grasa- og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru þess og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúruna. Náttúrufræðistofnun er deildaskipt í samræmi við meginhlutverk hennar og er til myndrænt skipurit af henni. Yfirstjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda og skrifstofu. Ársverk árið 2008 voru 41,9. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 nema gjöld umfram sértekjur 351 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Uppsafnaður halli nam um 21 m.kr. í árslok 2008. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru því áætlaðar 330 m.kr.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárheimild ársins	210	236	272	275	321
Afgangur / halli ársins	1	8	7	1	0
Hlutfall af fjárheimild ársins	0,5%	3,4%	2,6%	0,4%	0,1%

2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun stofnunarinnar er unnin í samræmi við verklag sem fylgt hefur verið um árábil og gefist vel að mati forstjóra. Fjármálastjóri hefur ásamt forstjóra umsjón með gerð hennar en einstakar deildir gera tillögur að kostnaðar- og tekjuliðum. Kostnaður er greindur niður á einstakar deildir og verkefni og rekstraráætlun er borin saman við rauntölur á tveggja mánaða fresti að lágmarki. Fundað er með millistjórnendum 2–3 sinnum á fyrri hluta árs en mánaðarlega síðari hluta árs. Rekstraráætlun er 8 m.kr. lægri en fjárlög sem þýðir að 13 m.kr. uppsafnaður halli verður í árslok 2009. Meginforsenda rekstraráætlunar fyrir árið 2008 var áform ráðherra / ráðuneytis að fá uppsafnaðan halla greiddan upp á fjáráukalögum ársins 2008 sem gekk ekki eftir. Áform ráðherra um svokallaða halaklippingu byggðust á skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrar- og fjárhagsvanda stofnunarinnar frá nóvember 2004. Nú gerir stofnunin ráð fyrir að vinna á þessum halla á tveimur árum án aðstoðar. Ráðuneytið hefur ekki samþykkt rekstraráætlunina formlega en að sögn forstjóra fékkst munnlegt samþykki ráðherra fyrir henni 6. apríl og aftur 29. apríl 2009. Ráðuneytið hafði áður kynnt þá skoðun sína að stofnunin verði að vinna bug á öllum neikvæðum höfuðstól sínum á þessu ári. Forstjóri telur að ekki sé unnt að skera svo mikið niður nema með uppsögnum og að sú leið sé ekki æskileg en líklega nauðsynleg. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði eru undir áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 8 m.kr. undir áætlun 2009 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

3 Tekjur

Stofnunin hefur umtalsverðar sértekjur. Þær tengjast mjög virkjanaframkvæmdum og ráðgjafaverkefnum fyrir stjórnvöld og eru því afar sveiflukenndar og dragast mikið saman þegar samdráttur verður í efnahagslífinu. Bókfærðar sértekjur eru nú í samræmi við rekstraráætlun að sögn forstjóra.

4 Fjármálastjórn

FJS færir bókhald stofnunarinnar reglulega og viðskipti eru skráð jafnóðum og til þeirra er stofnað. Fjármálastjóri stofnunarinnar er í fullu starfi Kostnaðareftirlit er talið fullnægjandi. Stofnunin notar ekki rafrænt samþykktarkerfi og hætta á sviksemi hefur ekki verið metin.

5 Sparnaður í rekstri

Stofnunin hefur ekki sett sér sérstakar reglur um innkaup rekstraraðfanga en styðst við rammisamning Ríkiskaupa. Forstjóri telur að ef grípa þurfi til frekari sparnaðarráðstafana mun það leiða til samdráttar í rekstrinum sem muni koma niður á þjónustu og auka álag á starfsfólk. Vert er að taka fram að þrátt fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar frá árinu 2004 vegna dýrrar húisleigu á Akureyri er stofnunin ennþá bundin þar af óhagkvæmum leigusamningi. Annar liður sem stofnunin telur þungan en hefur ekki getað haft áhrif á eru verkkaup tengd byggðaaðstoð við Vestfirði. Þessir tveir kostnaðarliðir nema um 25% af heildarútgjöldum stofnunarinnar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur óskað eftir því að stofnunin leggi fram tillögu um sparnað / hagræðingu fyrir árið 2010 og gerir stofnunin ráð fyrir niðurskurði kostnaðar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að álag á starfsfólk aukist, en ekki er enn búið að taka ákvörðun um fækkun stöðugilda. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir tillögu um fjárhagslega styrkingu vegna tiltekinnar verkefna stofnunarinnar fyrir árið 2010 og hefur stofnunin brugðist við henni með vísun til stefnumörkunar stjórnvalda um framkvæmd Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni.

7 Stefnumótun og samskipti

EKKI er lengur í gildi árangursstjórnunarsamningur milli stofnunarinnar og ráðuneytisins og ekki fer fram reglubundið árangursmat innan stofnunarinnar. Stofnunin gerir árs- og langtímaáætlun samhliða rekstraráætlun.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun		Áætlun ekki verið samþykkt
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Rekstraráætlun hafði ekki verið samþykkt af ráðuneytinu 1. maí sl. Í henni er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði innan viðmiðunarmarka. Þó er mikilvægt að hann verði greiddur upp sem fyrst.

14-412 VEÐURSTOFA ÍSLANDS

1 Inngangur

Veðurstofa Íslands heyrir undir umhverfissráðuneytið og starfar skv. lögum nr. 70/2008. Í ársbyrjun 2009 voru verkefni Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar sameinuð undir nafni Veðurstofunnar. Stofnunin vinnur einkum að rannsóknum á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, við að auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins og láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna. Veðurstofunni er skipt í 4 svið og 3 verkefnahópa í samræmi við meginhlutverk hennar, eins og fram kemur á myndrænu skipuriti hennar. Fastir starfsmenn eru 246 í samtals 138 stöðugildum. Samkvæmt fjárlögum 2009 nema gjöld umfram sértekur 668 m.kr. sem fjármögnuð verða með framlagi úr ríkissjóði. Eigið fé stofnunarinnar er 142 m.kr. og af því hefur hún heimild til að nýta 83 m.kr. 2009. Fjárheimild stofnunarinnar 2009 er því 751 m.kr.

2 Rekstraráætlun

Áætlanagerð fer fram undir stjórn forstjóra með þátttöku millistjórnenda sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd hennar á sínum sviðum, en ekki liggja fyrir sérstakar verklagsreglur um hvernig unnið skuli að gerð hennar. Uppgjör rauntalna miðað við áætlun fer fram mánaðarlega. Vikulegir fundir eru með millistjórnendum og er þar m.a. rætt um framgang áætlunarinnar. Fari kostnaðarliður fram úr áætlun skal bregðast við með samdrætti á öðrum liðum svo að heildaráætlun standist. Ef forsendur breytast verulega er áætlun endurskoðuð. Haft er samráð við ráðuneytið þegar breytingar kalla á auknar fjárveitingar. Rekstraráætlun fyrir 2009 er í samræmi við fjárheimildir. Vegna mikilla breytinga á rekstri stofnunarinnar við sameiningu Vatnamælinga og Veðurstofu Íslands og óvissu um hvernig kostnaður fellur innan ársins var áætlun skipt jafnt á 12 mánuði ársins. Rauntölur úr rekstri fyrstu þrjá mánuði eru um 32,3% yfir áætlun vegna þess að hvorki kostnaður né tekjur falla jafnt yfir árið. Þetta skýrist annars vegar af því að sértekjur hafa ekki verið tekjufærðar og hins vegar af því að gjöld eru undir áætlun. Framreiknaðar rekstrartölur 2008 eru um 50 m.kr. hærri en áætlun 2009 og við því á að bregðast með niðurskurði og forgangsroðun verkefna. Áhættuþættir í rekstrinum eru hins vegar margir, m.a. er óvissa um það hvernig fyrirhugaðar aðgerðir til að lækka launakostnað ganga eftir. Fylgjast þarf vel með húsnæðis-, mótuneytis- og bifreiðakostnaði. Öll innkaup erlendis frá eru háð gengissveiflum sem ekki er gert ráð fyrir í áætlun. Kostnaður vegna sameiningar stofnananna gæti orðið meiri en ráð var fyrir gert auk viðbótarkostnaðar vegna reksturs starfseminnar á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var tekið tillit til þessa kostnaðar á fjárlögum.

3 Tekjur

Stofnunin hefur sértekjur af sölu ýmiss konar upplýsinga og þjónustu vegna þeirra. Þær geta brugðist þar sem samningar við aðra geta lækkað meira en áætlanir gera ráð fyrir. Komi sú staða upp þarf að skera niður samsvarandi kostnaðarliði. Leitað hefur verið allra leiða, m.a. eftir ýmiss konar styrkjum og samstarfsverkefnum sem stofnunin hefur áður haft nokkrar tekjur af en nú er erfiðara að fá.

4 Fjármálastjórn

Veðurstofa Íslands hefur sérstakan fjármálastjóra í fullu starfi. Stofnunin færir sjálf bókhald sitt í Orra. Fullnægjandi aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Unnið er að upptöku rafræns samþykktarferlis fyrir reikninga. Hætta á sviksemi starfsmanna og viðskiptamanna hefur ekki verið metin og skilgreint verklag um viðbrögð vakni grunur um sviksemi hefur ekki verið skilgreint.

5 Sparnaður í rekstri

Stefnt er að því að ráða ekki í störf sem losna, en óvíst er hversu miklum sparnaði má ná með þessu. Föst laun starfsmanna verða óbreytt en stefnt er að því að draga úr yfirvinnu og bakvöktum. Unnið er að flokkun og forgangsroðun verkefna ef til niðurskurðar þarf að koma. Ákveðin áhætta er fölgin í niðurskurði bakvakta því það þýðir minni þjónustu. Viðskiptavinir stofnunarinnar yrðu varir við það ef eitthvað kæmi upp á í þeim umhverfispáttum sem stofnunin vaktar.

6 Ráðstafanir vegna ársins 2010

Ráðuneytið hefur óskað eftir hagræðingartillögum frá stofnuninni fyrir 2010 og hafa starfsmenn hafið þá vinnu. Gert er ráð fyrir niðurskurði á kostnaði, m.a. með fækkun stöðugilda og minni þjónustu.

7 Stefnumótun og samskipti

Gildur árangursstjórnunarsamningur milli stofnunar og ráðuneytis er frá 2005. Stofnunin gerir árs- og langtímaáætlanir. Nú er unnið að verkefnaáætlun fyrir árið. Reglubundið árangursmat fer fram og eru samningar tengdir því að árangur náist. Að öðrum kosti koma ekki greiðslur. Veðurstofan er með vottað gæðakerfi fyrir veðurþjónustuna og stefnt er að því að koma á gæðakerfi fyrir aðra þætti þjónustunnar.

8 Ályktanir

	Í samræmi við fjárheimildir	Ekki í samræmi við fjárheimildir
Rekstraráætlun	x	
	Óbreytt þjónusta	Lakari / minni þjónusta
Áhrif samdráttar á þjónustustig		x

Fjármálastjórn hefur burði til að hafa eftirlit með fjármálum og rekstri. Yfirstjórnin hefur skilning á þeim erfiðleikum sem framundan eru. Gert er ráð fyrir ónýttri fjárheimild í árslok.